

Þessi útgáfa af skilmálum og skilyrðum gildir frá 5 ágúst 2026, að undanskilinni töflu yfir gjaldfrjáls viðskipti í gjaldskránni, sem tekur gildi 6. október 2026. Ef þú vilt sjá fyrri útgáfu, smelltu [hér](#).

Ef upp kemur ósamræmi eða árekstur milli þýðingar á þessum skilmálum og upprunalegu útgáfunnar á ensku skal upprunalega útgáfan gilda. Þýðingin er aðeins til hliðsjónar. Með því að samþykkja þennan samning og þjónustu Revolut Securities Europe UAB staðfestir þú að þú skiljir ensku og samþykkir að hafa samband við okkur á ensku að því er varðar lagaleg álitamál sem kunna að koma upp samkvæmt þessum samningi.

1. Almennar upplýsingar

Revolut Securities Europe UAB er skráð í Litáen með skráningarnúmerið 305799582 og er með starfsleyfi og undir eftirliti Seðlabanka Litáens („**BoL**“) sem verðbréfafyrirtæki. Skráð aðsetur Revolut Securities Europe UAB er að Quadrum South, Konstitucijos pr. 21B, LT-08130, Vilnius. Revolut (Sviss) AG er fulltrúi þess í Sviss. Fyrir frekari upplýsingar um heimild Revolut Securities Europe UAB, vinsamlegast heimsækið [vefsíðu](#) BoL.

Þessir skilmálar eru hluti af samningnum á milli Revolut Securities Europe UAB („**Revolut Securities**“, „**við**“, „**okkur**“ eða „**okkar**“) og viðskiptavina þess (þ.m.t. „þú“ eða „þið“) og stýra sambandi Revolut Securities við þig með tilliti til fjárfestingarkerfis Revolut-forritsins, ef þú ert **einstaklingur**, eða Revolut Business-forritsins, ef þú ert **lögaðili**. Í báðum tilvikum vísum við til þessa kerfis sem „**fjárfestingarkerfis**“.

Í þessum skilmálum skulu tilvísanir í Revolut-forritið einnig vera í Revolut Business-forritið, að því er varðar notkun **lögaðila** á því og vöruna sem lýst er í áætlun um sveigjanlega peningamarkaðssjóði.

Helsta þjónusta sem Seðlabanki Litáen hefur heimilað okkur að veita samkvæmt skilmálum þessum felur m.a. í sér móttöku og sendingu fyrirmæla um einn eða fleiri fjármálagerninga, framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina, framkvæmd fyrirmæla með því að eiga viðskipti gegnum eigin reikning, stýringu eignasafns og vörslu fjármálagerninga. Við köllum þessa þjónustu sameiginlega „**fjárfestingarþjónustu**“, nema samhengið krefjist annars.

Við kunnum að veita þér eina eða fleiri tegundir fjárfestingarþjónustu að því er varðar fjármálagerninga, þ.m.t. heil hlutabréf eða brot hlutabréfum í skráðum félögum, ríkis-

og fyrirtækjaskuldabréf og einingar peningamarkaðssjóða (sem hver um sig kallast „**MMF**“) og kauphallarsjóðum (sem hver um sig kallast „**ETF**“), sem við kunnum að bjóða þér í gegnum fjárfestingarkerfið. Saman vísum við til þessara fjármálagerna sem „**gerninga**“, nema samhengið krefjist annars.

Alltaf er hægt að biðja um afrit af þessum skilmálum í Revolut-forritinu. Tenging við internetið er nauðsynleg til að nota alla eiginleika Revolut-forritsins.

Það fer eftir lögsögu og því hvort þú ert **einstaklingur** eða **lögaðili** hvort tiltekna afurðir sem við bjóðum upp á standi þér til boða eður ei.

Ef þú óskar eftir frekari upplýsingum gæti verið gagnlegt fyrir þig að lesa [svör okkar við algengum spurningum](#) sem ekki eru hluti af samningi okkar við þig.

2. Samningur viðskiptavinar

Viðskiptavinasamningur við Revolut Securities samanstendur af ólíkum hlutum sem má nálgast í gegnum fjárfestingarkerfið, vefsvæðið eða með því að senda beiðni í skilaboðum í Revolut-forritinu og felur í sér:

- Skilmála Revolut Securities Europe UAB, þar á meðal gjaldskráin í lok þeirra (vísað til sem „**skilmála**“ í þessu skjali;
- frekari skilmála sem gilda um tiltekna vöru- eða þjónustu sem þú færð hjá Revolut Securities og aukinheldur samþykki þitt fyrir slíkum skilmálum og að koma á viðskiptasambandi við okkur.

Hlutar viðskiptamannasamnings þíns við okkur nefnast einu nafni „**samningurinn**“. Samningurinn er undirstaða hins samningsbundna fyrirkomulags á milli okkar og þín hvað fjárfestingarkerfið og fjárfestingarþjónustuna varðar. Samningurinn tekur gildi og gildir fyrir þig frá þeim degi sem þú stofnar fjárfestingarreikning þinn. Við bjóðum upp á þennan samning á nokkrum tungumálum en athugaðu að enska útgáfan skal gilda og þýðingarnar eru aðeins veittar til hægðarauka. Við munum framvegis hafa samband við þig á ensku eða á því öðru tungumáli sem þú velur í Revolut-appinu. Fyrir **lögaðila** munum við hugsanlega, að eigin ákvörðun og þegar samið er um slíkt við viðskiptavininn, einnig eiga munnleg samskipti á öðrum tungumálum en ensku, en okkur ber ekki skylda til að gera það.

Ef þú ert með **búsetu í Sviss** gætu frekari upplýsingar um áhættu í tengslum við fjárfestingarþjónustu verið að finna í svissneska bankabæklingnum „[Áhætta sem tengist viðskiptum með fjármálagerna](#)“.

Ef þú ert **lögaðili** gildir samningurinn um þig sérstaklega og eingöngu að því er varðar afurðina sem lýst er í hlutanum um sveigjanlega peningamarkaðssjóði, að því tilskildu að þú hafir:

- samþykkt viðskiptaskilmála Revolut Bank UAB („**viðskiptaskilmála**“) og sért með eina af gjaldskyldum áskriftum sem boðið er upp á (þú getur séð þá [hér](#)); og
- opnað „**Revolut-viðskiptareikning**“ eins og hann er skilgreindur í [viðskiptaskilmálunum](#).

Með því að samþykkja og staðfesta þessa skilmála staðfestir þú að þú hafir nægjanlega þekkingu á ensku til að geta notað fjárfestingarkerfið, skilið þessa skilmála og öll önnur skjöl sem mynda samninginn að fullu, sem og allar aðrar upplýsingar og efni sem við sendum til þín eða gerum aðgengilegt í Revolut-forritinu.

Þú ættir að lesa öll skjölin sem mynda samninginn vandlega áður en þú opnar fjárfestingarreikning, sendir fyrirmæli og stofnar til viðskipta í gegnum fjárfestingarkerfið þar sem þau innihalda mikilvægar upplýsingar sem við reiðum okkur á þegar við veitum þér fjárfestingarkerfið og fjárfestingarþjónustuna. Sérstök athygli er vakin á köflum skilmálanna sem kveða á um réttindi okkar við tiltekna aðstæður og kringumstæður, þar á meðal, en ekki takmarkað við:

- 23. kafli (synjun fyrirmæla);
- kafli 29 (Rangfærslur og aðrar villur);
- 30. kafli (röskun á markaði og óvenjulegir atburðir);
- 31. kafli (brotatilvik), og
- 36. kafli (markaðsmisnotkun og þvingandi viðskiptaaðferðir).

Þú samþykkir skilmála samningsins og við munum einnig álykta að aðgangur þinn að fjárfestingarkerfinu og fjárfestingarþjónustunni og notkun þeirra sé samþykki á skilmálum samningsins. Þú samþykkir að fá skilmála samningsins senda rafrænt í formi tengla á vefsvæði.

Samningurinn gildir fyrir alla nýja viðskiptavini Revolut Securities frá þeim degi sem samningurinn tekur gildi. Fyrir viðskiptavini sem áttu fjárfestingarreikning hjá Revolut Securities fyrir dagsetningu sem samningurinn tekur gildi kemur samningurinn í stað allra fyrri samninga sem gerðir hafa verið milli viðskiptavinarins og Revolut Securities.

Við höfum rétt á að treysta því að allar upplýsingar sem þú veitir við opnun fjárfestingarreikningsins séu á öllum stundum réttar og uppfærðar nema þú sendir okkur skriflega tilkynningu um annað. Þú verður að tilkynna okkur eins fljótt og auðið er skriflega um allar breytingar á uppgefnum upplýsingum.

Við kunnum að bjóða þér nýjar afurðir eða þjónustu ef slíkt er heimilt samkvæmt lögum. Í tilvikum þegar sérstakir skilmálar gilda um slíkar viðbótarafurðir eða -þjónustu koma þessir skilmálar til viðbótar við skilmála sem gilda sérstaklega um slíka vöru og þjónustu, eins og við á. Bæði þessir skilmálar og aðrir sértækir skilmálar Revolut Securities sem þú samþykkir kunna að vera uppfærðir eða þeim breytt af og til.

Ef ósamræmi er á milli þessara skilmála og sértækra skilmála Revolut Securities sem þú samþykkir gilda sértæku skilmálarnir.

Ef þú ert **einstaklingur** gildir samningurinn ekki um greiðslu- eða viðskiptareikninga eða aðra þjónustu tengda slíkum reikningum sem veitt er af öðrum Revolut-fyrirtækjum.

Ef þú ert **lögaðili** gildir samningurinn ekki um Revolut-viðskiptareikning þinn. Aðskildir skilmálar (t.d. [skilmálar fyrir einstaklinga](#)) ef þú ert **einstaklingur** eða skilmálar fyrir **fyrirtæki** ef þú ert fyrirtæki og viðeigandi gjöld þeirra og öll önnur fylgiskjöl fyrir viðeigandi Revolut-fyrirtæki sem veitir þér slíka reikninga mynda lagalegan samning á milli eftirfarandi aðila:

- þín; og
- Revolut-fyrirtækið sem veitir þér Revolut-reikninga, Revolut Bank UAB eða Revolut Bank UAB í gegnum útibú, eftir því hvar þú býrð (við köllum þetta fyrirtæki „**tilboðsaðila Revolut-reiknings**“).

Þegar vísað er í „**nefndan reikning**“ þinn í þessum skilmálum er átt við Revolut-reikninginn hjá tilboðsaðila Revolut-reiknings sem þú hefur kosið að nota til að greiða inn á fjárfestingarreikninginn þinn eða taka við greiðslu af fjárfestingarreikningnum þínum. Þegar vísað er í „**Revolut-viðskiptareikning**“ er átt við Revolut-notandareikning ef þú ert **einstaklingur**, eða Revolut-viðskiptareikning ef þú ert **lögaðili**, hjá tilboðsaðila Revolut-reiknings í hverju tilviki fyrir sig.

Þessir skilmálar skulu gilda í tilvikum þegar ósamræmi verður á milli þessara skilmála og skilmála einstaklinga eða fyrirtækja hjá tilboðsaðila Revolut-reikningsins.

Ef þú hefur einhverjar spurningar um efni samningsins skaltu leita ráðgjafar hjá óháðum aðila.

Upplýsingar um fyrirtækið okkar og þjónustuna sem við veitum ásamt upplýsingum um reglur okkar og hvernig við verndum fjármálagerninga er að finna [hér](#).

3. Stutt kynning á verðbréfavíðskiptum

Revolut Securities veitir þér fjárfestingarþjónustu í gegnum Revolut Retail-forritið, Revolut Business-forritið, vefsíðu Revolut á www.revolut.com og vefsíðuna "**Terminal**" (vefviðmót fyrir víðskipti með fjármálagerninga og aðrar fjárfestingarþjónustur sem við bjóðum). Við munum sameiginlega vísa til þessara vettvanga sem "**Revolut-forritsins**" í þessum skilmálum og skilyrðum og í öllu samningnum, nema samhengi krefjist annars.

Til þess að stunda víðskipti með gerninga í Revolut-forritinu verður þú fyrst að stofna Revolut-víðskiptareikning hjá tilboðsaðila Revolut-reikninga. Því næst getur þú opnað og fjármagnað fjárfestingarreikning og skoðað innstæður reiðufjár og gerninga hjá okkur. Þetta köllum við „fjárfestingarreikning“. Uppgefinn aðgangur þinn er aðgangurinn sem er notaður til að greiða af og taka við greiðslum af fjárfestingarreikningi þínum. Þegar þú notar fjárfestingarþjónustuna sjáum við til þess að viðkomandi tilboðsaðili Revolut-reiknings greiði inn á hana eða taki út af henni.

Um leið og við tökum við fjármunum frá þér leggjum við þá strax inn á víðskiptavinareikning, eins og lýst er nánar í 14. kafla (fjármunir víðskiptavinar). Slíkir fjármunir verða þér aðgengilegir til að greiða fyrir fyrirmæli þín um gerninga.

Þú getur sent inn leiðbeiningar um kaup og sölu á ýmsum gerningum í gegnum fjárfestingarkerfið. Þegar þú sendir inn leiðbeiningar í gegnum fjárfestingarkerfið til að kaupa eða selja gerning köllum við þessar leiðbeiningar „**fyrirmæli**“.

Sum fyrirmæli sem þú sendir í gegnum fjárfestingarkerfið kunna að vera háðar lágmarksupphæð fyrirmæla eftir tegund undirliggjandi gernings. Þegar þú sendir fyrirmæli um gerning sem er heilt eða brot hlutabréfs eða einingar kann lágmarksupphæð að vera innheimt fyrir fyrirmælin, eins og tilgreint er í fjárfestingarkerfinu. Við köllum þetta „**lágmarksupphæð fyrirmæla**“. Þar sem lágmarksupphæð fyrirmæla er háð nokkrum þáttum kunnum við að breyta lágmarksupphæð fyrirmæla á eðlilegan hátt án þess að láta þig vita af slíku fyrirfram.

Þú verður að hafa næga fjármuni á fjárfestingarreikningnum þínum til að greiða fyrir fyrirmælin sem þú sendir í gegnum fjárfestingarkerfið. Við köllum þá

„**ráðstöfunarupphæð**“. Með hliðsjón af fjármálagerningnum kunna fyrirmæli þín að vera framkvæmd (i) af okkur sem umbjóðanda eða (ii) af viðurkenndum utanaðkomandi þjónustuaðila sem við sendum fyrirmæli þín til og sem hefur verið falin sú ábyrgð að framkvæma þau. Við köllum þennan aðila „**utanaðkomandimiðlara**“. Þegar utanaðkomandi miðlari framkvæmir fyrirmæli þín köllum við það „**viðskipti**“. Á fjárfestingarreikningnum getur þú fylgst með öllum núverandi stöðum þínum í gerningum eftir viðskipti í fjárfestingarkerfinu. Slíkt köllum við „**opnar stöður**“.

4. Upplýsingar um fjárfestingarreikning

Þú getur skoðað öll viðskipti á fjárfestingarreikningnum þínum í gegnum Revolut-forritið. Þú hefur aðgang að upplýsingum um fjárfestingarreikninginn þinn, þar á meðal að hlaða þeim niður, í gegnum Revolut-forritið á meðan þú ert viðskiptavinur. Ef þú þarft að geyma afrit af upplýsingunum eftir að fjárfestingarreikningi þínum hefur verið lokað getur þú sótt þær á meðan fjárfestingarreikningurinn er enn virkur. Ef þú lokar fjárfestingarreikningnum þínum og vilt fá þessar upplýsingar getur þú sent okkur tölvupóst á feedback@revolut.com.

Við sendum þér tilkynningu í gegnum Revolut-forritið í hvert sinn sem þú sendir fyrirmæli um að kaupa eða selja gerning í gegnum fjárfestingarkerfið. Þú getur slökkt á þessum tilkynningum í Revolut-forritinu en ef þú gerir það ættir þú að athuga reglulega viðskipti þín í Revolut-forritinu. Það er mikilvægt að þú vitir hvaða viðskipti fara fram á fjárfestingarreikningnum þínum og því mælum við ekki með því að þú slökkvir á þessum tilkynningum.

Til að opna fjárfestingarreikning þarftu einnig að vera með Revolut-viðskiptareikning. Þú getur opnað fjárfestingarreikninga í mismunandi gjaldmiðlum sem við bjóðum upp á í fjárfestingarkerfinu. Féð sem lagt er inn á fjárfestingarreikninginn þinn verður notað til að greiða fyrir fyrirmæli sem þú sendir í gegnum fjárfestingarkerfið og fyrir þóknanir og önnur gjöld sem þú greiðir samkvæmt þessum samningi. Ef þú eða tilboðsaðili Revolut-reikningsins þíns lokar Revolut-reikningnum þínum af einhverri ástæðu er fjárfestingarreikningnum þínum einnig lokað og þú munt ekki geta notað fjárfestingarþjónustu okkar í neinum öðrum tilgangi. Í slíkum tilvikum kunnum við að biðja þig um að loka öllum opnum stöðum þínum í fjárfestingarkerfinu.

5. Samskipti við viðskiptavini

Ef þú þarft að tala við okkur, eða ef við þurfum að tala við þig, í tengslum við mál sem upp koma vegna, eða í tengslum við, samninginn, gerum við það í gegnum

skilaboðakerfið í Revolut-forritinu. Við kunnum einnig að hafa samband við þig með textaskilaboðum eða tölvupósti til að senda þér skjöl eða aðrar upplýsingar svo að þú ættir að skoða textaskilaboðin þín og tölvupóstreikninginn reglulega.

Það er mikilvægt að hafa í huga að þetta eru samskiptaleiðirnar þar sem við veitum þér upplýsingar um fjárfestingarreikning þinn, þar á meðal til að segja þér frá svikum eða grun um svik í tengslum við fjárfestingarreikninginn þinn. Þannig látum við þig einnig vita ef öryggi fjárfestingarreikningsins þíns er í hættu. Gakktu úr skugga um að þú skoðir Revolut-forritið reglulega til að fá þessar upplýsingar.

Öll skilaboð sem við sendum eru einungis ætluð þér. Þú berð þar af leiðandi ábyrgð á því að varðveita og halda trúnað um allar upplýsingar sem þú færð frá okkur.

Öll samskipti sem við sendum til þín teljast hafa verið send á skilvirkan hátt ef þau eru send í gegnum:

- skilaboðaeiginleika í Revolut-forritinu, um leið og við höfum sent þau; eða
- með tölvupósti um leið og við höfum sent þau á netfangið sem þú gafst okkur síðast upp.

Þú berð ábyrgð á því að tryggja að þú lesir öll samskipti að fullu sem við sendum þér af og til í gegnum hvaða samskiptaleið sem er.

Ef þú gerist áskrifandi að Ultra-áskriftinni sem tilboðsaðili Revolut-reikningsins þíns býður upp á geturðu hringt í okkur úr forritinu til að fá aðstoð í gegnum síma. Símaaðstoð er eingöngu í boði í Revolut-forritinu og er háð skilmálum greiddu áskriftarinnar og persónuverndaryfirlýsingu okkar til viðskiptavina. Við munum hvorki hringja í þig né taka á móti símtölum frá þér utan Revolut-forritsins.

Auk annarra atriða sem tilgreind eru í skilmálum greiddu áskriftarinnar mun standa þér til boða að fá aðstoð í gegnum síma vegna tiltekinna mála í tengslum við þennan samning og fjárfestingarþjónustuna eða fjármálavörurnar sem við veitum þér. Hins vegar er ekki hægt að bregðast við öllum vandamálum í gegnum síma. Þjónustufulltrúi mun útskýra fyrir þér hvaða mál er hægt að leysa símleiðis. Símaaðstoð er aðeins í boði á ensku eins og stendur. Notaðu skilaboðaeiginleikann í Revolut-forritinu til að fá aðstoð á öðru tungumáli. Stoðþjónusta í síma verður hugsanlega veitt í gegnum aðstoð sem er knúin gervigreind. Þú getur óskað eftir því að ræða við mennskan fulltrúa hvenær sem er í samtalinu. Frekari upplýsingar er að finna í [tilkynningu um gervigreindarspjall Revolut](#).

Athugaðu að hvorki er ætlast til þess að þú notir símaaðstoð til að biðja þjónustufulltrúa um að leggja inn, breyta eða hætta við pöntun fyrir þína hönd né framkvæma aðrar aðgerðir sem myndu hafa viðskipti í för með sér.

Í tilvikum þegar þú ert af einhverjum sökum ófær um að eiga í samskiptum við okkur með tölvupósti eða skilaboðum í Revolut-forritinu berum við enga ábyrgð á tapi af nokkrum toga sem þú kannt að verða fyrir vegna vangetu þinnar til að eiga í samskiptum við okkur, af öðrum ástæðum en svikum, ásetningi eða vítaverðu gáleysi af okkar hálfu.

Samþykki, heimildir og aðrar yfirlýsingar sem veittar eru í Revolut-forritinu hafa sama lagalega gildi og undirskrift þín með eigin hendi í skjali. Allir samningar sem gerðir eru í gegnum Revolut-forritið teljast vera skriflegir samningar á milli Revolut Securities og þín. Allar leiðbeiningar sem þú gefur okkur eða framkvæmir í tengslum við virkni og aðrar aðgerðir í Revolut-forritinu verða meðhöndlaðar sem leiðbeiningar og aðgerðir sem eru sendar og framkvæmdar af þér á gildan hátt.

Samningurinn og allar tilkynningar, leiðbeiningar eða önnur samskipti milli Revolut Securities og þín verða á ensku eða á því öðru tungumáli sem þú velur í Revolut-appinu.. Fjárfestingarþjónustan og fjárfestingarkerfið, þar á meðal eiginleikar þeirra og upplýsingar innan þeirra, verða sjálfkrafa veitt á ensku. Hins vegar kannt þú að geta valið annað tungumál fyrir fjárfestingarkerfið í fartækinu þínu, kjósir þú svo. Þú ættir aðeins að velja annað tungumál ef þú hefur viðeigandi þekkingu og fullan skilning á því tungumáli. Ef þú velur annað tungumál er það alfarið á þína ábyrgð. Ef ósamræmi er á milli skjala eða upplýsinga sem við veitum þér, eða veitum þér aðgang að, á ensku og útgáfu skjalsins eða upplýsinganna á öðru tungumáli en ensku gildir enska útgáfan af viðkomandi skjölum og upplýsingum.

Við skráum og geymum öll samskipti sem tengjast fyrirmælum og viðskiptum milli Revolut Securities og þín. Við munum gera slíkar upplýsingar aðgengilegar þér að beiðni þinni í fimm (5) ár eða, ef þú ert búsettur í **Sviss**, í tíu (10) ár frá þeim degi sem þær voru skráðar eða, ef eftirlitsaðili okkar krefst þess, í allt að sjö (7) ár.

Þú ættir að tryggja að upplýsingarnar þínar séu uppfærðar og láta okkur strax vita ef einhverjar upplýsingar sem þú hefur gefið okkur breytast. Ef við komumst að því að einhverjar upplýsingar um þig eru rangar uppfærum við þær.

Við kunnum stundum að biðja um frekari upplýsingar um þig til að uppfylla laga- og reglugerðarkröfur okkar. Þetta gæti til dæmis átt við ef viðskipti þín aukast. Þú þarft að

veita þessar upplýsingar hratt svo að það verði engin truflun á fjárfestingarreikningi þínum eða þjónustu okkar.

6. Flokkun viðskiptavina

Okkur ber skylda til að úthluta þér tiltekinni flokkun viðskiptavinar og við höfum flokkað þig sem almennan fjárfesti samkvæmt litáískum lögum um markaði og fjármálagerninga („**LMFI**“) (eða ef þú ert búsett(ur) í Sviss samkvæmt svissneskum fjármálalögum, 15. gr., júní 2018, með áorðnum breytingum („**FinSA**“)). „**Almennur fjárfestir**“ getur verið annaðhvort **einstaklingur** eða **lögaðili** og á við um viðskiptavin sem hefur verið flokkaður sem slíkur af Revolut Securities og uppfyllir skilyrði slíkrar flokkunar samkvæmt LMFI (eða FinSA, ef þú ert búsett(ur) í **Sviss**). Almennir fjárfestar njóta hámarksverndar samkvæmt LMFI (eða FinSA, ef þú ert búsett(ur) í Sviss). Þú átt rétt á því að biðja um flokkun sem fagfjárfestir ef þú uppfyllir viðeigandi skilyrði samkvæmt LMFI (eða FinSA, ef þú ert búsett(ur) í **Sviss**), en okkur ber hins vegar ekki skylda til að verða við beiðni þinni. Ef við samþykkjum hins vegar beiðni þína og þú færð endurflokkun sem fagfjárfestir nýturðu ekki lengur tiltekinna verndarráðstafana samkvæmt LMFI (eða FinSA, ef þú ert búsett(ur) í **Sviss**). Ef þú færð endurflokkun sem fagfjárfestir verður þú að láta okkur vita ef breytingar verða á aðstæðum þínum sem kunna að hafa áhrif á flokkun þína sem fagfjárfestir.

7. Tengsl utanaðkomandi miðlara og sjóðsstjóra

Í því skyni að veita fjárfestingarþjónustu samkvæmt þessum skilmálum, þ.m.t. sértæka þjónustu sem lýst er í áætlun fyrir sveigjanlega peningamarkaðssjóði, höfum við gert samninga við utanaðkomandi miðlara og sjóðsstjóra. Utanaðkomandi miðlari og sjóðsstjóri sjá um framkvæmd, greiðslujöfnun, uppgjör og örugga vörslu, þ.m.t. varðveislu gerninga þinna. Við gætum einnig tilnefnt þriðja aðila sem veitir okkur aðeins vörsluþjónustu að því er varðar fjármálagerninga þína („**vörsluþjónustuveitendur**“). Í þeim tilgangi að varðveita fjármálagerninga þína höfum við opnað reikninga hjá utanaðkomandi miðlurum, sjóðsstjóranum eða vörsluaðilum, eftir því sem við á, þar sem fjármálagerningarnir þínir eru varðveittir. Hvern slíkan reikning köllum við „**sameiginleganreikning**“.

Sjóðsstjórinn sem fjárfestingar þínar eru hjá verður alltaf tilgreindur í Revolut-forritinu.

Revolut Securities er eini viðskiptavinur þriðju aðila miðlara, sjóðsstjóra eða vörsluservísveitenda, eftir því sem við á, í tengslum við fjárfestingþjónustuna. Þessir

Þriðju aðilar munu ekki veita þér þjónustu beint og vita ekki hver þú ert. Við berum ábyrgð á öllum málum sem tengjast þessum skilmálum.

Þrátt fyrir að við höfum beitt allri nauðsynlegri varúð, færni og árvekni við val, skipun og reglulega endurskoðun þriðju aðilaumboðsmanna, sjóðstjóra eða vörsluservísveitenda, eftir því sem við á, berum við ekki ábyrgð á neinum tapi sem þú verður fyrir vegna aðgerða eða aðgerðaleysis þeirra, nema vegna svika okkar, ásetningsathafnar eða gáleysis af ásetningi.

8. Eingöngu framkvæmdarþjónusta

Við veitum ekki fjárfestingarráðgjöf eða persónulegar ráðleggingar um viðskipti sem þú stofnar til í gegnum fjárfestingarkerfi okkar. Fjárfestingarþjónusta okkar felst aðeins í kaupum og sölum á fjármálagerningum samkvæmt fyrirmælum, en ekki ráðleggingarþjónustu. Þegar við veitum þjónustu sem er aðeins framkvæmd samkvæmt þínum fyrirmælum og varðar **einfalda fjármálagerninga**, eins og þeir eru skilgreindir í gildandi lögum, munum við samkvæmt þessum skilmálum ekki:

- ráðleggja þér um kosti neinna viðskipta;
- þurfa að meta réttmæti neinna viðskipta þinna.

Þú nýtur þar af leiðandi ekki verndar LMFI (eða FinSA, ef þú ert búsett(ur) í Sviss) við mat á hæfi eða hentugleika. Þess vegna munum við ekki meta hvort:

- viðskiptin uppfylli fjárfestingarmarkmið þín;
- þú getir borið fjárhagslega áhættu á tapi sem viðskiptin kunna að valda; eða
- þú býir yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu til að skilja áhættuna sem felst í viðskiptunum.

Í tilvikum þegar við veitum ekki ráðgefandi þjónustu heldur aðeins fjárfestingarþjónustu við kaup og sölu **flókinna fjármálagerninga**, eins og slík þjónusta er skilgreind samkvæmt gildandi lögum, ber okkur skylda til að meta hversu viðeigandi viðskiptin séu fyrir þig. Við biðjum þig um að láta okkur í té uppfærðar, nákvæmar og ítarlegar upplýsingar um þekkingu og reynslu þína á fjárfestingasviði viðkomandi gernings svo við getum lagt mat á hvort viðskipti með slíkan gerning séu viðeigandi fyrir þig.

Við sendum þér viðvörun í Revolut-forritinu um að viðeigandi þjónusta eða gerningur sé ekki viðeigandi fyrir þig ef við teljum, miðað við upplýsingarnar sem þú lætur í té,

að þú hafir ekki nauðsynlega þekkingu til að skilja áhættuna sem tengist viðskiptum með tiltekinn gerning. Í tilvikum þegar þú lætur okkur ekki í té umbeðnar upplýsingar, eða lætur í té ófullnægjandi upplýsingar um þekkingu og reynslu þína, færðu viðvörun og áttar þig á því að við getum ekki ákvarðað hvort fyrirhuguðu viðskiptin með fjármálagerninginn séu viðeigandi fyrir þig. Við slíkar kringumstæður, eða í tilvikum þegar þú vilt framkvæma slík viðskipti þrátt fyrir viðvörun frá okkur, áskiljum við okkur rétt til að hafna að veita þér fjárfestingarþjónustu varðandi slíka gerninga.

Ekki skal líta svo á að aðgerðir, samskipti eða nokkrar aðrar upplýsingar sem við látum í té eða gerum aðgengilegar veiti almenningi verðbréf af nokkrum toga samkvæmt gildandi lögum, þó sér í lagi samkvæmt reglugerð ESB um útboðslýsingar (ESB) 2017/1129. Við heimilum þér með öðrum orðum ekki að taka þátt í frumútboðum verðbréfa og við gerum aðeins verðbréf aðgengileg í fjárfestingarkerfi okkar sem eru þegar skráð í kauphöll, á skipulögðum markaði eða öðrum viðskiptavettvangi (sameiginlega nefndur „**markaður** eða **kauphöll**“).

9. Takmarkanir á framkvæmd okkar á fyrirmælum viðskiptavina

Fjárfestingarkerfið er ekki markaður eða kauphöll. Það þýðir að:

- þú getur aðeins sent inn fyrirmæli og hafið viðskipti við okkur í gegnum fjárfestingarkerfið en ekki í gegnum kerfi þriðja aðila;
- ef þú vilt gera upp eignasafnið verður fyrst að loka öllum stöðum á fjárfestingarreikningnum í fjárfestingarkerfinu;
- þá gerninga sem þú kaupir í gegnum fjárfestingarkerfið er aðeins hægt að selja í fjárfestingarkerfinu en ekki í gegnum kerfi þriðja aðila, nema þú ákveðir að flytja þá af fjárfestingarreikningnum þínum.;
- við veitum ekki ráðgjöf varðandi fjárfestingar, fjármál, lagaleg atriði, skattheimtu eða reglugerðir né persónulegar ráðleggingar að því er varðar þjónustu okkar við kaup og sölu á fjármálagerningum samkvæmt fyrirmælum. Þú verður að gera eigið mat áður en viðskipti eru framkvæmd og líta á álit, efni eða greiningu okkar sem fjárfestingarráðgjöf eða persónulegar ráðleggingar;
- allt efni eða upplýsingar sem við veitum í fjárfestingarkerfinu sem inniheldur markaðsgreiningar, fjárfestingarrannsóknir eða almennar ráðleggingar eru eingöngu lagðar fram í upplýsingaskyni og ekki skal líta á slíkt sem fjárfestingarráðgjöf eða persónulegar ráðleggingar;
- þú getur hugsanlega fært gerninga inn á eða af fjárfestingarreikningi þínum eða yfir í kerfi þriðja aðila;

- upphæð tilboðs sem við birtum fyrir gerning í fjárfestingarkerfinu kann að vera önnur en gefið er upp í kerfi þriðja aðila, í kauphöll eða markaðsverð fyrir sama gerning;
- við kunnum að veita þér upplýsingar í fjárfestingarkerfinu varðandi gerninga af öllum toga, þ.m.t. söguleg gögn varðandi verð gerninga, hneigðir og greiningar í iðnaðinum og geiranum um ýmis fyrirtæki og gerninga, greiningaflokkun ýmissa gerninga, reikningsyfirlit, kostnað og skýrslur yfir gjöld o.s.frv. Þegar við veitum slíkar upplýsingar munum við hins vegar ekki gefa þér neinar persónulegar ráðleggingar eða ráðleggja þér um kosti viðskipta með slíkan gerning og þú verður að leggja eigið mat á slíkar upplýsingar; og
- þér ber ekki skylda að leggja fram nein fyrirmæli í gegnum fjárfestingarkerfið né stofna til viðskipta samkvæmt þessum skilmálum. Okkur ber ekki skylda til að samþykkja fyrirmæli af nokkrum toga frá þér né senda fyrirmæli til utanaðkomandi miðlara til framkvæmdar ef líklegt má teljast að þær aðstæður sem tilgreindar eru í 23. kafla (höfnun fyrirmæla) skapist. Nema við komum fram sem innmiðlari fyrir tiltekinn fjármálagerning og okkur sé skylt að birta verð höfum við einhliða val um hvort við birtum verð fyrir tiltekinn gerning í gegnum fjárfestingarkerfið. Engin viðskipti sem þú stofnar til í gegnum fjárfestingarkerfið krefjast þess að við bjóðum upp á undirliggjandi gerning í gegnum fjárfestingarkerfið í framtíðinni.

Þú verður að tryggja að þú hafir aðgang að fjárfestingarkerfinu í viðeigandi tæki. Hafðu í huga að tenging við fjárfestingarkerfið kann að vera breytileg eftir net- eða netkerfistengingunni sem þú notar og ef tengingin er léleg eða veik getur þú mögulega ekki sent inn fyrirmæli eða fylgst með opnum stöðum á sama hraða og þú myndir annars gera með öflugri nettengingu.

10. Öryggi fjárfestingarreiknings

Ef þú ert **einstaklingur** getur þú ekki deilt fjárfestingarreikningi þínum með öðrum og fjárfestingarreikninginn má aðeins opna í þínu nafni.

Ef þú ert **lögaðili** er þessi samningur bindandi fyrir þig en þú getur heimilað „reikningseigendum“ og „heimiluðum notendum“, sem eru einstaklingar flokkaðir sem „**heimilaðireinstaklingar**“ í [viðskiptaskilmálunum](#) til að sjá um aðgerðir er varða samning okkar fyrir þína hönd.

Þú verður að tryggja öryggi allra aðgangsorða og öryggisskilríkja í tengslum við notkun þína á fjárfestingarreikningnum og Revolut-forritinu og við berum enga ábyrgð á tapi sem þú verður fyrir vegna einstaklinga sem fá aðgang að fjárfestingarreikningnum

þínum vegna þess að þú gættir ekki að öryggi aðgangsorða og öryggisskilríkja þinna. Við höfum rétt til að líta á allar aðgerðir í gegnum fjárfestingarreikning þinn sem aðgerðir sem þú hefur heimilað og framkvæmt nema þú hafir upplýst okkur um annað.

Til að tryggja öryggi fjárfestingarreiknings þíns ættir þú að sækja nýjasta hugbúnaðinn fyrir tækið sem þú notar til að opna fjárfestingarkerfið og nýjustu útgáfuna af Revolut-forritinu um leið og þau eru fáanleg.

11. Yfirlýsingar

Með því að samþykkja samninginn staðhæfir þú ákveðnar staðreyndir um þig sem við reiðum okkur á þegar við veitum þér fjárfestingarkerfið og fjárfestingarþjónustuna. Við köllum þessar staðhæfingar „**yfirlýsingar og ábyrgðir**“.

Þú staðfestir og ábyrgist gagnvart okkur að:

- þú hafir lesið og skilið þessa skilmála og allan samninginn;
- þú sért eldri en 18 ára ef þú ert einstaklingur og hafir fullt vald og rétt til að gangast undir og uppfylla skyldur þínar sem leiða af samningnum;
- ef þú ert **lögaðili** eða heimilaður **einstaklingur** samþykkir þú að þú hafir fullt umboð til að gera þennan samning og uppfylla skyldur samkvæmt honum;
- þú skiljir áhættuna sem felst í viðskiptum með fjármálagerninga í gegnum fjárfestingarkerfið;
- þú munir aðeins nota fjárfestingarkerfið og fjárfestingarþjónustuna í eigin þágu;
- notkun þín á fjárfestingarkerfinu brjóti ekki í bága við gildandi lög í landinu þar sem þú býrð;
- þessir skilmálar auk hverra fyrirmæla og viðskipta og allra skuldbindinga sem þeim fylgja séu bindandi fyrir þig og aðfararhæfar gegn þér og að þú munir ekki brjóta gegn nokkrum skilmálum reglugerðar, fyrirmæla, gjalds eða samnings sem eiga við um þig í tengslum við skilmála fjárfestingarkerfisins og fjárfestingarþjónustunnar;
- allar upplýsingar sem þú veitir eða hefur látið í té séu réttar, nákvæmar og ekki villandi að neinu efnislegu leyti;
- þú hafir ekki og munir ekki hlaða upp eða senda spillikóða á fjárfestingarkerfið eða nota á annan hátt rafeindabúnað, hugbúnað, reiknirit eða viðskiptaaðferð eða -stefnu sem miðar að því að hafa áhrif á einhvern þátt fjárfestingarvettvangsins eða fjárfestingarþjónustunnar; og
- þú sért ekki bandarískur ríkisborgari eða búsett(ur) í Bandaríkjunum.

Sérhver framsetning og ábyrgð sem þú gefur hér að ofan telst endurtekin í hvert sinn sem þú leggur inn fyrirmæli um gerning eða stofnar til viðskipta í gegnum fjárfestingarkerfið.

Ef við fáum vitneskju um að einhver ofangreind yfirlýsing eða ábyrgð þín sé röng eða ósönn á einhvern hátt eða við höfum rökstuddan grun um að sú sé raunin kunnum við að líta svo að öll þar að lútandi viðskipti séu ógildanleg eða riftanleg af okkar hálfu á þágildandi verði viðkomandi gernings/gerninga.

12. Samkomulag

Um leið og þú samþykkir samninginn gefur þú okkar tiltekin bindandi loforð um það sem við getum reitt okkur á að þú gerir þegar við látum þér í té fjárfestingarkerfið og fjárfestingaþjónustuna. Slíkt köllum við „**samkomulag**“.

Þú gerir samkomulag við okkur um að þú munir:

- láta okkur vita án tafar ef breytingar verða á upplýsingunum sem þú veittir okkur þegar þú stofnaðir fjárfestingarreikninginn, þ.m.t. en takmarkast ekki við, allar breytingar á netfangi, heimilisfangi, dvalarlandi og allar breytingar eða væntanlegar breytingar á fjárhagsstöðu þinni eða, hvað **einstaklinga** varðar, atvinnustöðu (þ.m.t. uppsögn og/eða atvinnuleysi) sem kann að hafa áhrif á getu þína til að uppfylla skuldbindingar þínar við okkur samkvæmt þessum skilmálum;
- tilkynna okkur tafarlaust ef brot á sér stað í tengslum við þig;
- láta okkur í té allar upplýsingar sem við kunnum að biðja þig um öðru hvoru í þeim tilgangi að staðfesta auðkenni þitt sem hluta af því ferli að stofna fjárfestingarreikning;
- vera reiðubúin(n) og geta veitt okkur samkvæmt beiðni allar upplýsingar sem við kunnum að óska eftir öðru hvoru;
- uppfylla skyldur þínar gagnvart okkur samkvæmt þessum skilmálum og fylgja öllum lögum og reglugerðum sem gilda um þig í tengslum við ákvæði fjárfestingarkerfisins og fjárfestingarþjónustunnar; og
- fá aðgang að og nota fjárfestingakerfið og fjárfestingarþjónustuna af heiðarleika, sanngirni og í góðri trú.

13. Reikningsvernd og bætur

Revolut-viðskiptareikningurinn þinn er greiðslureikningur sem er geymdur hjá tilboðsaðila Revolut-reiknings sem geymir peningana þína. Allt fé sem þú átt á Revolut-reikningnum þínum er [verndað](#) upp að 100 000 evrum með innlánatryggingakerfinu.

Revolut-fjárfestingarreikningurinn þinn er reikningur hjá Revolut Securities. Allir peningar sem þú átt á fjárfestingarreikningnum þínum verða í okkar vörslu sem fjármunir viðskiptavinar aðskildir frá okkar eigin fjármunum. Varsla fjármuna sem teljast vera fjármunir viðskiptavinar fer fram samkvæmt reglum LMFI og Seðlabanka Litáen til að tryggja öryggi fjármuna viðskiptavina sem geymdir eru á reikningum á borð við fjárfestingarreikninga. Allir fjármunir og gerningar þínir á fjárfestingarreikningnum njóta verndar að 22.000 evrum samkvæmt áætlun um tryggðar skuldbindingar gagnvart fjárfestum í Litáen.

Þú kannt að eiga rétt á bótum samkvæmt áætlun um tryggðar skuldbindingar gagnvart fjárfestum vegna þjónustunnar sem þér er veitt samkvæmt samningnum, en frekari upplýsingar um slíkt er að finna [hér](#).

Þú samþykkir að við látum þér í té viðeigandi upplýsingar um viðkomandi áætlun um tryggðar skuldbindingar gagnvart fjárfestum einu sinni á ári í tölvupósti sem er sendur á nýjasta netfangið sem þú hefur látið okkur í té.

14. Fjármunir viðskiptavinar

Allir fjármunir sem við tökum við frá þér og geymum fyrir þína hönd á fjárfestingarreikningi samkvæmt reglum LMFI og Seðlabanka Litáen kallast „**fjármunir viðskiptavinar**“. Fjármunir viðskiptavinar eru aðskildir frá okkar eigin fjármunum og geymdir á reikningi hjá gjaldgengum þriðja aðila. „Gjaldgengur þriðji aðili“ merkir seðlabanka, viðurkennda lánastofnun í Evrópusambandinu („**ESB**“), banka með starfsleyfi utan Evrópusambandsins eða gjaldgengan peningamarkaðssjóð. Reikningurinn þar sem fjármunir viðskiptavinar eru geymdir kallast „**fjármunareikningur viðskiptavinar**“. Fjármunir þínir kunna að vera lagðir inn ásamt fjármunum annarra viðskiptavina okkar á fjármunareikning viðskiptavina.

Við sýnum tilhlýðilega aðgát, færni og kostgæfni við val, tilnefningu og reglubundna endurskoðun á gjaldgengum þriðja aðila, en munum hins vegar ekki bera ábyrgð á tjóni sem þú verður fyrir vegna aðgerða sem gjaldgengur þriðji aðili kann að grípa til eða grípa ekki til, nema um sé að ræða svik, ásetning eða vítavert gáleysi af okkar hálfu.

Með því að gera samninginn veitir þú yfirlýst samþykki fyrir því að fjármunir þínir verði geymdir á sameiginlegum reikningi.

Við kunnum að leggja inn hluta af eða alla fjármuni viðskiptavina sem eru í vörslu okkar í það sem kallast gjaldgengan peningamarkaðssjóð. Markmið gjaldgengs peningamarkaðssjóðs er að ná ávöxtun sem er jöfn markaðsvöxtum. Í tilvikum þegar við leggjum fjármuni viðskiptavina í gjaldgengan peningamarkaðssjóð verða einingarnar í viðkomandi gjaldgengum peningamarkaðssjóði ekki geymdar samkvæmt kröfum um vörslu fjármuna viðskiptavina samkvæmt reglum Seðlabanka Litáen.

Með því að gera samninginn veitir þú yfirlýst samþykki fyrir því að fjármunum þínum verði komið fyrir í gjaldgengum peningamarkaðssjóði.

Við greiðum þér ekki vexti af fjármunum viðskiptavina sem verið er að gera upp eða eru geymdir á fjármunareikningi viðskiptavina sem hluta af sameiginlegri vörslu. Fengnum vöxtum, ef um slíka vexti er að ræða, af fjármunum viðskiptavinar á fjármunareikning viðskiptavinar er haldið eftir af Revolut Securities í eigin þágu.

Með því að gera samninginn veitir þú Revolut Securities samþykki fyrir að halda eftir fengnum vöxtum af fjármunum þínum í eigin þágu.

Í tilvikum þegar gjaldgengur þriðji aðili sem viðskiptavinur hefur lagt fjármuni sína inn hjá verður gjaldþrota eða ógjaldfær eða hefur fengið skipaðan skiptastjóra, þrotabússtjóra eða skiptaforstjóra fyrir allar eða nánast allar eignir sínar (við köllum slík tilvik „gjaldprotatilvik“) sem veldur því að tap verður á fjármunum viðskiptavinar á fjármunareikningi viðskiptavinar, er hugsanlegt að þú fái ekki alla upphæðina til baka og kannt að taka á þig hluta af tapi annarra lánardrottna gjaldgenga þriðja aðilans samkvæmt gildandi lögum. Við berum ekki ábyrgð gagnvart þér á tjóni sem þú verður fyrir vegna aðgerða sem gjaldgengur þriðji aðili grípur til eða grípur ekki til í tengslum við fjármuni viðskiptavinarins eða vegna ógjaldfærni sem á sér stað í tengslum við gjaldgengan þriðja aðila, nema vegna svika okkar, vísitandi athæfis eða vítaverðs gáleysis.

15. Gerningar viðskiptavinar

Fjármálagerningar þínar verða í öruggri vörslu okkar samkvæmt reglum LMFI og Seðlabanka Litáens. Þegar við varðveitum fjármálagerninga þína sem vörsluaðili samkvæmt reglum LMFI og Seðlabanka Litáens gerum við hugsanlega ráðstafanir um örugga vörsluþjónustu í gegnum þriðja aðila sem ber ábyrgð á varðveislu gerninga sem eru á sameiginlega reikningnum. Slíkur þriðji aðili gæti verið annaðhvort

utanaðkomandi miðlari eða vörsluaðili (eins og þessi hugtök eru skilgreind hér að framan) og við köllum þá sameiginlega „**vörsluaðila þriðja aðila**“. Allir gerningar á sameiginlega reikningnum verða skráðir í nafni „Revolut Securities Europe UAB viðskiptavina“, en þú verður ávallt raunverulegur eigandi slíkra gerninga.

Með því að gera samninginn veitir þú ótvírætt samþykki fyrir því að fjármálagerningar þínir séu geymdir á sameiginlegum reikningi.

Samansafnsreikningurinn verður aðskilinn og haldinn aðskildur frá öðrum fjármálagerningum sem gætu verið í vörslu þriðja aðila. Við munum halda í bókum okkar og skráningum réttindum þínum til þeirra verðbréfa sem þriðji vörslumaðurinn hefur, í þeim tilvikum þegar hann hefur skráð eða fært verðbréf þín í sameiginlega reikning eða sameinað þau á annan hátt með verðbréfum annarra viðskiptavina hans. Ef gjaldþrotatilvik kemur upp hjá þriðja aðila sem sinnir vörslu, verða verðbréf þín undanskilin eignum sem eru til ráðstöfunar kröfuhöfum hans.

Með því að gera samninginn samþykkir þú að fjármálagerningar þínir verði geymdir hjá þriðja aðila utan Litáens.

Við getum útvegað að verðbréf þín séu geymd hjá þriðja aðila vörslufyrirtæki í omnibus-reikningi sem stofnaður er utan Litháen, þar sem lög og reglugerðir sem gilda um þriðja aðila vörslufyrirtækið og réttindi þín varðandi verðbréfin sem þú átt geta verið frábrugðin þeim sem myndu gilda ef verðbréfin væru geymd í Litháen. Við munum gera allt sem sanngjarnt er til að tryggja að verndarstigið sem þriðji aðili sem geymir verðbréf í omnibus-reikningi veitir verði hið sama og það verndarstig sem gildi ef verðbréfin væru geymd hjá Revolut Securities samkvæmt reglum LMFI og BoL.

Ef gjaldþrotatilvik kemur upp hjá þriðja aðila sem vörsluaðila og leiðir til skorts á fjölda verðbréfa sem eru geymd á omnibus-reikningnum, gætir þú ekki fengið fullan rétt þinn og gætið þurft að deila skortinum með öðrum kröfuhöfum þriðja aðila samkvæmt gildandi lögum. Þó að við höfum beitt allri nauðsynlegri varúð, færni og árvekni við val, skipun og reglulega endurskoðun þriðja aðila vörslumannsins, við berum ekki ábyrgð gagnvart þér á neinum þeim tapi sem þú verður fyrir vegna aðgerða eða aðgerðaleysis þriðja vörsluaðilans sem tengjast verðbréfum þínum, né vegna gjaldþrotaviðburðar sem varðar þriðja vörsluaðilann, nema vegna svika okkar, ásetningsverknaðar eða gáleysis af ásetningi.

Flutningur gerninga

Þú getur hugsanlega flutt tiltekna gerninga yfir á fjárfestingarreikning þinn úr kerfi þriðja aðila, þ.e. kerfi sem rekið er af öðrum veitanda fjárfestingarþjónustu („**færslur á**

innleið"). Þú getur einnig hugsanlega flutt tiltekna gerninga frá fjárfestingarreikningnum þínum yfir í kerfi þriðja aðila („**færslur á útleið**"). Við köllum allar færslur á inn- og útleið „**flutninga fjármálagerninga**". Ekki er hægt að millifæra reiðufé af fjárfestingarreikningi þínum í kerfi þriðja aðila.

Við munum, að eigin ákvörðun, tilgreina tækin sem eru gjaldgeng hverju sinni fyrir flutninga fjármálagerninga. Þú getur skoðað alla gerninga sem eru gjaldgengir fyrir flutninga í Revolut-forritinu. Ekki er hægt að flytja brot af hlutabréfum (eins og skilgreint er hér á eftir) yfir í kerfi þriðja aðila. Hvað færslur á innleið varðar munum við ekki taka við gerningum sem eru ekki í þinni eigu eða eru ekki á reikningi sem stofnaður var í þínu nafni eða eru tilteknum takmörkunum háðar.

Þegar þú gefur okkur fyrirmæli um flutning gerningsins í Revolut-forritinu veitir þú okkur heimild til að framkvæma þær skráningar og aðgerðir sem þarf til að flytja gerninginn.

Þú staðfestir og ábyrgist að:

- þú hafir lagalegan rétt og heimild til að biðja um flutning gerninga;
- kerfi þriðja aðila þangað sem gerningarnir þínir eru fluttir sé ekki hluti af, stjórnað af eða á annan hátt tengt okkur.

Þú samþykkir einnig að þegar færslu gernings á útleið er lokið berum við ekki frekari ábyrgð né bótaskyldu hvað fluttu gerningana varðar og á sama hátt við færslu á innleið munum við taka á okkur skuldbindingar samkvæmt þessum skilmálum varðandi gerningana sem fluttir voru til okkar frá deginum sem við tókum á móti slíkum gerningum frá þjónustuveitu kerfis þriðja aðila.

Við framkvæmum yfirleitt færslu gerninga fyrsta virka daginn eftir að við höfum fengið gilda og ítarlega beiðni um færslu gernings frá þér. Yfirleitt er flutningi gerninga lokið innan tíu (10) virkum dögum frá deginum sem flutningur gerninga hefst. Þú samþykkir hins vegar að heildartíminn sem þarf til að ljúka flutningi gerninga kunni að vera umtalsvert lengri vegna þátta sem fela í sér en takmarkast ekki við, samvinnu og reglur eða verkferli þjónustuveitu kerfis þriðja aðila sem afhendir gerninginn, flækjustigi flutningsins, reglufylgni við gildandi lög og reglugerðir og aðra tengda þætti. „**Virkur dagur**“ merkir dag þar sem bankar eru opnir í Lýðveldinu Litáen.

Við ábyrgjumst ekki innan hvaða tímaramma flutningi gernings er lokið eða að flutningi gernings sé lokið. Flutningur gerningsins kann að falla niður af ýmsum sökum, m.a. ef þú veitir okkur ekki áskildar upplýsingar, flutningurinn er ekki

samkvæmt gildandi lögum eða reglugerðum, eða við höfum ástæðu til að ætla að slíkur flutningur myndi brjóta gegn samningi af einhverjum toga sem við höfum gert.

Þegar þú leggur fram fyrirmæli um færslu á útleið getur þú ekki selt eða notað á annan hátt viðkomandi gerninga sem á að flytja þar til flutningi gerningsins er lokið eða hætt er við flutninginn. **Þú gerir þér grein fyrir og samþykkir að á meðan slíku stendur kann virði slíks fjármálagernings að hækka og lækka á skjótan hátt og þú munt ekki geta gert upp stöðurnar sem tengjast flutningi gerningsins.**

Þú verður að hafa tiltæka fjármuni á fjárfestingarreikningnum þínum til að standa straum af gjöldunum sem tengjast færslunni á útleið. Að öðrum kosti verður hætt við fyrirmæli þín um flutning á gerningnum. Við skuldfærum viðeigandi upphæð af tiltækum fjármunum á fjárfestingarreikningnum þínum eftir að þú leggur fram beiðni um flutning gerningsins. Gjöld eru innheimt fyrir hverja stöðu fyrir sig og birtast í Revolut-forritinu áður en þú sendir fyrirmælin um flutning gerningsins. Þjónustuveita kerfis þriðja aðila kann að innheimta gjald eða setja aðrar takmarkanir á flutning gerninga.

Þú getur hætt við fyrirmælin um flutning gerningsins með því að hafa samband við okkur með skilaboðum í Revolut forritinu. Hins vegar getum við ekki ábyrgst að geta orðið við beiðni um að hætta við þegar þú hefur sent hana inn.

Þú berð ein(n) ábyrgð á því að veita okkur og kerfi þriðja aðila nákvæmar, tæmandi og uppfærðar upplýsingar, þ.m.t. þegar slíkt á við, upplýsingar um kaupverð gerningsins, eða aðrar upplýsingar af einhverjum toga sem við eða kerfi þriðja aðila kann að biðja um. Við berum ekki ábyrgð á kostnaði eða tapi af nokkrum toga sem þú kannt að verða fyrir vegna flutnings gerninga (eða þegar slíkur flutningur mistekst) með Revolut-forritinu, þ.m.t. en takmarkast ekki við, allar aðgerðir sem þjónustuveita kerfis þriðja aðila eða utanaðkomandi miðlarar grípa til eða mistekst að grípa til, af öðrum sökum en vegna svika, ásetnings eða vítaverðs kæruleysis af okkar hálfu.

16. Markaðsgögn, fjárfestingarannsóknir og aðrar upplýsingar

Við kunnum að veita þér fréttir, álit greiningaraðila, rannsóknarskýrslur, lánshæfismat tiltekinna gerninga, upplýsingar um útgefendur, gröf eða önnur gögn eða upplýsingar í gegnum fjárfestingarkerfið með leyfi frá þriðju aðilum. Við köllum þetta „**markaðsgögn**“. Öll markaðsgögn sem við birtum á fjárfestingarpallinum eru eingöngu til upplýsinga, án tillits til þinna einstaklingsbundnu fjárhagslegu aðstæðna, markmiða eða sérparfa. Þau eru veitt til að gera þér kleift að taka eigin fjárfestingarákvarðanir og

eru ekki ætluð sem fjárfestingarráðgjöf né persónuleg ráðlegging, og skulu ekki teljast sem slík.

Að auki framkvæmir Revolut Securities og býður upp á óháðar fjárfestingarannsóknir sem fela í sér almennar ráðleggingar um fjárfestingar með tilliti til skráðra hlutabréfa. Revolut Securities miðlar ráðleggingum sínum um fjárfestingar til viðskiptavina gegnum Revolut-app sem ber titilinn „**Revolut Suggestion**“. Frekari upplýsingar um fjárfestingarannsóknir okkar og almennar ráðleggingar er að finna í [upplýsingagjöf um rannsóknir](#).

Öll markaðsgögn og fjárfestingarannsóknir sem við birtum í gegnum fjárfestingarkerfið eru einungis til upplýsingar, án tillits til fjárhagsaðstæðna, markmiða eða sérstakra þarfa hvers og eins. Þau eru veitt til að gera þér kleift að taka eigin fjárfestingarákvarðanir og er ekki ætlað að vera, og ætti ekki að líta á sem, fjárfestingarráðgjöf eða persónulegar ráðleggingar.

Hvorki við né þjónustuveitur þriðju aðila okkur tengdar lýsum yfir eða ábyrgjumst nákvæmni, heilleika eða tímanleika markaðsgagna sem við fáum frá þriðju aðilum og sem við birtum í gegnum fjárfestingarkerfið. Markaðsgögnin og fjárfestingarannsóknirnar eru ekki tilboð eða beiðni frá okkur til þín um að kaupa, selja eða á annan hátt eiga viðskipti með neinn gerning sem hægt er að eiga viðskipti með í gegnum fjárfestingarkerfið. Ef þú ákveður að reiða þig á markaðsgögn eða aðrar upplýsingar sem við kunnum að gera aðgengilegar í gegnum fjárfestingarkerfið samþykkir þú að gera það á eigin ábyrgð. Hvorki við né þjónustuveitur þriðju aðila okkur tengdar munum bera ábyrgð á tapi af neinu tagi sem þú kannt að verða fyrir vegna notkunar eða tiltrúar þinnar á markaðsgögn og fjárfestingarannsóknir eða tapi af einhverju tagi sem þú kannt að verða fyrir ef upplýsingarnar sem við birtum í fjárfestingarkerfinu eru rangar, af öðrum sökum en vegna svika, ásetnings eða vítaverðs kæruleysis af okkar hálfu eða þjónustuveitna þriðju aðila.

Markaðsgögnin og fjárfestingarannsóknirnar sem við birtum í gegnum fjárfestingarkerfið eru bundin strangri trúnaðarskyldu og gerð aðgengileg á þeim grundvelli að þú munir aðeins nota slík markaðsgögn eða fjárfestingarannsóknir þér til upplýsingar og ekki í neinum öðrum tilgangi. Þú mátt sérstaklega ekki:

- nota neinn hluta markaðsgögn eða fjárfestingarannsóknir í viðskiptaskyni;
- gera markaðsgögn eða fjárfestingarannsóknir aðgengileg öðrum aðila, hvort sem er án endurgjalds eða með öðrum hætti;
- birta markaðsgögn eða fjárfestingarannsóknir neins staðar; eða
- veita neinum öðrum aðgang að markaðsgögn eða fjárfestingarannsóknir .

Öll hugverkaréttindi í markaðsgögnum frá þriðju aðilum verða áfram eign viðkomandi þriðju aðila. Á sama hátt verða öll hugverkaréttindi í fjárfestingarrannsóknum, þ.m.t. almennar ráðleggingar frá Revolut Securities, áfram eign Revolut Securities.

Við eða einhver þriðji aðili sem við notum gætum hvenær sem er og án fyrirvara breytt eða hætt að veita þér aðgang að tilteknum markaðsgögnum eða fjárfestingarrannsóknum.

Tiltekin markaðsgögn eru veitt samkvæmt leyfi frá þjónustuveitum þriðju aðila sem geta framfylgt skilmálum þessa 16. hluta til að verja réttindi sín.

Lykilupplýsingaskjal

Við viljum aðstoða þig við að taka upplýsta ákvörðun áður en þú fjárfestir í peningamarkaðssjóði sem er tiltækur til fjárfestingar samkvæmt áætlun fyrir sveigjanlegan peningamarkaðssjóð eða kauphallarsjóð í fjárfestingarkerfinu og okkur ber skylda samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum að afhenda þér lykilupplýsingaskjal („KID“) um eðli, áhættu og kostnað við að fjárfesta í peningamarkaðs- eða kauphallarsjóðnum. Hægt er að sækja enska útgáfu lykilupplýsingaskjals viðkomandi peningamarkaðs- eða kauphallarsjóðs í Revolut-forritinu eða með tengli á vefsvæði viðkomandi sjóðsstjóra. Þegar þú leggur fram beiðni um slíkt í Revolut-forritinu kunnum við að senda þér þýdda útgáfu af lykilupplýsingaskjalinu á öðru tungumáli en ensku frá viðkomandi sjóðsstjóra, allt eftir aðstæðum.

Um leið og þú samþykkir þessa skilmála gefur þú yfirlýst samþykki fyrir því að taka á móti lykilupplýsingaskjöllum á varanlegum miðli öðrum en pappír, sem verða gerð aðgengileg í Revolut-forritinu eða á vefsvæði á ensku. Í hvert sinn sem þú leggur fram fyriræmi í fjárfestingarkerfinu staðfestir þú að hafa kynnt þér og skilið lykilupplýsingaskjalið um viðkomandi fjárfestingu þína í peningamarkaðs- eða kauphallarsjóði.

17. Framboð og stöðutakmarkanir gerninga

Gerningar sem hægt er að eiga viðskipti með í gegnum fjárfestingarkerfið geta breyst frá einum tíma til annars. Við tökum sér í lagi eigin ákvörðun um hvort bæta skuli við eða fjarlægja tiltekna gerninga eða gerðir gerninga og setja takmarkanir eða hömlur á tiltekna gerninga eða umfang gerninga sem hægt er að kaupa eða selja í fjárfestingarkerfinu.

Við getum ekki ábyrgst að tilteknir gerningar eða gerðir gerninga sem kann að vera hægt að stunda viðskipti með á tilteknum tíma verði ávallt í boði eða aðgengilegir í fjárfestingarkerfinu og við kunnum að loka og fjarlægja gerning úr fjárfestingarkerfinu hvenær sem er. Í tilvikum þegar við lokum fyrir eða fjarlægjum gerning úr fjárfestingarkerfinu þýðir það að þú getur ekki lengur sett fram fyrirmæli uml að kaupa viðkomandi gerning í Revolut-forritinu. Við munum hins vegar heimila þér að leggja fram fyrirmæli um að loka öllum opnum stöðum viðkomandi gernings, ef lög heimila slíkt. Í tilvikum þegar ekki er lengur hægt að stunda viðskipti með gerning í fjárfestingarkerfinu og við getum ekki stutt vörslu á slíkum gerningi sendum við þér tilkynningu um tiltæka valkosti sem kunna að fela í sér kröfu um að þú leggir fram sölufyrirmæli fyrir allar opnar stöður gerningsins sem um ræðir. Ef þú hunsar slíka kröfu kunnum við að selja viðkomandi gerning fyrir þína hönd á núverandi tilboðsverði sem birtist í fjárfestingarkerfinu og tekjufæra söluhagnaðinn á fjárfestingarreikninginn þinn.

Hvað peningamarkaðssjóði varðar, og ef lög leyfa, reynum við eftir fremsta megni að senda þér tilkynningu áður en breytingar eru gerðar og söluhagnaðurinn verður lagður inn á Revolut-viðskiptareikninginn þinn. Frá og með deginum sem fyrir-mælin er lögð fram hættir þú að fá vexti af eignarhlut þínum í viðkomandi peningamarkaðssjóðum.

Við berum enga ábyrgð á tapi eða útgjöldum af nokkrum toga sem þú verður fyrir vegna lokunar eða eyðingar fjármálagernings úr fjárfestingarkerfinu eða vegna sölu gerninga fyrir þína hönd vegna slíkra tilvika, af öðrum sökum en vegna svika, ásetnings eða vítaverðs kæruleysis af okkar hálfu.

Þú samþykkir að við munum hugsanlega setja einhvers konar takmörk á stöðu, takmarka fjölda opinna tilboða sem þú getur framkvæmt eða átt hjá okkur eða beita öðrum takmörkunum á fjárfestingarreikning þinn sem við teljum nauðsynlegar til að tryggja reglufylgni við gildandi lög, stýra eigin áhættu eða vernda þig gegn óhóflegu tapi. Þú gerir þér grein fyrir og samþykkir að við gætum neitað að samþykkja nýjar pantanir ef það myndi leiða til þess að þú færir yfir þessi settu takmörk. Við áskiljum okkur rétt til að fara fram á að þú lokir eða dragir úr opnum stöðum til að tryggja að stöður þínar eða reikningur fari að settum takmörkum. Allar takmarkanir á stöðu og viðskiptum verða birtar í gegnum fjárfestingarkerfið.

18. Gerðir fyrir-mæla

Nema annað komi fram hér á eftir er hægt að senda inn kaup- eða sölufyrirmæli fyrir tiltekinn gerning í fjárfestingarkerfinu á hefðbundnum opnunartíma viðeigandi markaðs eða kauphallar þar sem viðskipti eru stunduð með viðkomandi gerning. Slíkt

köllum við „**hefðbundinn opnunartíma markaðar**“. Á hefðbundnum opnunartíma markaða gerum við tilboð um viðkomandi gerninga í fjárfestingarkerfinu.

Nema annað komi fram í þessum skilmálum getur þú lagt fram allar gerðir fyrirsmæla sem tilgreindar eru hér á eftir í fjárfestingarkerfinu, að skortsölu fyrirsmælum undanskildum.

Hafðu samt í huga að við getum ekki ábyrgst að tiltekin fyrirsmælagerð verði tiltæk öllum stundum og að þú getir lagt fram tiltekna gerð fyrirsmæla um alla gerninga sem tiltækir eru í fjárfestingarkerfinu. Það kunna að koma upp tilvik þegar ekki er hægt að senda fyrirsmæli inn til framkvæmdar í Revolut-forritinu.

Markaðsfyrirsmæli

Markaðsfyrirsmæli eru kauptilboð eða sölutilboð tiltekinna fjölda gerninga strax þegar markaðir eru opnir á besta fáanlega verði á þeim tímapunkti.

Skilyrt fyrirsmæli

Skilyrt fyrirsmæli eru kaup- eða sölufyrirsmæli um gerning sem er heill hlutur eða eining á verði sem er tilgreint í fyrirsmælunum eða hagstæðara. Slíkt köllum við „skilyrt verð“. Skilyrt fyrirsmæli um kaup verða framkvæmd við skilyrt verð eða lægra og skilyrt fyrirsmæli um sölu (fyrirsmæli með hagnaðarmarki) verða framkvæmd við skilyrt verð eða hærra. Skilyrt fyrirsmæli um kaup verða að vera lægri en núverandi tilboð sem birtist í fjárfestingarkerfinu og skilyrt fyrirsmæli um sölu (fyrirsmæli með hagnaðarmarki) verða að vera hærri en núverandi tilboð sem birtist í fjárfestingarkerfinu. Þegar hámarkinu er náð verður skilyrtu fyrirsmælin framkvæmd eins fljótt og auðið er á núverandi tilboði sem birtist í fjárfestingarkerfinu.

Ef þú leggur inn takmörkunarpöntun í hlutabréfum sem eru skráð til viðskipta á regluskyldum markaði eða skipt er um á viðskiptavettvangi og pöntunin er ekki framkvæmd strax við ríkjandi markaðsskilyrði, gefur þú okkur skýra fyrirsmæli um að gera pöntunina ekki opinbera strax.

Stöðvunarfyrirsmæli

Stöðvunarfyrirsmæli eru kaup- eða sölufyrirsmæli um gerning sem er heilt hlutabréf eða eining þegar verð gerningsins nær verðinu sem er tilgreint í fyrirsmælunum. Slíkt köllum við „**stoppverð**“. Þegar stoppverðinu er náð verða stöðvunarfyrirsmælin markaðsfyrirsmæli og eru framkvæmd á besta fáanlega verði, sem getur verið lægra eða hærra en stoppverðið. Þegar miklar sveiflur eru á markaði kann framkvæmdarverð að vera töluvert frábrugðið stoppverðinu ef markaðsaðstæður hafa sveiflast mikið til. Stöðvunarfyrirsmæli verða að vera lægri en núverandi tilboð sem birtist í

fjárfestingarkerfinu og leggja verður fram stöðvunarfyrirmæli sem eru hærri en núverandi tilboð sem birtist í fjárfestingarkerfinu. Þegar stoppverðinu er náð verða skilyrtu fyrirmælin framkvæmd eins fljótt og auðið er á núverandi tilboði sem birtist í fjárfestingarkerfinu.

Endurtekin kaupfyrirmæli

Endurtekin kaupfyrirmæli eru fyrirmæli um að kaupa tiltekinn gerning á virði Bandaríkjadollars eða evru við tiltekna dagsetningu í framtíðinni eða á fyrirfram ákveðnu millibili. Við köllum þetta „**endurtekin kaupfyrirmæli**“. Endurtekin kaupfyrirmæli má aðeins framkvæma sem markaðsfyrirmæli.

Í því skyni að senda inn endurtekin kaupfyrirmæli verður þú að tilgreina hvaða gerninga þú viltkaupa reglubundið, virði í Bandaríkjadöllum eða evrum sem þú vilt eyða í endurtekin kaupfyrirmæli, miðað við gerninginn sem þú vilt kaupa, áætlaða dagsetningu fyrstu endurteknu kaupfyrirmælanna og tíðni endurteknu kaupfyrirmælanna, en tíðnin getur verið daglega, vikulega eða mánaðarlega. Endurtekin kaupfyrirmæli þín kunna að vera háð lágmarksverðmæti fyrirmæla sem tilgreint er í fjárfestingarkerfinu.

Þegar lokið er við að setja upp endurtekin fyrirmæli um kaup tryggjum við að fyrstu endurteknu fyrirmæli um kaup verði framkvæmd í samræmi við leiðbeiningar þínar. Þegar lokið er við að framkvæma fyrstu endurteknu kaupfyrirmælin verða öll endurtekin kaupfyrirmæli framkvæmd í kjölfarið miðað við valda tíðni slíkra endurtekinna kaupfyrirmæla. Þegar áætlaður framkvæmdardagur endurtekinna fyrirmæla um kaup fellur á dag þar sem viðkomandi markaður eða kauphöll er lokað verða endurteknu fyrirmælin um kaup þess í stað framkvæmd næsta tiltæka virka dag þar á eftir, og kann þá verð viðkomandi gernings að hafa breyst.

Þegar þú setur upp endurtekin fyrirmæli um kaup fyrir tiltekinn gerning veitir þú okkur heimild til að senda fyrirmæli þín um kaup til framkvæmdar með valinni tíðni án frekari leiðbeininga frá þér. Við höldum áfram að senda endurteknu fyrirmælin þín um kaup til framkvæmdar þar til þú hættir við eða eyðir endurteknu fyrirmælunum um kaup fyrir tiltekinn fjármálagerning. Þú getur hætt við og afturkallað endurtekin kaupfyrirmæli hvenær sem er.

Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að senda þér tilkynningu áður en hætt verður við tiltekin endurtekin kaupfyrirmæli eða fyrirmælum þínum um endurtekin kaup verður eytt (t.d. vegna fyrirtækjaaðgerðar eða þegar of mörg fyrirmæli í röð hafa mistekist vegna of lágrar innstæðu). Við berum ekki ábyrgð á tapi af nokkrum toga

sem þú verður fyrir vegna innsendra eða afturkallaðra endurtekinna kaupfyrirmæla, af öðrum sökum en vegna svika, ásetnings eða vítaverðs kæruleysis af okkar hálfu.

Endurteknum kaupfyrirmælum þínum kann að vera hafnað ef þú setur upp endurtekin kaupfyrirmæli

en hefur ekki næga innstæðu á fjárfestingarreikningnum eða á Revolut-viðskiptareikningnum, ef þú hefur virkjað sjálfvirka innlögn eins og lýst er í 43. kafla (Greiðsla fyrir fyrirmæli). Slíkt fellir ekki niður endurtekin kaupfyrirmæli sem eru á áætlun í framtíðinni, en við kunnum að ákvarða upp á okkar eigin einsdæmi að hætta við fyrirmæli þín um endurtekin kaup ef mörg endurtekin kaupfyrirmæli í röð mistakast vegna skorts á innstæðu.

Fjárfestingaráætlanir

Fyrir ákveðnar skiptihandfærðar eignir (ETP) geturðu lagt inn einnota kaup- og endurtekna kauppantanir án þess að greiða venjulegt þóknunargjald (við köllum það "**fjárfestingaráætlun**").

Ekki allar ETP-vörur sem eru fáanlegar á vettvangi okkar uppfylla skilyrði fjárfestingaráætlunarinnar. ETP-vörur sem uppfylla skilyrðin verða merktar sem slíkar í appinu og þú getur fundið fullan lista yfir ETP-vörur sem uppfylla skilyrðin í Revolut-appinu. Við áskiljum okkur rétt til að breyta listanum yfir ETP-vörur sem uppfylla skilyrðin eftir eigin hentisemi með fyrirvara.

Við munum ekki rukka þig þóknun fyrir einstaka kaup eða endurteknar kaupapöntanir á gjaldgengum ETP-um sem gerðar eru samkvæmt fjárfestingaráætluninni, jafnvel þótt þær fari fram úr þeim fjölda þóknunarlausra viðskipta sem þér eru veittir samkvæmt áskriftaráætlun þinni, ef við á. Önnur gjöld eins og gjöld fyrir gerninga kunna að vera innheimt (frekari upplýsingar er að finna í 39. kafla og hlutanum [Upplýsingar um fyrirframtilkynningar og gjöld](#)). Kauppantanir sem framkvæmdar eru í fjárfestingaráætluninni teljast ekki með í mánaðarlegum þóknunarlausum viðskiptum sem eru innifalin í áskriftarleiðinni þinni, ef við á.

Endurteknar kauppantir sem framkvæmdar eru samkvæmt fjárfestingaráætlun teljast ekki til mánaðarlegra þóknunarlausra viðskipta sem fylgja áskriftaráætlun þinni, ef við á.

Þú getur sett upp, hætt við, eytt eða breytt fjárfestingaráætlun fyrir kauphallarsjóði eins og öðrum endurteknum kaupfyrirmælum í fjárfestingarkerfinu.

Fyrirmæli á framlengdum opnunartíma markaða

Þessi undirkaflí á aðeins við um skráð hlutabréf í Bandaríkjunum. Hefðbundinn opnunartími markaða í Bandaríkjunum er yfirleitt á milli 9:30 að EST-tíma (í New York) og 16:00 að EST-tíma. Fyrirmæli á framlengdum opnunartíma markaða eru kaup- eða sölufyrirmæli á gerningi í Bandaríkjunum sem eru lögð fram utan hefðbundins opnunartíma markaða, á milli 4:00 og 9:30 að EST-tíma (sem við köllum „**tíma fyrir opnun markaðar**“) og á milli 16:00 og 20:00 að EST-tíma (sem við köllum „**tímann eftir lokun markaðar**“). Við köllum tímann fyrir og eftir hefðbundinn opnunartíma markaða einu nafni „**framlengdan opnunartíma markaða**“. Aðeins er hægt að leggja fram skilyrt fyrirmæli til framkvæmdar á framlengdum opnunartíma, um gerninga sem eru heil hlutabréf. Fyrirmæli eru sett í bið fyrir opnun markaðar strax eftir lokun markaðar á viðskiptadeginum á undan og eru gjaldgeng til framkvæmdar á tímanum fyrir opnun markaðar. Öll fyrirmæli sem ekki eru framkvæmd eða eru framkvæmd að hluta á tímanum fyrir opnun markaðar færast sjálfkrafa yfir á hefðbundinn opnunartíma markaðar og yfir á tímann eftir opnunartíma í tilvikum þegar fyrirmælin eru ekki framkvæmd að fullu. Hugsanlega verður hætt við fyrirmælin ef ekki er búið að framkvæma þau að fullu við lok tímans eftir lokun markaðar. Þú getur valið að stunda viðskipti og hætta viðskiptum á framlengdum opnunartíma markaða í Revolut-forritinu. Við áskiljum okkur rétt til að breyta framlengdum opnunartíma eða loka fyrir, tímabundið eða varanlega, viðskipti á framlengdum opnunartíma eða viðskipti með tiltekin hlutabréfa á framlengdum opnunartíma án þess að senda þér tilkynningu fyrirfram um slíkt. Viðskipti á framlengdum opnunartíma eru ekki í boði á opinberum frídögum á viðeigandi markaði eða í viðeigandi kauphöll í Bandaríkjunum. Við bjóðum aðeins upp á viðskipti á framlengdum opnunartíma fyrir verðbréf skráð í Bandaríkjunum sem hægt er að stunda viðskipti með í fjárfestingarkerfinu. Þar af leiðandi getur þú ekki stundað viðskipti með aðra gerninga fyrir eða eftir hefðbundinn opnunartíma viðkomandi markaðar eða kauphallar þar sem viðskipti fara fram með slíkan gerning. Ekki er hægt að leggja fram fyrirmæli um brot af hlutabréfum og einingum utan venjulegs opnunartíma markaða.

Skortsölufyrirmæli

Þú mátt ekki leggja fram, né munum við samþykkja, skortsölufyrirmæli í fjárfestingarkerfinu. Hugtakið „**skortsölufyrirmæli**“ á við um fyrirmæli um að selja gerning sem þú átt ekki þegar þú leggur fram fyrirmæli í fjárfestingarkerfinu um að selja slíkan gerning og sem þú gerir ráð fyrir að muni lækka í verði, sem gerir kleift að selja gerninginn á hærra verði og gefur þér tækifæri til að kaupa gerninginn aftur síðar á markaðinum á lægra verði og hagnast þannig á mismuninum á hærra og lægra verðinu. Þegar þú ætlar að selja gerning verður þú að hafa eignast slíkan gerning með því að leggja fram fyrirmæli, sem voru síðan framkvæmd í því skyni að kaupa slíkan gerning í fjárfestingarkerfinu.

19. Verð gerninga

Verð fyrir framkvæmd gernings er verðið sem undirliggjandi markaður eða kauphöll er reiðubúin að kaupa eða selja viðkomandi gerning á við framkvæmd fyrirsmæla frá þér. . Slíku getur utanaðkomandi miðlari ekki stjórnað nema í tilvikum þegar um skilyrt fyrirsmæli eða stöðvunarfyrirsmæli (tap) er að ræða, sem við eða utanaðkomandi miðlari munum aðeins framkvæma í samræmi við viðeigandi takmörk eða stöðvunarverð.

Við berum ekki ábyrgð á neinni hreyfingu á undirliggjandi markaði eða verðbréfamarkaði á milli þess tíma sem fyrirsmælin þín voru samþykkt og þess tíma sem við eða utanaðkomandi miðlari framkvæmdi fyrirsmælin, né á nokkrum mun á verðtilboðinu sem birtist í gegnum fjárfestingarkerfið og raunverulegu framkvæmdaverði sem við eða utanaðkomandi miðlari fékk á tímapunkti framkvæmdar.

Við tilteknað aðstæður kunna fyrirsmæli þín að vera framkvæmd á „betra“ verði og við aðrar aðstæður kunna fyrirsmælin að vera framkvæmd á „verra“ verði en tilboðið fyrir viðkomandi gerning sem birtist í fjárfestingarkerfinu. Ef fyrirsmælin þín eru framkvæmd á „verra“ verði en tilboðið fyrir viðkomandi gerning tilgreindi þegar þú lagðir fram fyrirsmælin er ekki á okkar ábyrgð að láta þér í té mismuninn á áðurnefndu verði.

Við reynum okkar ýtrasta til að tryggja að fyrirsmælin verði send til utanaðkomandi miðlara til framkvæmdar eða verði framkvæmd af okkur (eftir því sem við á) án tafar, en hins vegar berum við enga ábyrgð á hraða eða tímasetningu slíkrar framkvæmdar fyrirsmæla.

Við berum ekki ábyrgð á neinu tjóni sem þú verður fyrir ef verðið sem fyrirsmælin eru framkvæmd á er rangt, ekki hið sama og birtist í tilboðinu fyrir viðkomandi gerning í fjárfestingarkerfinu, ekki besta tiltæka verðið á undirliggjandi markaði eða kunni að verða fyrir öðrum tögum sem eru af öðrum sökum en vegna svika, ásetnings eða vítaverðs kæruleysis af okkar hálfu.

20. Tilboð

Við birtum nýjasta markaðsverð til kaups og sölu á hverjum gerningi sem hægt er að stunda viðskipti með í fjárfestingarkerfinu. Við köllum núverandi markaðsverð „**tilboð**“. Hvert tilboð birtist í fjárfestingarkerfinu um leið og það berst frá þjónustuveitu kerfis þriðja aðila á hefðbundnum opnunartíma markaða.

Öll tilboð sem birtast í fjárfestingarkerfinu eru leiðbeinandi, þ.e. þau eru áætluð út frá síðasta markaðsverði og aðeins til hliðsjónar og eru hvorki kaup- né sölutilboð fyrir gerning af nokkru tagi við tiltekið tilboð af nokkrum toga. Þegar þú leggur fram fyrirmæli samkvæmt tilboði sem birtist í fjárfestingarkerfinu eru fyrirmæli þín tilboð um að stunda viðskipti á þáverandi verði fyrir umræddan gerning.

Endanlegir skilmálar fyrir viðskipti af hvaða toga sem er í framhaldi af fyrirmælum þínum kunna að vera frábrugðnir tilboðinu sem fyrirmælin þín miðuðust við.

21. Meðferð fyrirmæla viðskiptavina

Ef við samþykkjum fyrirmælin frá þér framkvæmum við annaðhvort fyrirmælin frá þér sjálf með því að eiga viðskipti með því að nota eigin reikning (koma fram sem umbjóðandi) eða sendum fyrirmæli frá þér til framkvæmdar til utanaðkomandi miðlara (sem kemur fram sem umboðsmaður) í samræmi við [reglur okkar um meðferð fyrirmæla og bestu framkvæmd](#) sem þú samþykkir.

Þegar við framkvæmum fyrirmæli þín í hlutverki okkar sem umbjóðandi gerum við það með því að eiga viðskipti með því að nota eigin reikning. Það þýðir að við munum koma fram sem gagnaðili viðskipta þinna. Í slíkum tilvikum komum við ekki fram sem umboðsmaður þinn, en eigum þess í stað milliliðalaus viðskipti við þig. Þar af leiðandi kann að vera að við kaupum af þér eða seljum þér fjármálagerninga í eigin nafni og á eigin áhættu. Öll fyrirmæli sem við framkvæmum verða framkvæmd utan markaðar eða kauphallar, eins og þú samþykkir sérstaklega samkvæmt 24. kafla hér að neðan.

Að því er varðar bandarísk hlutabréf og bandarísk innlánsskírteini munum við bæði koma fram sem umboðsmaður og umbjóðandi þegar við framkvæmum fyrirmæli þín. Að því er varðar kauphallarsjóði, skuldabréf og aðra skuldagerninga munum við aðeins koma fram sem umboðsmaður og senda þín fyrirmæli til utanaðkomandi miðlara til framkvæmdar.

Okkur er skylt að gæta hagsmuna þinna þegar við framkvæmum fyrirmælin frá þér eða sendum þau til utanaðkomandi miðlara til framkvæmdar eða áframsendingar. Við munum grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að veita viðskiptavinum okkar ávallt bestu mögulegu niðurstöðu þegar við framfylgjum fyrirmælum viðskiptavina okkar eða þegar við sendum þau til utanaðkomandi miðlara. Hins vegar getum við ekki ábyrgst að besta mögulegi árangur náist í hvert skipti eða fyrir hvern viðskiptavin.

Við lítum á áframhaldandi sendingu þína á fyrirmælum í fjárfestingarkerfinu sem áframhaldandi samþykki þitt á reglum okkar um meðferð fyrirmæla og bestu

framkvæmd.

22. Fyrirmæli sem berast utan afgreiðslutíma og framkvæmd fyrirmæla þinna

Fyrirmæli sem berast utan afgreiðslutíma

Þú getur sent fyrirmæli um hvaða gerning sem er hægt að stunda viðskipti með í fjárfestingarkerfinu hvenær sem er á hefðbundnum opnunartíma markaða. Þegar þú leggur fram fyrirmæli utan reglulegs opnunartíma eða, þegar það stendur til boða, á framlengdum opnunartíma verða fyrirmæli þín ef til vill ekki framkvæmd miðað við tilboðið sem birtist í fjárfestingarkerfinu ef viðskipti á undirliggjandi markaði eða kauphöll eru ekki á tilgreindu verði við upphaf hefðbundins eða framlengds opnunartíma markaða. Við leggjum okkur þó sem fyrr fram um að framfylgja fyrirmælum þínum þrátt fyrir þessar hreyfingar. Slíkt köllum við „**fyrirmæli utan hefðbundins opnunartíma**“.

Revolut Securities ber enga ábyrgð á tapi sem þú kannt að verða fyrir vegna verðsveiflna þegar fyrirmæli eru lögð fram utan hefðbundins opnunartíma, eða utan framlengds opnunartíma, þegar slíkt er í boði.

Þú getur lagt fram beiðni um að hætta við fyrirmæli þín utan hefðbundins opnunartíma eða framlengds opnunartíma hvenær sem er fyrir opnun viðkomandi undirliggjandi markaðar eða kauphallar. Hins vegar getum við ekki ábyrgst að geta orðið við beiðni um að hætta við þegar þú hefur sent hana inn. Þar af leiðandi ættir þú að leggja fram beiðni um að hætta við fyrirmæli þín utan hefðbundins eða framlengds opnunartíma áður en viðkomandi undirliggjandi markaður eða kauphöll opnar og hefðbundin viðskiptalota hefst til að koma í veg fyrir áhættu er tengist afturköllun fyrirmæla utan hefðbundins eða framlengds opnunartíma eða vegna verðbreytinga um leið og undirliggjandi markaður eða kauphöll opnar.

Framlagning og framkvæmd fyrirmæla

Þú verður að koma fram fyrir eigin hönd og eigin reikning hvað öll fyrirmæli varðar sem þú leggur fram í fjárfestingarkerfinu og þú mátt ekki leggja fram fyrirmæli fyrir hönd annarra aðila.

Þegar þú leggur fram fyrirmæli í fjárfestingarkerfinu verður þú annaðhvort að setja inn peningalegt verðmæti gerningsins sem þú óskar eftir að kaupa eða selja, eða tiltekinn fjölda verðbréfa eða eininga gerninganna sem þú óskar eftir að kaupa eða selja, sem kann að valda því að þegar um er að ræða hlutabréf eða einingar kaupir þú eða seljir

brot af slíkum hlutabréfum eða einingum. Hvað fyrirmæli utan hefðbundins opnunartíma varðar um gerninga sem eru brot af hlutabréfum eða einingum tókum við aðeins við reiðufjárskyrtum sem berast í gegnum fjárfestingarkerfið. Ekki er hægt að stunda viðskipti með brot af hlutabréfum og einingum utan venjulegs opnunartíma markaða.

Þú verður að ganga úr skugga um að skilmálar fyrirmæla séu réttir og heildstæðir áður en þú leggur fram fyrirmæli í fjárfestingarkerfinu. Við sannreynum ekki nákvæmni fyrirmælanna fyrir framkvæmd og við kunnum að gera ráð fyrir að fyrirmælin þín, eins og þau berast til okkar, séu nákvæm og ítarleg.

Engin fyrirmæli sem þú leggur fram í fjárfestingarkerfinu öðlast gildi fyrr en við móttöku og samþykkingu fyrirmælin. Eftir að okkur berast slík fyrirmæli er hvorki hægt að afbóka né breyta fyrirmælunum án okkar samþykkis.

Við getum ekki ábyrgst að nokkur þau fyrirmæli sem við höfum staðfest móttöku á í fjárfestingarkerfinu verði framkvæmd, hvort sem er af okkur eða utanaðkomandi miðlara. Gild fyrirmæli teljast ekki bindandi viðskipti fyrr en viðkomandi fyrirmæli eru samþykkt og framkvæmd af utanaðkomandi miðlara og staðfest af okkur í fjárfestingarkerfinu með staðfestingu á viðskiptunum og/eða reikningsyfirliti.

Við berum enga ábyrgð á neins konar tapi sem þú kannt að verða fyrir vegna sendingar okkar á fyrirmælum þínum til utanaðkomandi miðlara eða framkvæmdar fyrirmælanna eins og við tókum við þeim, nema tapið megir rekja til svika, ásetnings eða vítaverðs gáleysis af okkar hálfu.

23. Synjun fyrirmæla

Við gætum neitað að samþykkja fyrirmæli um að stöðutöku við eftirfarandi aðstæður:

- þegar ekki eru nægilegir fjármunir á fjárfestingarreikningnum þínum til að greiða fyrir fyrirmælin eða ef samþykki fyrirmæla færir yfir hámarkið samkvæmt áskriftarleiðinni þinni;
- tilboðið sem birtist í fjárfestingarkerfinu fyrir viðkomandi gerning er ekki lengur gilt, þ.m.t. þegar greiðslugeta er lítil eða miklar verðbreytingar verða;
- við höfum rökstuddan grun um að tafir verði á tilboðinu sem birtist í fjárfestingarkerfinu fyrir viðkomandi gerning;
- við höfum rökstuddan grun um að þú leggir fram fyrirmæli í fjárfestingarkerfinu sem hluta af fyrirlitun til misnotkunar eða markaðssvika;

- viðskiptin sem verða til vegna fyrirmæla þinnar myndu brjóta í bága við gildandi lög eða þessa skilmála;
- greiðsluprotstilvik varð í sambandi við gerninginn sem fyrirmælin eða færslan á við um;
- fyrirtækjaaðgerð varð í sambandi við gerninginn sem fyrirmælin eða færslan á við um;
- fyrirmælin ná ekki lágmarksupphæð fyrirmæla;
- þú andast eða verður fyrir fötlun, eða við höfum rökstudda ástæðu til að ætla slíkt;
- óvenjulegur atburður eða markaðsröskun hefur átt sér stað;
- fyrirmæli eða viðskipti þín í tengslum við fyrirmæli þín er augljós villa, eins og skýrt er nánar í 29. kafla (Röng tilboð og aðrar villur);
- tilkynning barst um að loka fjárfestingarreikningi þínum, en í slíkum tilvikum er heimilt að senda inn fyrirmæli í fjárfestingarkerfinu til að loka opnum stöðum, án þess að taka nýjar opnar stöður og framkvæma fyrirmæli sem voru lögð fram áður en tilkynning um lokun barst, að því gefnu að þegar slík fyrirmæli eru framkvæmd hækki upphæðin á fjárfestingarreikningi þínum;
- pöntun þín eða viðskipti sem stafa af pöntun þinni varða penny stock. Penny stock er bandarískt hlutabréf skráð í Bandaríkjunum sem við bjóðum til viðskipta á fjárfestingarpallinum og þar sem daglegt meðalverð á markaði helst stöðugt undir lágmarkspöntunargildi fyrir bandarísk skráð hlutabréf. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu að fjármálagerningur uppfylli skilyrði penny stock, getum við stöðvað allar kaupapantanir í viðkomandi fjármálagerningi;
- Ef það að samþykkja fyrirmælin myndi leiða til þess að farið yrði yfir þau stöðumörk sem við höfum sett á fjárfestingarreikningi þínum.

Við kunnum að hafna fyrirmælum þínum af öðrum ástæðum en þeim sem tilgreindar eru hér á undan, en aðeins ef við höfum gilda ástæðu fyrir slíku, þ.m.t. án takmarkana, höfnun miðað við eigin skilyrði eða takmarkanir okkar eða utanaðkomandi miðlara eða markaðar eða kauphallar, eða í því skyni að þú standir við skuldbindingar þínar við okkur eða takmarkanir sem eiga við um gerninga þína eða fjárfestingarreikning þinn.

Ef við verðum þess áskynja, eftir að við höfum samþykkt fyrirmæli þín, að einhverjar af ofangreindum aðstæðum voru fyrir hendi þegar eða áður en við samþykktum fyrirmæli þín kunnum við að gera eitthvað af eftirfarandi:

- ógilt fyrirmælin og öll viðskipti sem af þeim leiða eins og þau hefðu aldrei verið samþykkt; og

- heimilað að fyrirmælin og öll viðskipti sem af þeim leiða haldi gildi sínu þar til þeim lýkur samkvæmt þessum skilmálum.

Við gerum okkar besta til að láta þig vita fyrirfram ef við grípum til einhverra ofangreindra aðgerða en ef það er ekki gerlegt látum við þig vita eins fljótt og auðið er eftir það.

Engar aðgerðir sem við grípum til samkvæmt þessum kafla hafa áhrif á önnur réttindi okkar til aðgerða samkvæmt þessum skilmálum eða gildandi lögum.

Við berum enga ábyrgð á neins konar tapi sem þú kannt að verða fyrir vegna þess að við neitum að samþykkja fyrirmæli þín, nema tapið megi rekja til svika, ásetnings eða vítavæðs gáleysis af okkar hálfu.

Hvað peningamarkaðssjóði varðar, til viðbótar við ástæðurnar hér á undan sem eru ekki tæmandi, kunnum við einnig að hafna fyrirmælum þínum ef sjóðsstjóri hefur lýst yfir miklu álagi markaðsumhverfis hvað varðar peningamarkaðssjóð með lítið flökt í innra virði, eins og útskýrt er nánar í áætlun um sveigjanlega peningamarkaðssjóði eða ef sjóðsstjóri hefur í viðskiptaskyni tímabundið hætt að ákvarða innlausnarvirði hvers hlutabréfs í hvaða peningamarkaðssjóði sem er af ástæðum sem lýst er nánar í útboðslýsingu viðkomandi peningamarkaðssjóðs. Við köllum slíka tímabundna lokun sem sjóðsstjóri lýsir yfir samkvæmt útboðslýsingunni „**tímabundna frestun**“.

24. Framkvæmd fyrirmæla

Öll fyrirmæli eru framkvæmd samkvæmt [reglum um meðferð fyrirmæla og bestu framkvæmd](#). Þar að auki samþykkir þú eftirfarandi:

- þú mátt ekki leggja fram, né munum við samþykkja, takmarka eða stöðva fyrirmæli gerninga sem eru brot af hlutabréfum eða einingum í fjárfestingarkerfinu;
- við munum framkvæma markaðspantanir, takmörkunarpantanir, stöðvunarpantanir, endurteknar kaupsóknir og pantanir á framlengdum markaðstímum sem aðal eða senda þær til þriðja aðila, þ.e. miðlara, til framkvæmdar sem fyrst; markaðsaðstæður, tiltækt lausafé og tæknileg vandamál geta hins vegar haft áhrif á hversu langan tíma það tekur utanaðkomandi miðlara að framkvæma markaðsfyrirmæli, skilyrt fyrirmæli, fyrirmæli um stöðvun, endurtekin fyrirmæli um kaup eða fyrirmæli utan markaðstíma og öll slík fyrirmæli verða framkvæmd við fyrsta mögulega tækifæri;
- öll fyrirmæli utan afgreiðslutíma sem þú leggur inn í fjárfestingarkerfinu verða framkvæmd eða send til utanaðkomandi miðlara um leið og undirliggjandi

markaður eða kauphöll þar sem viðskipti með gerninginn eiga sér stað er opnuð samkvæmt hefðbundnu viðskiptatímabili;

- þegar þú velur viðskipti á framlengdum markaðstíma og leggur fram fyrirmæli um viðskipti á framlengdum markaðstíma sendum við fyrirmælin þína til utanaðkomandi miðlara til framkvæmdar um leið og hægt er og samkvæmt leiðbeiningum þínum. Það fer eftir tímanum þegar þú leggur fram fyrirmælin á framlengdum markaðstíma hvort fyrirmælin verði send og framkvæmd, annaðhvort fyrir markaðstíma, á hefðbundnum markaðstíma eða eftir lokun markaðar. Í tilvikum þegar þú afþakkar viðskipti á framlengdum markaðstíma verða öll fyrirmæli sem þú leggur fram í Revolut-forritinu send til utanaðkomandi miðlara og framkvæmd á hefðbundnum markaðstíma;
- við getum ekki ábyrgst að fyrirmæli af öllu tagi, þ.m.t. skilyrt fyrirmæli eða stöðvunarfyrirmæli verði framkvæmd, jafnvel ef verð gerningsins nær marki kaup- eða söluverðs fyrir skilyrt verð eða stoppverð, og
- um leið og við höfum samþykkt fyrirmælin getur þú hvorki breytt né hætt við fyrirmælin að því undanskildu að þú hafir fengið staðfestingu frá okkur um að við þurfum að breyta eða hætta við fyrirmælin vegna truflunartilviks á markaði.

Við berum ekki ábyrgð á tjóni sem þú verður fyrir ef:

- utanaðkomandi miðlari framkvæmir eða fyrirmæli um stöðvun á öðru verði en kaupverði eða verði viðstöðvun sem þú tilgreindir þegar þú lagðir fram skilyrtu fyrirmælin eða stöðvunarfyrirmælin í fjárfestingarkerfinu;
- framkvæmd fyrirmælanna er háð hugsanlegum tögum sem við höfum ekki stjórn á;
- hætt hefur verið við fyrirmælin, eða
- fyrirmælin þín eru ekki framkvæmd, af öðrum sökum en vegna svika, ásetnings eða vítaverðs kæruleysis af okkar hálfu.

Í sjaldgæfum tilvikum, og alltaf þegar við framkvæmum fyrirmæli þín fyrir eigin reikning, kunna fyrirmæli þín að vera afgangið utan markaðs eða kauphallar. Hafðu í huga að fyrirmæli sem eru framkvæmd utan markaðar eða kauphallar hafa aukna áhættu í för með sér, svo sem mótaðilaáhættu. Frekari upplýsingar um áhættu sem fylgir framkvæmd fyrirmæla utan markaðar eða kauphallar er að finna í [lýsingu á þjónustu, fjármálagerningum og áhættu](#).

Þegar þú samþykkir þessa skilmála veitir þú okkur yfirlýst samþykki um að við tilteknaðstæður, og ávallt þegar um er að ræða brot af hlutabréfum og peningamarkaðssjóðum, kunni fyrirmæli þín að vera framkvæmd utan markaðar eða

kauphallar (þ.e. utan skipulags markaðar, markaðstorga fjármálagerninga eða skipulegra markaðstorga).

25. Brot af hlutabréfum

Tilteknir gerningar sem eru í boði í fjárfestingarkerfinu eru gjaldgengir fyrir viðskipti með brot af hlutabréfum. Þetta þýðir að þú getur lagt fram fyrirsmæli um að kaupa eða selja fjármálagerning sem er minni en heilt hlutabréf eða eining með því að nota annaðhvort brot af hlutabréfi eða einingu eða peningalegt verðmæti. Við köllum slík hlutabréf og einingar „**brot af hlutabréfum**“. Upplýsingar um hvaða fjármálagerningar eru gjaldgengir fyrir viðskipti með brot af hlutabréfum er að finna í Revolut-forritinu.

Aukin áhætta fylgir fjárfestingum í brotum af hlutabréfum í samanburði við fjárfestingar í heilum verðbréfum eða einingum. Áður en þú leggur fram fyrirsmæli í fjárfestingarkerfinu fyrir gerninga sem eru brot af hlutabréfum skaltu íhuga hvort að þú hafir kynnt þér nægjanlega sérstaka áhættu, eiginleika og takmarkanir sem fylgja viðskiptum með brot af hlutabréfum. Þú ættir sérstaklega að hafa í huga eftirtalin atriði varðandi brot af hlutabréfum:

- slík brot hafa ekkert söluverðmæti utan fjárfestingarkerfisins;
- ekki er hægt að flytja slík brot yfir í kerfi þriðja aðila;
- er aðeins hægt að selja slík brot í fjárfestingarkerfinu, og
- einungis er hægt að taka söluágóða fyrir slík brot út af fjárfestingarreikningi þínum.

Ef fjármálagerningur er ekki lengur gjaldgengur fyrir viðskipti með brot af hlutabréfum getur þú ekki lagt fram ný fyrirsmæli í gegnum fjárfestingarkerfið í þeim gerningi sem felur í sér brotið eða framkvæmt ný viðskipti með gerninginn sem felur í sér brot nema ætlunin sé að loka opnum stöðum í gerningnum.

Þér, okkur og utanaðkomandi miðlara er ekki heimilt að grípa til valkvæðra eða valfrjálsra aðgerða varðandi brot hlutabréfa af neinu tagi. Samt sem áður, ef fyrirtækjatilvik á sér stað í tengslum við gerning, færðu greidda vexti í hlutfalli við eignarhlut í gerningnum sem um ræðir sem felur í sér öll brot af hlutabréfum sem þú kannt að eiga.

Þú getur ekki flutt brot af hlutabréfum yfir í kerfi þriðja aðila. Þegar þú lokar fjárfestingarreikningnum eða færir gerninga á fjárfestingarreikningnum yfir í kerfi þriðja aðila verður þú að selja alla gerninga þína sem eru brot af hlutabréfum og þarft hugsanlega að greiða aukagjöld. Frekari upplýsingar um viðeigandi kostnað og gjöld er

að finna í 39. kafla (kostnaður og gjöld) og í [upplýsingum um fyrirframgreiddan kostnað og gjöld](#).

Við höldum skrá yfir og þegar þörf krefur námundum við fjölda hluta brota af hlutabréfum í þinni eigu í bókhaldi og skráningu okkar að áttunda aukastaf, virði hluta hlutabréfa að næsta senti og allar arðgreiðslur af brotum af hlutabréfum að næsta senti.

Við getum ekki tryggt að allir gerningar sem eru í boði í fjárfestingarkerfinu séu gjaldgengir fyrir viðskipti með brot af hlutabréfum.

Í tengslum við brot af hlutabréfum munum við koma fram ýmist sem umboðsmaður (í því tilviki munum við senda fyrirmæli þín til miðlara til framkvæmdar) eða sem umbjóðandi (í því tilviki munum við framkvæma fyrirmæli þín með því að eiga viðskipti með því að nota eigin reikning), eins og lýst er nánar í 21. hluta.

26. Uppgjör

Við skuldfærum af fjárfestingarreikningnum alla áskilda fjármuni í gjaldmiðlinum sem viðskipti með viðeigandi gerning fara fram í á viðeigandi markaði eða kauphöll til að greiða fyrir öll fyrirmæli sem þú leggur fram í fjárfestingarkerfinu. Slíkt kann að fela í sér viðbótarfjárhæðir til að jafna færslu ef fyrirmæli eru á endanum framkvæmd af utanaðkomandi miðlaranum á hærra verði en tilboðið sem fyrirmælin miðuðust við í upphafi. Slíkt kann t.d. að henda ef sveiflur eru á markaði sem hafa áhrif á tilboðið sem fyrirmælin miðuðust við í upphafi, eftir að umrædd fyrirmæli voru framkvæmd eða send utanaðkomandi miðlara til framkvæmdar.

Þegar þú leggur fram fyrirmæli um að selja gerning í fjárfestingarkerfinu og söluhagnaður fellur þér í skaut verður andvirði slíks hagnaðar tekjufærður á fjárfestingarreikninginn þinn. Hafðu samt í huga að þrátt fyrir að slíkur söluhagnaður sé tekjufærður á fjárfestingarreikninginn þinn getur þú ekki tekið hagnaðinn út þar til lokið er við að gera upp fyrirmælin sem tengjast fyrirmælunum um að selja viðkomandi gerning. Á flestum undirliggjandi mörkuðum fer uppgjör á öllum gerningum sem hægt er að stunda viðskipti með í fjárfestingarkerfinu yfirleitt fram innan tveggja (2) virkra daga frá því að fyrirmælin eru framkvæmd. Þú getur fengið frekari skilgreiningu á virkum degi í eftirfarandi [algengum spurningum](#). Nákvæmur uppgjörstími kann að velta á margvíslegum þáttum, þ.m.t. viðkomandi markaði, gerningum og tengdum markaðsaðstæðum.

Þegar þér ber að fá hagnað eða vaxtamiða (vexti) greiddan eða aðrar reiðufjárgreiðslur fyrir gerningana í þinni eigu skaltu hafa í huga að uppgjör vaxtagreiðslna fer yfirleitt fram innan fimm (5) virkra daga. Við tekjufærum virði slíkra greiðslna eða annarra reiðufjárgreiðslna inn á fjárfestingarreikninginn þinn eins fljótt og auðið er, en vegna mikils fjölda milliliða í greiðslu- og dreifingarferlinu kunna að koma upp aðstæður þar sem uppgjórið tekur lengri tíma en ella.

27. Fyrirtækjaaðgerðir

Gerningur sem þú átt á fjárfestingarreikningi þínum getur orðið fyrir hugsanlegum breytingum vegna fyrirtækjaaðgerða sem viðkomandi útgáfufélag viðkomandi gernings grípur til, sem geta haft dreifð eða samþjappandi áhrif á markaðsvirði þess gernings. Fyrirtækjaaðgerð getur falið í sér hluthafafund, úthlutun hagnaðar, verðbréfa, réttinda eða heimilda sem veita eigendum fjármálagerninga rétt til verðbréfaúthlutunar eða til að kaupa, skrá eða taka á móti verðbréfum frá útgáfufélaginu, í öllum tilvikum gegn greiðslu, í reiðufé eða á annan hátt. Við eða utanaðkomandi miðlari getur, án fyrirvara, selt eða með öðrum hætti innleyst öll eða einhvern hluta þeirra verðbréfa, réttinda eða ábyrgða sem þú færð vegna fyrirtækjaaðgerða, sem ekki er hægt að halda fyrir fjárfestingarreikninginn þinn.

Ef greiðslur á arðgreiðslum eru inntar af hendi á nokkru þeirra verðbréfa sem þú átt og berast þér vegna fyrirtækjaaðgerðar, munum við sjá til þess að tekjurnar af slíkri fyrirtækjaaðgerð verði færðar á fjárfestingarreikninginn þinn um leið og við fáum þær.

Að því marki sem gildandi lög krefjast munum við senda þér þessar upplýsingar í gegnum Revolut-forritið eða með tölvupósti þegar við fáum upplýsingar frá útgefanda viðkomandi gernings sem verslað er með á markaði eða á verðbréfamarkaði í ESB („**skráðir gerningar í ESB**“) sem þú geymir á fjárfestingarreikningi þínum. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar til að þú getir nýtt þér réttindi sem hluthafi sem fylgja slíkum gerningum. Ef útgefandi gerir þessar upplýsingar aðgengilegar á vefsvæði sínu munum við aðeins senda þér tengil á vefsvæðið þar sem slíkar upplýsingar eru birtar. Ef útgefandi veitir þér slíkar upplýsingar beint sendum við þær ekki til þín. Við berum ekki ábyrgð á nákvæmni eða réttmæti slíkra upplýsinga og við munum senda þær á því tungumáli sem við höfum móttengið þær.

Að því marki sem kveðið er á um í gildandi lögum og samkvæmt skýrri beiðni þinni munum við greiða fyrir því að þú nýtir þér réttindi þín sem hluthafi sem fylgir gjaldgengum gerningum innan ESB sem þú átt á fjárfestingarreikningi þínum, þar á meðal rétt þinn sem hluthafi til að taka þátt í og greiða atkvæði á hluthafafundum. Við

kunnum að innheimta þóknanir, gjöld og allan annan eðlilegan kostnað sem við stofnum til í tengslum við slíkar fyrirtækjaaðgerðir.

Við gætum þurft að gefa útgefendum slíkra gerninga eða þriðja aðila, sem þeir tilnefna, upp persónuupplýsingar þínar og upplýsingar um eignarhlut þinn í tilteknum gerningum sem skráðir eru innan ESB. Þú samþykkir að við megum deila viðeigandi upplýsingum um þig, að því marki sem gildandi lög krefjast, með útgefanda eða þriðja aðila sem útgefandi tilnefnir.

Í hvert sinn sem útgefandi tiltekins skráðs fjármálagernings í ESB, sem þú átt á fjárfestingarreikningi þínum, stofnar til valfrjálsrar eða skyldubundinnar fyrirtækjaaðgerðar, veitir þú okkur heimild til að koma fram fyrir þína hönd varðandi slíka fyrirtækjaaðgerð og nýta einhver af réttindum þínum sem hluthafa sem fylgja viðkomandi fjármálagerningi. Þar sem því verður við komið veljum við reiðufjárvalkostinn sem veitir þér rétt til að fá reiðufé inn á fjárfestingarreikninginn þinn frekar en aðra valkosti. Ef reiðufjárvalkosturinn er ekki fyrir hendi veljum við sjálfgefna valkostinn sem útgefandinn býður upp á, nema við teljum að slíkur valkostur sé þér ekki í hag. Einnig ef ekki er hægt að halda gerningnum, réttindum eða ábyrgðum sem þú gætir fengið eftir að hafa valið slíkan valkost á fjárfestingarreikningnum þínum eða ef aðrar gildar ástæður til að velja ekki sjálfgefna valkostinn eru til staðar að okkar mati. Þú getur látið okkur vita í gegnum Revolut-forritið ef þú heimilar okkur ekki lengur að koma fram fyrir þína hönd varðandi tiltekna fyrirtækjaaðgerð.

Með því að undirrita þennan samning heimilar þú og fyrirskipar okkur að koma fram fyrir þína hönd hvað varðar fyrirtækjaaðgerðir útgefenda skráðra fjármálagerninga í ESB.

Við berum ekki ábyrgð á neinu tapi eða kostnaði sem þú verður fyrir vegna einhversrar aðgerðar af okkar hálfu, eða sem við forðumst að grípa til að því er varðar hvers kyns tilvik fyrirtækjaaðgerða, annarra en þeirra sem rekja má til svika okkar, vísvitandi athafna eða vítaverðs gáleysis.

28. Staðfestingar viðskipta og reikningsyfirlit

Eftir að fyrirmælum þínum hefur verið framfylgt munum við staðfesta viðskiptin sem leiða af pöntun þinni ekki síðar en einn (1) virkan dag eftir framkvæmdina með því að birta staðfestingu á fjárfestingarpallinum. Við köllum þetta "**viðskiptastaðfesting**". Gildi viðskiptanna verður þó ekki skert þótt við birtum ekki viðskiptastaðfestinguna á fjárfestingarpallinum innan þessa tímabils eða yfir höfuð.

Við munum leggja fram yfirlýsingu varðandi opnar stöður þínar, fyrirmæli og viðskipti og aðra starfsemi fjárfestingarreikninga í gegnum fjárfestingarkerfið fyrsta dag hvers mánaðar fyrir virkni fyrri mánaðar. Við köllum þetta „**reikningsyfirlit**“.

Þú getur búið til mánaðarlegar yfirlýsingar sem tengjast fjárfestingarreikningi þínum eða eignasafni peningamarkaðssjóðs hvenær sem er í gegnum fjárfestingarkerfið. Þessi yfirlit munu skrá viðskiptastarfsemi, rekstrarreikninga, opnar stöður og sjóðsstöðu fjárfestingarreiknings þíns. Fyrir peningamarkaðssjóði eru þessi yfirlit einkum tegund reikningsyfirlits og munu skrá viðskiptastarfsemi, verga ávöxtun á hlutabréfum þínum og önnur gjöld, þóknanir sem og upphæðir staðgreiðsluskatts sem við gætum hafa dregið frá. Fjárfestingarreikningur þinn eða eignasafn peningamarkaðssjóðs, eftir því sem við á, verður uppfært eigi síðar en tuttugu og fjórum (24) klukkustundum eftir að einhverjar aðgerðir hafa átt sér stað á reikningnum þínum.

Ef þú ert **lögaðili** verða eignasafnsyfirlit peningamarkaðssjóðsins aðgengileg í upphafi almanaksmánaðar og munu endurspegla eignasafnsstarfsemi þína næsta mánuð á undan.

Afhending viðskiptastaðfestinga og reikningsyfirlita í gegnum fjárfestingarkerfið og geta þín til að búa til yfirlit a.m.k. ársfjórðungslega telst vera afhending slíkra gagna. Við getum afturkallað eða breytt slíkum gögnum hvenær sem er. Við þurfum ekki að senda þér viðskiptastaðfestingar eða reikningsyfirlit á pappír.

Þú verður að yfirfara allar viðskiptastaðfestingar og reikningsyfirlit sem veitt eru í gegnum fjárfestingarkerfið til að ganga úr skugga um að þau séu nákvæm og rétt. Ef þú telur að viðskiptastaðfesting eða reikningsyfirlit sem þú færð sé rangt (til dæmis vegna þess að það vísar til fyrirmæla sem þú hefur ekki sent í gegnum fjárfestingarkerfið til framkvæmdar) verður þú að láta okkur vita tafarlaust.

Viðskiptastaðfestingar og reikningsyfirlit, nema þegar um augljósar villur er að ræða, teljast endanleg samkvæmt fyrirmælum þín og eiga við um þig nema:

- þú mótmælir skriflega með skilaboðaeiginleikanum í Revolut-forritinu innan fimm (5) viðskiptadaga frá því að viðskiptastaðfestingin eða reikningsyfirlitið er veitt; eða
- við látum þig vita af öllum skýrum og augljósum villum í viðskiptastaðfestingunni eða reikningsyfirlitinu.

Þú getur ekki andmælt neinum upplýsingum í viðskiptastaðfestingu eða reikningsyfirliti sem eru ónákvæmar eða rangar ef þú athugaðir þær ekki vandlega eða ef þú mótmæltir ekki skriflega neinum upplýsingum í þeim, eða ef upplýsingar vantar í viðskiptastaðfestinguna eða reikningsyfirlitið.

Við munum líta á öll mistök þín við að tilkynna okkur um andmæli þín sem samþykki þitt á staðfestingum og yfirlýsingum um viðskipti.

29. Rangfærslur og aðrar villur

Tilboðin sem við birtum í gegnum fjárfestingarkerfið geta verið með fyrirvara um villur, úrfellingar eða rangfærslur frá okkur eða þriðja aðila, sem eru greinilega augljósar þegar tekið er tillit til markaðsaðstæðna, þ.m.t. ríkjandi markaðsverðs gernings, sem var fyrir hendi þegar þú lagðir inn fyrirmæli þín í gegnum fjárfestingarkerfið. Við köllum þetta „**augljósa villu**“ sem þú hefur einnig átt að bera kennsl á í góðri trú. Ef viðskipti eru byggð á augljósri villu, óháð því hvort þú hagnast á villunni eða hvort við höfum góðar ástæður til að telja svo vera, getum við gripið til eftirfarandi ráðstafana:

- ógilt fyrirmælin og öll viðskipti sem af þeim leiða eins og þau hefðu aldrei verið samþykkt;
- heimilað að fyrirmælin og öll viðskipti sem af þeim leiða haldi gildi sínu þar til þeim lýkur samkvæmt þessum skilmálum; og
- annaðhvort breytt viðskiptunum sem leiddu af þeim eða stofnað til nýrra viðskipta þannig að skilmálar þeirra væru í báðum tilvikum þeir sömu og ef viðskiptin hefðu verið gerð eða haldið áfram ef viðskiptin hefðu ekki byggst á augljósri villu.

Við ákvörðun á því hvort viðskipti séu byggð á augljósri villu munum við taka tillit til allra viðeigandi upplýsinga, þar á meðal stöðu markaðarins þegar villan átti sér stað, ríkjandi markaðsverðs slíks gernings eða hvers kyns villu í eða skorti á skýrleika þeirra markaðsgagna sem við fáum frá þriðju aðilum og sem við byggðum verðtilboð okkar á.

Við munum gera okkar besta til að láta þig vita fyrirfram ef við grípum til einhverra ofangreindra aðgerða en ef það er ekki gerlegt munum við láta þig vita eins fljótt og auðið er eftir það. Ef þú telur að viðskipti séu byggð á augljósri villu verður þú að láta okkur vita tafarlaust.

Ef við komumst að því að viðskipti eru byggð á augljósri villu og við grípum til einhverra ofangreindra aðgerða, mun söluhagnaður sem stafar af loknum viðskiptum eða einhverri opinni stöðu vegna þeirra gjaldfalla og ber að greiða okkur án tafar.

Við berum ekki ábyrgð á neinu tapi sem þú verður fyrir vegna viðskipta sem byggjast á augljósri villu nema slíkt tap verði vegna svika, vísvitandi athæfis eða vítaverðs gáleysis okkar.

30. Röskun á markaði og undantekningartilvik

Stundum geta ákveðnir markaðsatburðir truflað getu þína til að hefja viðskipti í gegnum fjárfestingarkerfið. Við köllum þessa atburði „**atburði sem valda röskun á markaði**“. Atburður sem veldur röskun á markaði felur í sér eitthvað af eftirfarandi:

- fjármálagerningurinn sem þú átt eða undirliggjandi markaður sem gerningurinn á viðskipti á er markmið yfirtökutilboðs eða samrunaútboðs eða greiðsluþrotatilvik á sér stað í tengslum við útgefanda slíks fjármálagernings, eða slíkur útgefandi fellur undir eftirgjöf eða svipaðar aðgerðir stjórnvalda, bankaþjónustu eða annarra eftirlitsyfirvalda;
- viðskipti með gerninginn eru stöðvuð tímabundið eða takmörkuð af hvaða ástæðu sem er, þ.m.t. en ekki takmarkað við, breytingar á verði gerningsins sem fara yfir þau mörk sem viðkomandi undirliggjandi markaður eða verðbréfamarkaður setur, eða viðskipti með gerninginn takmarkast af því að viðkomandi undirliggjandi markaður eða verðbréfamarkaður bætir við sérstökum eða óvenjulegum skilmálum;
- viðskipti sem þú hefur gert í tengslum við fjármálagerninga í gegnum fjárfestingarkerfið eru afturkölluð eða stöðvuð tímabundið af viðkomandi undirliggjandi markaði eða verðbréfamarkaði;
- óvenjulegar hreyfingar á umfangi eða óvenjulegt tap á lausafé að því er varðar gerninginn; eða
- sérhver annar atburður sem við höfum góðar ástæður til að ætla að hafi leitt til markaðsröskunar að því er varðar gerninginn.

Ef við komumst að þeirri niðurstöðu að atburður sem veldur röskun á markaði hafi átt sér stað einhvern þann dag sem áætlað er að gerningurinn eigi viðskipti á, samkvæmt sínu reglubundna viðskiptatímabili á undirliggjandi markaði eða verðbréfamarkaði, þá munum við meðhöndla þennan dag sem „**markaðsröskunardag**“.

Þar að auki, þótt við munum gera eins mikið og mögulegt er til að tryggja að fjárfestingarkerfið og fjárfestingarþjónustan starfi án truflunar og standi þér ávallt til boða, geta komið upp óvenjulegar aðstæður eða neyðaraðstæður á markaði sem við höfum ekki stjórn á og geta komið í veg fyrir að við getum staðið við skuldbindingar okkar samkvæmt þessum skilmálum. Við köllum þetta „**undantekningartilvik**“.

Undantekningartilvik felur í sér eitthvað af eftirfarandi:

- sérhverja athöfn, tilvik eða atburð (meðal annars verkfall, eldsvoða, upppot eða borgaralegt upppot, náttúruhamfarir, farsótt, heimsfaraldur eða neyðarástand sem varðar lýðheilsu innanlands eða á alþjóðavettvangi, hryðjuverk, stríð, iðnaðaraðgerðir, lög og reglugerðir stjórnvalda eða yfirþjóðlegra stofnana eða yfirvalda) sem við höfum góðar ástæður til að ætla að komi í veg fyrir að við getum framkvæmt, eða tefji á annan hátt fyrir því að við getum uppfyllt einhverjar eða allar skuldbindingar okkar samkvæmt þessum skilmálum;
 - tímabundna stöðvun eða lokun undirliggjandi markaðar eða verðbréfamarkaðar eða misbrest á einhverju tilviki sem við byggjum á, eða sem við á einhvern hátt tengjum við tilboð okkar;
 - hvers kyns bilun eða villu í sendi-, samskipta- eða tölvubúnaði, truflun á aflgjafa eða bilun í rafeinda- eða fjarskiptabúnaði;
 - vanrækslu utanaðkomandi miðlara af einhverjum ástæðum við að sinna skyldum sínum sem við höfum ekki stjórn á;
 - misbrestur sem veldur því að markaður eða verðbréfamarkaður sinnir ekki skyldum sínum af einhverjum ástæðum; eða
 - þjóðnýtingu undirliggjandi markaðar eða verðbréfamarkaðar sem gerningur á viðskipti á af hálfu hins opinbera.
-
- Ef markaðsröskunardagur eða undantekningartilvik hefur átt sér stað, eða ef við höfum góðar ástæður til að telja svo vera, getum við gripið til eftirfarandi ráðstafana:
 - að stöðva tímabundið eða takmarka framboð á fyrirmælum gerninga sem þú getur sent í gegnum fjárfestingarkerfið;
 - að meðhöndla einhver eða öll viðskipti sem eru þá útistandandi eins og þau hafi verið felld niður og þeim slitið;
 - að stöðva tímabundið eða breyta notkun þessara skilmála ef undantekningartilvik gerir okkur ómögulegt eða óframkvæmanlegt að standa við skuldbindingar okkar samkvæmt þessum skilmálum;
 - að fjarlægja eða stöðva tímabundið gerninga sem hægt er að eiga viðskipti með í fjárfestingarkerfinu; og
 - að loka fyrir, skipta út eða bakfæra einhver eða öll viðskipti eða grípa til annarra aðgerða eftir því sem við teljum nauðsynlegt eða viðeigandi.

Við munum gera okkar besta til að láta þig vita fyrirfram ef við grípum til einhverra ofangreindra aðgerða en ef það er ekki gerlegt munum við láta þig vita eins fljótt og auðið er eftir það.

Við berum ekki ábyrgð á tapi sem þú verður fyrir ef undantekningartilvik á sér stað eða vegna aðgerða sem við grípum til eða grípum ekki til ef markaðsröskun á sér stað og á hvaða tímabili sem er frá því að slíkt á sér stað, nema vegna svika, vísvitandi athæfis eða vítaverðs gáleysis af okkar hálfu.

31. Brotatilvik

Ef þú uppfyllir ekki eina eða fleiri af skuldbindingum þínum gagnvart okkur samkvæmt þessum skilmálum köllum við það „**brotatilvik**“. Brotatilvik felur í sér eitthvað af eftirfarandi:

- þú hefur brotið gegn þessum skilmálum eða almennum þjónustuskilmálum okkar sem tengjast Revolut-viðskiptareikningi þínum, á alvarlegan eða viðvarandi hátt og þú hefur ekki leyst úr málinu innan hæfilegs tíma frá því að við biðjum þig um það;
- við höfum góðar ástæður til að ætla að þú hegðir þér með sviksamlegum hætti eða á annan saknæman hátt;
- þú hefur ekki gefið okkur, eða einhverjum sem kemur fram fyrir okkar hönd, neinar upplýsingar sem við þurfum eða við höfum ástæðu til að ætla að upplýsingar sem þú hefur veitt séu rangar eða ósannar;
- þú ert búsett(ur) í landi þar sem veiting fjárfestingarþjónustu samkvæmt þessum skilmálum brýtur í bága við gildandi lög eða reglugerðir;
- greiðsluþrot á sér stað sem tengist þér;
- við höfum upplýsingar um að notkun þín á Revolut-forritinu sé skaðleg fyrir okkur eða hugbúnað okkar, kerfi eða vélbúnað;
- allar fullyrðingar eða ábyrgðir sem þú veitir samkvæmt þessum skilmálum eru eða verða ósannar á einhvern hátt;
- við höfum beðið þig um að endurgreiða okkur peninga sem þú skuldar okkur og þú hefur ekki gert það innan hæfilegs tíma;
- við höfum góða ástæðu til að ætla að frekari notkun þín á fjárfestingarreikningi þínum geti skaðað orðspor okkar eða viðskiptavild;

- okkur ber skylda til þess samkvæmt lögum, reglugerðum, dómsúrskurðum eða fyrirmælum umboðsmanns;
- þú stundar viðskipti með erlenda gjaldmiðla sem byggist á spákaupmennsku (það er að segja til að nýta væntanlega hækkun eða lækkun á virði gjaldmiðils) eða til að nýta þér misræmi á gjaldeyrismarkaði; eða
- allar aðrar aðstæður þar sem við teljum nauðsynlegt að grípa til einhverra aðgerða sem settar eru fram í þessum kafla.
-

Ef brotatilvik á sér stað, eða ef við höfum góðar ástæður til að telja svo vera, getum við gripið til eftirfarandi ráðstafana:

- lokað öllum eða einhverjum opnum stöðum þínum á þágildandi tilboði fyrir viðkomandi gerning;
- hætt við öll eða einhver af fyrirmælum þínum;
- krafist þess að þú lokir öllum eða einhverjum opnum stöðum þínum fyrir tiltekna dagsetningu;
- neitað að samþykkja fyrirmæli sem gætu leitt til þess að þú haldir nýjum opnum stöðum;
- lokað fjárfestingarreikningi þínum tímabundið eða til frambúðar; og
- rift samningnum og lokað fjárfestingarreikningnum þínum tafarlaust.

Ef greiðsluprotatilvik á sér stað í tengslum við þig munum við teljast hafa gripið til aðgerða samkvæmt þessum kafla rétt áður en greiðsluprotatilvikið átti sér stað. Við berum ekki ábyrgð á neinu tapi sem þú verður fyrir vegna brotatilviks og allra aðgerða sem við grípum til í samræmi við þessa skilmála í tengslum við brotatilvikin.

Eftir að brotatilvik hefur átt sér stað í tengslum við þig gætum við ákveðið dagsetningu (við köllum þetta „**slitadag**“) þar sem: (a) við lokum öllum opnum stöðum þínum á þáverandi tilboði fyrir viðkomandi gerninga sem þú átt; (b) við reiknum allar fjárhæðir sem þú átt inni eða skuldar vegna viðskipta eða skuldbindinga sem ekki hafa verið gerðar upp og meðhöndlum öll gjöld og þóknanir sem ber að greiða okkur án tafar sem jákvæða fjárhæð og allan hagnað sem hlýst af lokun opinna staða þinna sem neikvæða fjárhæð og leggjum saman allar fjárhæðir til að fá fram eina fjárhæð í Bandaríkjadöllum („**USD**“), evrum („**EUR**“) eða sterlingspundum („**GBP**“) (við köllum þetta „**slitafjárhæð**“); (c) slitafjárhæðin verður greidd við lokun viðskipta næsta viðskiptadag eftir að samningi lýkur og fjárfestingarreikningi þínum er lokað.

32. Tímabundin niðurfelling á fjárfestingarkerfi og fjárfestingaþjónustu

Til viðbótar við aðrar aðgerðir sem við gætum gripið til samkvæmt þessum skilmálum eða gildandi lögum og reglugerðum, getum við lokað tímabundið fyrir aðgang að fjárfestingarreikningi þínum eða einni eða fleiri fjárfestingaþjónustum tafarlaust ef:

- við höfum góða ástæðu til að ætla að brotatilvik hafi átt sér stað í tengslum við þig;
- við höfum góða ástæðu til að ætla að brotatilvik hafi átt sér stað, en við ákveðum að það sé nauðsynlegt að rannsaka kringumstæður til að staðfesta brotið; og
- við getum ekki veitt aðgang að fjárfestingarkerfinu og fjárfestingaþjónustunni vegna galla eða bilana í net-, samskipta- eða tölvukerfum sem við eða þriðju aðilar eiga eða reka.

Ef við höfum lokað tímabundið aðgangi að fjárfestingarreikningi þínum á meðan rannsóknar er beðið munum við reyna að ljúka rannsókn okkar innan fimm (5) virkra daga. Þegar rannsókn okkar er lokið látum við þig vita hvort þú megir halda áfram viðskiptum eða hvort við grípum til frekari aðgerða samkvæmt þessum skilmálum.

Tímabundin lokun á aðgangi að fjárfestingarreikningi þínum hefur ekki áhrif á neinar skuldbindingar þínar eða okkar sem kunna að hafa verið stofnaðar áður en lokunin átti sér stað.

Við berum ekki ábyrgð á tapi sem þú verður fyrir ef við lokum tímabundið fyrir aðgang að fjárfestingarreikningi þínum nema vegna svika, vísvitandi athafna eða vítaverðs gáleysis af okkar hálfu.

33. Uppsögn og lokun fjárfestingarreiknings

Þú getur lokað fjárfestingarreikningnum og þar með sagt upp samningi við okkur hvenær sem er með því að gefa okkur skriflegan fyrirvara sem er að minnsta kosti þrjátíu (30) almanaksdagar. Við köllum þetta „tilkynningu um uppsögn“. Þú getur sent hana í gegnum Reolut-forritið, með því að skrifa okkur á skráða heimilisfangið okkar eða með því að senda okkur tölvupóst á feedback@revolut.com.

Við getum sömuleiðis sent tilkynningu um uppsögn og þannig slitið samningnum á eftirfarandi hátt:

- með því að senda þér skriflega tilkynningu með þrjátíu (30) almanaksdaga fyrirvara hvenær sem er; eða
- samstundis með skriflegri tilkynningu til þín ef engin starfsemi hefur átt sér stað á fjárfestingarreikningi þínum í sex (6) mánuði eða lengur, fjárfestingarreikningur þinn inniheldur enga gerninga og sjóðsstaða reikningsins er núll;
- samstundis með skriflegri tilkynningu til þín ef brotatilvik á sér stað samkvæmt kafla 31 (Brotatilvik);
- samstundis með skriflegri tilkynningu til þín ef undantekningartilvik á sér stað samkvæmt kafla 30 (Röskun á markaði og undantekningartilvik); og
- samstundis með skriflegri tilkynningu til þín ef markaðsmisnotkun hefur átt sér stað, ef þú hefur misnotað viðskiptaáætlun eða við höfum góða ástæðu til að telja svo vera samkvæmt kafla 36 (Markaðsmisnotkun og misnotkun á viðskiptaáætlunum).

Ef þú eða við tilkynnum um uppsögn mun það ekki hafa áhrif án neinar skuldbindingar sem kunna að hafa verið stofnaðar fyrir daginn sem uppsögn er tilkynnt.

Áður en samningnum er sagt upp og fjárfestingarreikningi þínum er lokað verður þú að leggja fram sölufyrirmæli fyrir alla gerninga sem þú átt eins fljótt og auðið er og innan tuttugu og eins (21) almanaksdags frá þeim degi sem uppsagnartilkynning er gefin út. Þú þarft eftir sem áður að greiða allar þóknanir og gjöld sem safnast hafa upp á fjárfestingarreikningi þínum áður en honum er lokað. Þú munt ekki geta sent inn ný fyrirmæli eða hafið ný viðskipti í gegnum fjárfestingarkerfið eða gefið einhver önnur fyrirmæli en þau sem eru nauðsynleg til að loka opnum stöðum áður en uppsagnartilkynningin var gefin út. Fjárfestingarreikningi þínum verður lokað þegar öllum opnum stöðum hefur verið lokað og þú hefur engar aðrar skuldbindingar gagnvart okkur. Ef þú hefur ekki lokað öllum opnum stöðum innan tuttugu og eins (21) almanaksdaga fyrirvarans getum við gripið til allra eða einhverra aðgerða sem greint er frá í þessum kafla skilmálanna. Allur ágóði af sölu eða slitum fjármálagerninga þinna verður færður á Revolút-viðskiptareikning þinn.

Ef þú óskar eftir að loka fjárfestingarreikningi þínum á meðan arðgreiðslur eða arðmiðagreiðslur (vextir) eða aðrar útgreiðslur á gerningum sem þú átt eru í bið, munum við upplýsa þig um slíkar útgreiðslur þegar þú hefur lokun fjárfestingarreikningsins. Þú getur valið að fresta lokun fjárfestingarreiknings þíns þar til fjármuninum hefur verið úthlutað, eftir það verður honum lokað eða haldið áfram með lokun fjárfestingarreikningsins og samþykkt að væntanlegar útgreiðslur reiðufjár verði gefnar til góðgerðasamtaka að eigin vali.

Þegar við tilkynnum um uppsögn munum við:

- loka fyrir eða fella niður einhverjar eða allar opnar stöður þínar án fyrirvara á grundvelli þágildandi verðtilboðs fyrir gerninginn sem birtur er í fjárfestingarkerfinu eða, þar sem undirliggjandi markaður eða verðbréfamarkaður er lokaður, á næsta tiltæka verði við opnun undirliggjandi markaðar eða verðbréfamarkaðar, eða eins og krafist er samkvæmt gildandi lögum; og
- eiga rétt á að innheimta hjá þér allar þóknanir, kostnað, gjöld, útgjöld og skuldir sem þú hefur safnað eða stofnað til fram að þeim degi sem uppsagnartilkynningin var gefin út.

Við eða utanaðkomandi miðlari getur hugsanlega ekki framkvæmt fyrirmæli um sölu fyrir tiltekin illseljanleg verðbréf sem þú átt, ef þessi verðbréf eru ekki með virkan eftirmarkað eða erfitt er að eiga viðskipti með þau yfir borðið (þ.e. utan markaðarins eða kauphallar) í langan tíma („**óseljanleg verðbréf**“). Ef þú ert með opnar stöður í óseljanlegum verðbréfum þegar fjárfestingarreikningi þínum er lokað samþykkir þú að við getum flutt þessar opnu stöður út af fjárfestingarreikningi þínum svo að hægt sé að loka honum. Í þrjú ár eftir að aðgangi þínum er lokað getur þú haft samband við okkur með skilaboðum í Revolut-appinu eða sent okkur tölvupóst á support@revolut.com til að óska eftir söluhagnaði af þessum verðbréfum (ef einhver er) ef þau verða seljanleg og hægt er að losa þau.

Eftirfarandi réttindi og skyldur samkvæmt þessum skilmálum gilda áfram fyrir þig að samningnum loknum og eftir að fjárfestingarreikningi þínum hefur verið lokað:

- allar skaðleysisyfirlýsingar sem þú veitir okkur samkvæmt kafla 35 (Skaðleysi);
- trúnaðarkvöð þín samkvæmt kafla 42 (Trúnaður);
- yfirlýsingar og ábyrgðir sem þú veitir okkur samkvæmt kafla 11 (Fyrirsvar);
- hvers kyns útilokun ábyrgðar okkar samkvæmt kafla 34 (Takmörkun ábyrgðar); og
- öll önnur réttindi eða skyldur sem þú hefur og verða til áður en samningnum lýkur og fjárfestingarreikningi þínum er lokað.

Engar aðgerðir sem við grípum til samkvæmt þessum kafla hafa áhrif á önnur réttindi okkar til aðgerða samkvæmt þessum skilmálum eða gildandi lögum.

Þegar samningnum hefur verið sagt upp verður fjárfestingarreikningi þínum lokað og þú hefur ekki lengur aðgang að fjárfestingarkerfinu og eða færð ekki lengur fjárfestingarþjónustu frá okkur.

34. Takmörkun ábyrgðar

Ef við stöndum ekki við skuldbindingar okkar samkvæmt samningnum berum við ábyrgð á tapi sem við hefðum getað séð fyrir þegar við gerðum samninginn eða tapi sem hlýst af svikum, vísvitandi athöfnum eða vítaverðu gáleysi okkar.

Hins vegar berum við ekki ábyrgð gagnvart þér á tapi sem þú verður fyrir vegna aðgerða sem við grípum til eða grípum ekki til með því að bjóða upp á fjárfestingarkerfi og fjárfestingarþjónustu eða leiða með öðrum hætti af aðgerðunum sem þessir skilmálar eiga ekki við um, nema vegna svika, vísvitandi athafna eða vítaverðs gáleysis af okkar hálfu.

Við berum nánar tiltekið ekki ábyrgð á neinu tapi sem þú verður fyrir vegna:

- aðgangs að eða notkun á fjárfestingarkerfinu, eða hvers konar vanhæfni til að fá aðgang að eða nota kerfið;
- allra neikvæðra skattalegra afleiðinga þess að eiga viðskipti í gegnum fjárfestingarkerfið;
- hvers kyns tafa eða breytinga á markaðsaðstæðum áður en fyrirmæli eru framkvæmd;
- allra aðgerða sem þriðji aðili grípur til eða grípur ekki til, þar á meðal utanaðkomandi miðlari;
- hvers kyns upplýsinga eða þjónustu sem veitt er af þriðju aðilum;
- hvers kyns undantekningartilvika;
- allra augljósra villna;
- allra tilvika sem valda röskun á markaði;
- vanhæfni þinnar til að hafa samband við okkur af hvaða ástæðu sem er; og
- óheimils aðgangs hvaða aðila sem er að fjárfestingarkerfinu.

Við berum ekki ábyrgð á tapi sem þú verður fyrir vegna þess að þér hefur mistekist að takmarka slíkt tap, meðal annars vegna þess að þú hefur ekki gert neitt sem gæti komið í veg fyrir hugsanlegt tap eða sem myndi draga úr fyrirliggjandi tapi sem þér er kunnugt um eða hefðir getað séð fyrir ef þú hefðir gætt vel að.

35. Skaðleysi

Ef þú stendur ekki við skuldbindingar þínar samkvæmt samningnum berð þú ábyrgð á að greiða að fullu fyrirsjáanlegt tap sem við verðum fyrir vegna aðgerða þinna. Við köllum þetta „**skaðleysi**“. Þú bætir okkur skaða og heldur okkur skaðalausum gagnvart öllu og sérhverju tapi sem við gætum orðið fyrir beint eða óbeint vegna:

- vanrækslu þinnar við að uppfylla einhverja skyldu þína samkvæmt þessum skilmálum;
- hvers kyns brota á yfirlýsingum og ábyrgðum sem gerðar eru til okkar samkvæmt þessum skilmálum;
- allra fyrirmæla sem þú leggur fram eða viðskipta sem þú stofnar til í gegnum fjárfestingarkerfið sem brjóta í bága við gildandi reglur um markaðsmisnotkun;
- allra fyrirmæla sem þú leggur fram eða viðskipta sem þú stofnar til í gegnum fjárfestingarkerfið sem brjóta með öðrum hætti í bága við gildandi lög eða reglugerðir; og
- hvers kyns aðgerða eða svika af þinni hálfu eða annarra sem fá aðgang að fjárfestingarkerfinu í gegnum þig, hvort sem þú heimilaðir slíkan aðgang eða ekki.

Þú munt einnig bæta og halda okkur skaðlausum vegna og gegn öllum sanngjörnum útlögðum kostnaði, þar á meðal lögfræðikostnaði, umsýslukostnaði og útgjöldum, sem við verðum fyrir vegna aðgerða sem við grípum til samkvæmt þessum skilmálum, þar á meðal vegna hvers kyns lagalegra aðgerða eða rannsóknaraðgerða sem við grípum til gegn þér.

Þú berð ekki ábyrgð á að greiða að fullu fyrirsjáanlegt tap sem við verðum fyrir vegna aðgerða þinna ef það myndi þýða að við fengjum tvisvar bætur fyrir sama tapið. Við munum reyna að halda tapi okkar í lágmarki.

36. Markaðsmisnotkun og misnotkun á viðskiptaáætlunum

Þegar þú leggur inn fyrirmæli í gegnum fjárfestingarkerfið geta viðskiptin sem leiða af fyrirmælunum haft áhrif á undirliggjandi markað eða verðbréfamarkað fyrir viðkomandi gerning og á verðtilboð fyrir þann gerning, sem skapar möguleika á því sem kallast „**markaðsmisnotkun**“.

Með því að gera samninginn staðfestir þú og ábyrgist gagnvart okkur að:

- þú munir ekki leggja fram eða taka þátt í, og hefur ekki lagt fram eða tekið þátt í, fyrirmælum eða viðskiptum í tengslum við neinn gerning sem hægt er að eiga viðskipti með í fjárfestingarkerfinu: (i) framlagning, útgáfa, útgreiðsla eða annað

sambærilegt tilvik; (ii) yfirtaka, samruni eða annað sambærilegt tilvik; eða (iii) hvers kyns fjármálastarfsemi fyrirtækis;

- þú munir ekki taka þátt í og hefur ekki tekið þátt í viðskiptum sem brjóta í bága við gildandi lög eða reglugerðir gegn innherjaviðskiptum eða markaðsmisnotkun;
- litið verði á verðbréfaviðskipti þín sem viðskipti í skilningi gildandi laga í hvert skipti sem þú leggur fram fyrirmæli í gerningi eða stofnar til viðskipta í gegnum fjárfestingarkerfið; og
- þú munir ekki leggja fram eða taka þátt í, og hafir ekki lagt fram eða tekið þátt í, fyrirmælum eða viðskiptum í gegnum fjárfestingarkerfið við aðstæður sem geta talist markaðsmisnotkun, þar með talin öll fyrirmæli eða viðskipti sem, ef við sem umbjóðandi eða utanaðkomandi miðlari kýs að áhættuverja (hvort sem er að hluta eða í heild) áhættuskuldbindingu sína við þig með tilliti til þeirra fyrirmæla eða viðskipta, geta talist markaðsmisnotkun.

Sérhver framsetning og ábyrgð sem þú gefur hér að ofan telst endurtekin í hvert sinn sem þú leggur inn fyrirmæli um gerning eða stofnar til viðskipta í gegnum fjárfestingarkerfið.

Þú mátt ekki nota hvers kyns rafeindabúnað, hugbúnað, reiknirit, netþjón eða aðrar aðferðir sem hagnýta, hafa áhrif á eða nýta sér fjárfestingarkerfið og fjárfestingarþjónustuna á óheiðarlegan hátt eða hegða sér með öðrum ósanngjörnum hætti. Við köllum hverja slíka aðferð „**misnotkun á viðskiptaáætlun**“.

Misnotkun á viðskiptaáætlun felur meðal annars í sér:

- að nýta bilun, smugu eða villu í hugbúnaði okkar eða kerfum;
- að leggja inn fyrirmæli eða stofna til viðskipta til að nýta rangt verðtilboð sem birtist í gegnum fjárfestingarkerfið;
- að nota viðskiptaáætlun sem ætlað er að skila hagnaði með því að nýta sér seinkuð verðtilboð eða með miklum viðskiptum;
- að miða á verðskrefasveiflur frekar en hreyfingar sem endurspegla rétt undirliggjandi verð;
- að nota vendismiði eða forðast öryggisráðstafanir í Revolut-forritinu, á vefsvæðinu eða í fjárfestingarkerfinu; eða
- að nota gervigreind, ofurhraða eða fjöldagagnafærslur til að hafa áhrif á, spila með, misnota eða veita þér ósanngjarnt forskot í fjárfestingarkerfinu og fjárfestingarþjónustunni.

Ef einhver yfirlýsing og ábyrgð sem þú gefur hér að ofan er, eða verður röng eða ósönn á einhvern hátt, eða ef þú misnotar viðskiptaáætlun til að leggja fram fyrirmæli í gegnum fjárfestingarkerfið, eða við höfum góðar ástæður til að trúa öðru hvoru af þessu, getum við gripið til einhverra eftirfarandi aðgerða:

- hætt við öll eða einhver af fyrirmælum þínum eða viðskiptum;
- litið á öll viðskipti þín sem ógild ef þau eru viðskipti sem skiluðu hagnaði, nema og þar til þú færir fram óbyggjandi sönnunargögn innan þrjátíu (30) almanaksdaga frá beiðni okkar um að þú hafir í raun ekki framið nein brot gegn þessum skilmálum;
- lokað öllum eða einhverjum viðskiptum eða opnum stöðum sem af þeim leiða;
- breytt viðskiptunum eða stofnað til nýrra viðskipta þannig að skilmálar þeirra væru í báðum tilvikum þeir sömu og ef viðskiptin hefðu verið gerð eða haldið áfram ef engin markaðsmisnotkun hefði átt sér stað;
- framfylgt viðskiptunum gegn þér ef um er að ræða viðskipti þar sem þú hefur stofnað til taps;
- haldið eftir öllum hagnaði sem hlýst af lokun viðskiptanna eða opinni stöðu sem hlýst af þeim ef við höfum góðar ástæður til að ætla að hann tengist markaðsmisnotkun; og
- rift samningnum og lokað fjárfestingarreikningnum þínum tafarlaust.

Engar aðgerðir sem við grípum til samkvæmt þessum kafla hafa áhrif á önnur réttindi okkar til aðgerða samkvæmt þessum skilmálum eða gildandi lögum.

Okkur er heimilt, og í sumum tilvikum er þess krafist, að tilkynna eftirlitsaðila okkar um öll fyrirmæli sem þú sendir inn eða viðskipti sem þú stofnar til í gegnum fjárfestingarkerfið. Þú gætir einnig þurft að veita viðeigandi upplýsingar í tengslum við slík fyrirmæli eða viðskipti og þú staðfestir að þú munir gera það þegar þess er krafist.

37. Lögbundin skýrslugerð

Við gætum þurft samkvæmt gildandi lögum að gera upplýsingar og gögn varðandi tiltekin viðskipti sem þú stofnar til í gegnum fjárfestingarkerfið opinber („**skýrslugjöf um viðskipti**“) eða að afhenda eftirlitsaðila okkar allar upplýsingar og gögn varðandi viðskipti sem þú stofnar til í gegnum fjárfestingarkerfið („**tilkynning um viðskipti**“). Með því að gera samninginn skilur þú að sérhver og allur einkaleyfisréttur á slíkum viðskiptaupplýsingum og -gögnum er í okkar eigu og þú afsalar þér öllum trúnaðarskyldum sem fylgja þeim upplýsingum sem við birtum með sanngjörnum hætti.

Til að gera okkur kleift að uppfylla skyldur okkar samkvæmt gildandi lögum verður þú að afhenda okkur viðskiptagögn og aðrar upplýsingar sem við gætum óskað eftir frá þér án tafar til að gera okkur kleift að ljúka við og senda viðskiptatilkynningar til eftirlitsaðila okkar.

Regla 14b-1 (c) í lögum um verðbréfavíðskipti, nema þú mótmælir því, krefst þess að við gefum útgefanda skráðra hlutabréfa í Bandaríkjunum samkvæmt beiðni upplýsingar um nöfn, heimilisföng og opnar stöður viðskiptavina okkar sem eru raunverulegir eigendur verðbréfa útgefandans, sem við varðveitum í nafni tilnefnds aðila. Útgefandanum væri þá eingöngu heimilt að nota nafn þitt og aðrar tengdar upplýsingar fyrir samskipti við fyrirtæki.

38. Greiðsla vegna fyrirmæla

Áður en þú leggur inn fyrirmæli um kaup á fjármálagerningi í gegnum fjárfestingarkerfið verður þú að tryggja að þú eigir nægilega ráðstöfunarupphæð á fjárfestingarreikningnum þínum í þeim gjaldmiðli sem gerningurinn er seldur á, á viðkomandi markaði eða verðbréfamarkaði, til að greiða fyrir fyrirmælin.

Ef ráðstöfunarupphæðin á fjárfestingarreikningi þínum nægir ekki til að standa straum af heildarkostnaði fyrirmælanna verður þú að millifæra fjármuni af tilgreindum reikningi yfir á fjárfestingarreikninginn þinn eða breyta fjármunum á fjárfestingarreikningi þínum í nauðsynlegan gjaldmiðil.

Ef þú vilt bæta fjármunum á fjárfestingarreikninginn þinn í öðrum gjaldmiðli verða þeir umreiknaðir í viðeigandi gjaldmiðil samkvæmt leiðbeiningum þínum til tilboðsaðila Revolut-reikningsins sem notar Revolut-gengið (eins og skýrt er í [persónulegu skilmálunum](#)) sem er í gildi á þeim tíma.

Þú getur lagt pening inn á fjárfestingarreikninginn þinn beint af tilgreinda Revolut-reikningnum þínum. Greiðslur í gegnum (þ.e. inn á eða út af) Revolut-viðskiptareikningi þínum falla undir [persónulega skilmála](#) tilboðsaðila Revolut-reikningsins.

Tilboðsaðili Revolut-reikningsins gæti lagt á gjöld þegar þú leggur inn peninga á fjárfestingarreikninginn þinn frá erlenda reikningnum. Ef þú notar erlendan reikning til að leggja peninga inn á fjárfestingarreikninginn þinn í öðrum gjaldmiðli gæti tilboðsaðili Revolut-reikningsins, bankinn eða kortafyrirtækið þitt umreiknað gjaldmiðilinn áður en upphæðin er millifærð til okkar og því gætir þú þurft að greiða gjald fyrir það.

Eftir að fjármunirnir hafa verið millifærðir á fjárfestingarreikning þinn veitum við þér gjaldeyrisskiptapjónustu á fjárfestingarreikningi þínum. Þú getur gefið okkur fyrirsmæli um að skipta fjármunum í einum tilgreindum gjaldmiðli yfir í annan gjaldmiðil sem er í boði í fjárfestingarkerfinu. Gjaldmiðlarnir sem hægt er að skipta í eru tilgreindir í fjárfestingarkerfinu og gætu breyst. Við áskiljum okkur rétt til að takmarka verðmæti gjaldeyrisskipta sem hægt er að framkvæma hvenær sem er eða á tilteknu tímabili.

Þegar þú skiptir gjaldmiðli á fjárfestingarreikningnum notum við breytilegt gengi okkar. Þar sem gengi okkar breytist stöðugt er hægt að fylgjast með raunverulegu gengi í Revolut-forritinu. Þegar við höfum skipt gjaldmiðli á fjárfestingarreikningnum þínum sýnir viðskiptayfirlitið þitt einnig gengið sem var notað.

Þar sem gengi okkar tekur stöðugum breytingum getur gengið breyst frá þeim tíma sem þú gafst okkur fyrirsmæli um að skipta gjaldmiðli og þar til við framkvæmum umreikninginn í raun. Þetta þýðir að ef þú biður okkur um að skipta gjaldmiðli getur verið að þú fáiir aðeins meira eða minna til baka en þú hafðir búist við. Við berum ekki ábyrgð á því ef þú tapar peningum vegna umreiknings á gjaldmiðli. Þetta á ekki við ef tap þitt verður vegna svika, vísvitandi athæfis eða vítaverðs gáleysis af okkar hálfu.

Þegar þú setur upp endurtekin kaupfyrirsmæli (eða fjárfestingaráætlun) getur þú valið sjálfvirkan áfyllingareiginleika. Við köllum þennan eiginleika „**sjálfvirkaáfyllingu**“. Með því að velja sjálfvirka áfyllingu veitir þú okkur heimild til að fyrirskipa tilboðsaðila Revolut-reikningsins að millifæra fjármuni af Revolut-viðskiptareikningnum þínum yfir á fjárfestingarreikninginn þinn til að framkvæma greiðslu fyrir endurtekin kaupfyrirsmæli ef fjárfestingarreikningurinn þinn hefur ekki næga fjármuni til að leggja fram slík fyrirsmæli. Þú veitir einnig heimild fyrir því að viðkomandi tilboðsaðili Revolut-reiknings geti skuldfært á Revolut-viðskiptareikninginn þinn í samræmi við fyrirsmælin frá okkur. Millifærsla fjármuna mun byggjast á leiðbeinandi verði gerningsins og viðeigandi gjöldum á þeim tíma þegar þú sendir inn endurtekin kaupfyrirsmæli en ekki á því leiðbeinandi verði og viðeigandi gjöldum sem á við þegar við staðfestum endurteknu kaupfyrirsmælin þín.

Þegar þú leggur fram fyrirsmæli um kaup á gerningi í gegnum fjárfestingarkerfið verður leiðbeinandi upphæðinni sem þú þarft að greiða í tengslum við fyrirsmælin haldið eftir á peningareikningi viðskiptavinarins strax við framlagningu fyrirsmælanna. Nákvæm upphæð verður síðan greidd þegar fyrirsmælin hafa verið framkvæmd. Öll fyrirsmæli sem þú leggur fram í gegnum fjárfestingarkerfið til að kaupa eða selja gerning og öll viðskipti sem verða til vegna slíkra fyrirsmæla verða framkvæmd og gerð upp í USD,

EUR eða GBP. Verðmæti allra opinna staða og heildarráðstöfunarupphæð verða birt í USD, EUR eða GBP á fjárfestingarreikningnum þínum.

39. Kostnaður og gjöld

Þessi kafli á aðeins við um **einstaklinga**. Við rukkum þóknun þegar þú átt viðskipti með hlutabréf í skráðum hlutafélögum, hlutdeildarskírteini í kauphallarafurðum, skuldabréf og aðra skuldagerninga.

Fyrir Premium-, Metal- og Ultra-áskriftarleiðir er ákveðinn fjöldi þóknunarlausra viðskipta innifalinn, og aðeins er innheimt þóknun fyrir þau viðskipti sem fara yfir þessi mörk. Við köllum þetta „**hámark áskriftar**“. Athugið að engin þóknunarlaus viðskipti eru í boði í Standard- og Plus-áskriftarleiðunum.

Til að taka af allan vafa merkir vísun í þóknunarlausar færslur, gjaldfrjálsar færslur eða gjaldfrjáls viðskipti í tengslum við áskriftarmörk þín til bæði keyrðra færslna og pantana sem hafa verið sendar en ekki keyrðar meðan á reikningstímabili áskriftarinnar stendur. Hafðu í huga að þóknunarlausar færslur sem boðið er upp á í greiddu áskriftinni þinni eru ekki fluttar yfir á næsta reikningstímabil.

Þú verður krafinn(n) um umboðslaun vegna framkvæmdar fyrirsmæla. Öll gjöld sem innheimt eru í tengslum við viðskipti vegna slíkra fyrirsmæla verða skuldfærð af fjárfestingarreikningi þínum þegar fyrirsmæli þín hafa verið framkvæmd. Tilteknum gerningum sem hægt er að eiga viðskipti með í gegnum fjárfestingarkerfið, svo sem kauphallarsjóðir og peningamarkaðssjóðir, geta fylgt viðbótargjöld tengd fjármálagerningum, svo sem umsýslugjald, árangursþóknun, kaup- og sölubóknun sem geta haft áhrif á ávöxtun fjárfestingarinnar. Gakktu úr skugga um að þú farir yfir lykilupplýsingaskjalið og útboðslýsinguna fyrir viðkomandi gerning eða [upplýsingarnar um fyrirframgreiddan kostnað og gjöld](#) áður en þú stofnar til viðskipta í gegnum fjárfestingarkerfið.

Við munum ekki innheimta nein gjöld vegna gjaldeyrisskipta á fjárfestingarreikningi þínum.

Frekari upplýsingar um þóknanir eða önnur gjöld og hvernig þau eru innheimt er að finna í gjaldskrá okkar í lok þessara skilmála og í fjárfestingarkerfinu.

40. Skattamál

Þú ættir að hafa í huga að mismunandi skattakerfi kunna að gilda um viðskipti þín með fjármálagerninga eftir skattalegri stöðu þinni og þeim reglum og reglugerðum sem í gildi eru hverju sinni. Þú eingöngu berð ábyrgð á greiðslu allra skatta og á gerð allra tengdra krafna, hvort sem um er að ræða undanþágu frá staðgreiðsluskatti eða annað. Þú berð einnig ábyrgð á skilum sérhverra og allra skattframtala og á því að veita viðeigandi skattyfirvöldum allar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við fjármálagerninga sem þú kaupir eða selur í gegnum fjárfestingarkerfið og, einkum fyrir peningamarkaðssjóði, einnig í tengslum við alla ávöxtun sem þú færð í gegnum Revolut-forritið. Þú ættir að leita óháðrar ráðgjafar ef einhverjar spurningar vakna hvað þetta varðar. Við veitum ekki skattaráðgjöf og ekkert í þessum skilmálum ætti að teljast til slíkrar ráðgjafar.

Fyrir alla gerninga sem við gætum gert og, einkum fyrir peningamarkaðssjóði, getur þú sagt okkur að framkvæma hvers kyns skattafrádrátt eða staðgreiðslu af hagnaði sem er færður inn á fjárfestingarreikning þinn eða, einkum fyrir peningamarkaðssjóði, tilgreindan reikning þinn sem okkur ber að gera samkvæmt gildandi lögum og hvers konar greiðslur sem krafist er í tengslum við þann skattafrádrátt eða staðgreiðslu og við munum ekki þurfa að hækka neinar greiðslur vegna slíks frádráttar eða staðgreiðslu, framkvæma eða bæta þér á annan hátt fyrir þann frádrátt eða staðgreiðslu.

Í tilteknum lögsagnarumdæmum kunnum við að hafa framselt ábyrgð á vinnslu skattafrádráttar eða staðgreiðslu til sjóðsstjórans til að tryggja að farið sé að gildandi lögum.

41. Persónulegar upplýsingar og gagnavernd

Þessi kafli á aðeins við um **einstaklinga**. Til að bjóða upp á fjárfestingarkerfi og fjárfestingarþjónustu samkvæmt samningnum þurfum við að safna upplýsingum um þig. Samkvæmt gagnaverndarlögum erum við „ábyrgðaraðili gagna“ persónuupplýsinga þinna. Nánari upplýsingar um hvernig við notum persónuupplýsingar þínar er að finna í [persónuverndaryfirlýsingu okkar fyrir viðskiptavini](#).

Með því að gera samninginn veitir þú okkur heimild til að safna, nota, vinna úr og birta persónuupplýsingar þínar, þar á meðal nafn þitt, samskiptaupplýsingar og reikningsupplýsingar, í þeim tilgangi að veita þér þjónustu okkar í samræmi við persónuverndaryfirlýsingu okkar fyrir viðskiptavini, sem hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur sem þú eða við höfum samkvæmt lögum um gagnavernd. Þetta getur falið í sér flutning persónuupplýsinga þinna út fyrir Evrópska efnahagssvæðið (eða utan

Sviss, ef þú ert með búsetu í Sviss). Þegar þetta gerist munum við gera það sem í okkar valdi stendur til að tryggja að persónuupplýsingar þínar séu meðhöndlaðar á öruggan hátt og í samræmi við persónuverndaryfirlýsingu okkar og lög um gagnavernd.

Þú getur dregið heimild þína til baka með því að loka fjárfestingarreikningi þínum sem bindur enda á samninginn á milli þín og okkar. Ef þú gerir það munum við hætta að nota upplýsingarnar frá þér í þeim tilgangi að veita fjárfestingarkerfið og fjárfestingarþjónustuna en við gætum þurft að geyma upplýsingarnar frá þér af öðrum lagalegum ástæðum.

Ef þú vilt fá frekari upplýsingar um hvernig Revolut Securities safnar, notar, vinnur úr og birtir persónuupplýsingar þínar skaltu hafa samband við okkur í gegnum Revolut-forritið eða með því að senda tölvupóst á dpo@revolut.com.

42. Trúnaðarkvaðir

Með því að gera samninginn veitir þú okkur heimild til að gefa öðrum einingum innan Revolut-samstæðunnar, þar á meðal Revolut Bank UAB og Revolut Ltd, eftirfarandi upplýsingar:

- að þú sért viðskiptavinur okkar;
- um þjónustuna sem við veitum þér;
- fjárfestingarreikningsnúmerið þitt;
- um innstæðu fjárfestingarreiknings þíns;
- um aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar eða eru vinnslu fyrir þína hönd;
- um skuldbindingar þínar gagnvart okkur;
- um aðstæður sem tengjast því að veita þér fjárfestingarþjónustuna;
- um skilyrði allra samninga milli Revolut Securities og þín;
- um fjárhagsstöðu þína og eignir;
- um aðrar viðskiptalegar upplýsingar sem þú hefur veitt okkur við stofnun fjárfestingarreiknings þíns; og
- um starfsemi þína, áskriftarleiðir, fjárskuldbindingar eða viðskipti þín við aðra aðila.

Ofangreindar upplýsingar yrðu gefnar upp ef það er nauðsynlegt fyrir fjárhagsbókhald, endurskoðun, áhættumat eða þegar við notum sameiginleg upplýsingakerfi eða tæknibúnað (netþjóna) eða þegar það er nauðsynlegt til að veita þjónustu.

Allt ofangreint köllum við „**trúnaðarmál viðskiptavinar**“ sem við verðum að vernda eins og kveðið er á um í gildandi lögum.

Með því að gera samninginn skilur þú og staðfestir að ef þú hefur ekki breytt kjörstillingum þínum í Revolut-forritinu munu aðrir notendur Revolut, sem eru með þig á tengiliðalista sínum, gera sér grein fyrir því að þú ert viðskiptavinur okkar. Þú getur breytt kjörstillingunum þínum hvenær sem er.

43. Kvartanir

Við gerum alltaf okkar besta en gerum okkur einnig grein fyrir því að stundum fer eitthvað úrskeiðis. Ef þú ert með kvörtun varðandi fjárfestingarkerfið eða fjárfestingarþjónustu okkar skaltu byrja á því að hafa samband við okkur í gegnum skilaboðakerfið í Revolut-forritinu.

Ef þú vilt geturðu lagt fram kvörtun í samræmi við [reglur okkar um meðhöndlun kvartana](#), sem eru hluti af samningi okkar.

Ef þú ert gjaldgengur kvörtunaraðili og ert óánægður með hvernig við höfum brugðist við kvörtun þinni getur þú vísað henni til Seðlabanka Litáen (BoL) innan tólf (12) mánaða frá þeim degi sem þú sendir okkur kvörtun. Hægt er að hafa samband við BoL á:

Heimilisfang: Totorių g. 4, 01121, Vilnías, Litáen

Sími: +370 800 50 500 eða +370 5 251 2763 (þegar hringt er utan Litáens)

Netfang: prieziura@lb.lt

Þú getur fengið frekari upplýsingar um úrvinnslu BoL á kvörtunum á eftirfarandi [vefsvæði](#).

Ef þú ert gjaldgengur kvörtunaraðili búsettur í **Sviss** getur þú lagt fram kvörtun hjá svissneskum umboðsaðila. Til að fylgja gildandi reglum og reglugerðum í Sviss höfum við verið skráð hjá Finanzombudsstelle Schweiz („**FINOS**“). Fjármálaráðuneytið í Sviss viðurkennir FINOS sem umboðsþjónustu. Með þessu samstarfi ætlum við að bjóða upp á sáttameðferð til að taka á kvörtunum með aðstoð FINOS. Ef þú ert viðskiptavinur okkar og uppfyllir aðgangskröfurnar í starfsreglum FINOS getur þú beint kvörtun þinni til FINOS í tilvikum þar sem þú hefur sent okkur kvörtun og þú telur að kvörtunin hafi ekki verið leyst á fullnægjandi hátt af okkar hálfu. Nánari upplýsingar um FINOS má finna á [vefsvæði](#) þeirra og upplýsingar um starfsreglur, þar á meðal aðgangsskilmála FINOS, má finna [hér](#). Þú samþykkir hér með að tungumálið sem notað er við allar sáttameðferðir hjá FINOS er enska. Nánari upplýsingar eru á vefsvæði FINOS. Þú getur

einnig haft samband við FINOS í gegnum netfangið (info@finos.ch), símanúmerið (+41-44 552 08 00) og heimilisfangið (Talstrasse 20 CH-8001 Zürich, Switzerland).

44. Ástvinamissir

Þessi kafli á aðeins við um **einstaklinga**. Ef þú fellur frá verða lagalegir fyrirsvarsmenn þínir að senda okkur formlega tilkynningu í formi upprunalegs dánarvottorðs eða afrits sem staðfest er af lögmanni, lögbókanda eða öðrum löggiltum fagaðila. Þegar þessi formlega tilkynning hefur borist okkur munum við loka fjárfestingarreikningi þínum tímabundið.

Virði opinna staða og allra ráðstöfunarupphæða á fjárfestingarreikningi þínum geta orðið hluti af dánarbúi þínu. Ef persónulegir fulltrúar þínir krefjast þess að fjármunir séu teknir út af fjárfestingarreikningi þínum munum við heimila að umbeðnir fjármunir séu teknir út af fjárfestingarreikningnum þínum. Slíkar beiðnir verða þó að vera skriflegar og studdar viðeigandi lagalegum skjölum, meðal annars erfðaskrá, en henni skal fylgja staðfesting á gildi erfðaskrár eða skráð umboð. Við munum ekki veita skiptastjóra erfðaskrár eða dánarbús þíns ráðleggingar varðandi fjárfestingar, fjárhagslegar, lagalegar, skattalegar, eftirlitstengdar eða aðrar skyldur.

Við berum ekki ábyrgð á neinu tapi sem hlýst af breytingum á virði opinna staða þinna á meðan við bíðum fyrirmæla frá lagalegum fulltrúa þínum, öðrum en þeim sem leiða af svikum, vísvitandi athæfi eða vítaverðu gáleysi af okkar hálfu.

Samningurinn gildir áfram og öll viðeigandi gjöld verða áfram skuldfærð eftir andlát þitt þar til fjárfestingarreikningi þínum hefur verið lokað og samningnum er lokið.

45. Breytingar og viðbætur

Við kunnum öðru hverju að breyta eða skipta út einhverjum kafla eða hluta þessara skilmála eða öðrum skjölum sem mynda samninginn, í heild eða að hluta, til að:

- gera þau skýrari eða hagkvæmari fyrir þig;
- leiðrétta villur eða yfirsýn;
- fylgja eða endurspegla breytingu á gildandi lögum, reglugerðum eða starfsreglum;
- endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum;
- kveða á um innleiðingu nýrra kerfa, þjónustuferla, úrvinnsluferla, breytinga á tækni, afurðum og þjónustu;

- kynna nýja gerninga og þjónustu og
- fjarlægja fyrirbyggjandi vöru eða þjónustu.

Breyting eða útskipti á einhverjum kafla eða hluta þessara skilmála, eða öðrum skjölum sem mynda samninginn, til að gera þau skýrari eða hagstæðari fyrir þig, endurspeglar breytingu á gildandi lögum, innleiða nýja gerninga og þjónustu eða til að leiðrétta villur eða yfirsýn getur tekið gildi þegar í stað.

Allar aðrar breytingar eða skipti taka ekki gildi fyrr en á dagsetningu sem við tilgreinum, og ekki fyrr enn tíu (10) dögum eftir að við tilkynnum þér um breytingarnar skriflega, að því gefnu að þú hafir ekki andmælt þeim skriflega.

Ef þú sendir okkur andmæli með skriflegri tilkynningu verður breytingin/breytingarnar ekki bindandi fyrir þig en við gætum farið fram á að þú lokir fjárfestingarreikningi þínum eins fljótt og auðið er og takmörkum virkni þína við að senda aðeins inn fyrirmæli í gerningum til að loka opnum stöðum þínum.

Ef þú tilkynnir okkur ekki skriflega um andmælin telst þú hafa samþykkt viðkomandi breytingu/breytingar.

Breytingar á þessum skilmálum eða öðrum skjölum sem mynda samninginn verða ekki gildar og bindandi nema með skriflegu samkomulagi við okkur.

46. Réttur til framsals

Okkur er hvenær sem er og án samþykkis þíns heimilt að framselja einhver eða öll réttindi okkar eða skuldbindingar samkvæmt þessum samningi, að því tilskildu að við höfum sent þér skriflega tilkynningu þess efnis með minnst fjórtán (14) virkra daga fyrirvara. Þegar við framseljum réttindi og skyldur köllum við þetta „**skuldskeytingu**“. Þegar við framseljum einungis réttindi köllum við þetta „**framsal**“.

Ef einhver eða öll réttindi okkar og skyldur flytjast samkvæmt þessum samningi til annars aðila, veitir þú okkur leyfi til að millifæra fjármuni og gerninga viðskiptavinar á fjárfestingarreikningi þínum til þess aðila eða til einhvers sem tilnefndur er af þeim aðila. Við munum aðeins flytja fjármuni og gerninga viðskiptavinar á fjárfestingarreikningi þínum til annars aðila sem mun annaðhvort varðveita þá samkvæmt reglum LMFI og BoL eða aðila sem við höfum metið ítarlega og af kostgæfni með tilliti til þess hvort viðkomandi aðili muni beita fullnægjandi ráðstöfunum til að verja fjármuni og gerninga viðskiptavinarins sem varðveittir eru á

fjárfestingarreikningi þínum. Ef við hyggjumst gera þetta munum við tilkynna þér það skriflega með fjórtán (14) virkra daga fyrirvara og í kjölfar slíks flutnings mun viðkomandi arftaki veita þér nýja viðskiptaskilmála sem eiga við um vernd fjármuna og gerninga viðskiptavinar á fjárfestingarreikningi þínum, þar á meðal viðeigandi bótakerfi sem kann að eiga við.

Ef þú vilt ekki að fjármunir og gerningar viðskiptavinar á fjárfestingarreikningi þínum séu millifærðir samkvæmt samningnum átt þú rétt á að loka fjárfestingarreikningnum þínum og ljúka samningnum samkvæmt kafla 33 (Uppsögn og lokun fjárfestingarreiknings).

Þú getur ekki framselt eða yfirfært réttindi þín, skyldur eða hagsmuni með nokkrum hætti samkvæmt samningnum eða í tengslum við viðskipti, peninga eða gerninga sem eru í vörslu fyrir þig á nokkurn hátt.

47. Engin undanþága frá ákvæðum

Ef brotatilvik á sér stað í tengslum við þig og við framfylgjum ekki réttindum okkar samkvæmt þessum skilmálum eða tefjum framfylgd þeirra mun það ekki koma í veg fyrir að við framfylgjum þessum réttindum eða öðrum réttindum síðar.

48. Afsal ábyrgðar

Fjárfestingarkerfið, fjárfestingarþjónusta, Revolut-forritið og allar upplýsingar sem við veitum þér eru veitt „eins og þau koma fyrir“ og „eftir framboði“ og við getum ekki ábyrgst að þau verði án truflana, laus við villur, uppfylli einstaklingsbundnar kröfur þínar eða séu samhæf vélbúnaði þínum eða hugbúnaði á annan hátt en fram kemur í þessum skilmálum.

49. Gildandi lög og málshöfðun

Lög Lýðveldisins Litáens gilda um þessa skilmála og þennan samning. Mál sem höfðuð eru samkvæmt þessum skilmálum og samningi má sækja fyrir dómstólum í Lýðveldinu Litáen eða dómstólum í landinu þar sem þú býrð.

50. Hugverk

Þú viðurkennir að öll hugverk í afurðum okkar, meðal annars Revolut-kennimerkið og efnið í Revolut-forritinu, Revolut-vefsvæðinu og á Terminalinn, eru í eigu móðurfélags

okkar, Revolut Ltd., fyrirtæki með réttarstöðu lögaðila á Englandi og í Wales með fyrirtækjanúmer 08804411, með skráða skrifstofu að 7 Westferry Circus, Canary Wharf, London, E14 4HD, Bretlandi. Þessi hugverkaréttur er notaður af okkur og öðrum fyrirtækjum í Revolut-samstæðunni. Þú mátt ekki nota þetta hugverk sem þitt eigið, nema til að nota fjárfestingarkerfi okkar og fjárfestingarþjónustu, og þú ættir ekki að grípa til neinna aðgerða sem brjóta í bága við eða hafa skaðleg áhrif á hugverkaréttindi okkar eða Revolut Ltd. með öðrum hætti. Þú mátt ekki vendismiða (sem þýðir að endurskapa eftir nákvæma skoðun á byggingu eða samsetningu), bakþýða, afrita, breyta eða búa til afleidd verk sem byggjast á einhverri vöru okkar.

Gjaldskrá

Þessi gjaldskrá á aðeins við um **einstaklinga**. Þóknunin sem þú kannt að þurfa að greiða okkur í tengslum við fyrirmæli þín fer eftir tegund fjárgernings sem þú ætlar að eiga viðskipti með, hámarkstegund áskriftar þinnar (ef við á) og gjaldmiðli landsins sem þú býrð í. Þetta köllum við „**grunngjaldmiðil**“.

Skuldabréf og aðrir skuldagerningar

Óháð takmörkum sem gilda um áskrift þína, ef þú stofnar til viðskipta í tengslum við skuldabréf eða aðra skuldagerninga sem eru í boði í fjárfestingarkerfinu greiðir þú breytilegt gjald af hverri færslu sem verður hærra en 0,25% af upphæðinni sem gefin eru fyrirmæli um, eða lágmarksgjaldið fyrir viðkomandi land sem tilgreint er hér á eftir, eða 0,12% af upphæðinni sem gefin eru fyrirmæli um, ef þú ert Trading Pro-viðskiptavinur sem hefur samþykktskilmála Trading Pro. Þetta þýðir í raun að engin viðskipti án þóknunar í tengslum við skuldabréf eða aðra skuldagerninga verða í boði.

Skráð hlutabréf, kauphallarafurðir, skuldabréf og aðrir skuldagerningar

Ef þú átt í viðskiptum með hlutabréf í skráðum hlutafélögum, hlutdeildarskírteini í kauphallarafurðum, skuldabréf eða aðra skuldagerninga sem eru í boði í fjárfestingarkerfinu fer þóknunin sem þú greiðir eftir áskriftarleið þinni.

Premium-, Metal- og Ultra-áskriftarleiðir innifela ákveðinn fjölda þóknunarlausra viðskipta á mánuði, byggt á þeim takmörkum sem gilda fyrir hverja áskriftarleið. Þegar þú ferð yfir þessi mörk áskriftarleiðarinnar mun þóknun leggjast á hver viðbótarviðskipti.

Ef þú ert með Standard- eða Plus-áskriftarleið mun þóknun leggjast á öll viðskipti með skráð hlutabréf, kauphallarafurðir, skuldabréf eða aðra skuldagerninga, þar sem þessar áskriftarleiðir innifela engin þóknunarlaus viðskipti.

Upphafs- og endurstillidagar mánaðarlegrar greiðslu samræmast reikningsshringrás áskriftaráætlunar þinnar.

Sundurliðun á því sem er innifalið og því sem er ekki innifalið í hámarki áskriftarinnar í tengslum við viðskipti með skráð hlutabréf, kauphallarafurðir, skuldabréf eða aðra skuldagerninga er að finna í töflunni hér að neðan:

Tegund reiknings	Plan Hámark áskriftar
Premium	5 þóknunarlaus viðskipti á mánuði með skráð hlutabréf, kauphallarafurðir, skuldabréf eða aðra skuldagerninga, og eftir það leggst viðeigandi þóknun á hver viðskipti.
Metal og Ultra	10 þóknunarlaus viðskipti á mánuði með skráð hlutabréf, kauphallarafurðir, skuldabréf eða aðra skuldagerninga, og eftir það leggst viðeigandi þóknun á hver viðskipti.

Þegar þú hefur farið yfir mörk áskriftarleiðar þinnar (ef áskriftarleiðin þín innifelur slík mörk), muntu greiða gjald af hverjum viðskiptum með skráð hlutabréf, kauphallarafurðir, skuldabréf eða aðra skuldagerninga. Þetta gjald mun samsvara föstu gjaldi að upphæð 1,00 EUR (eða jafngildi þess í USD) eða því lágmarksgjaldi sem gildir sérstaklega fyrir hvert land eins og tilgreint er hér að neðan, háð því í hvaða landi þú átt lögheimili.

Í þessum skilmálum köllum við það fasta gjald sem greiða þarf fyrir viðskipti með hlutabréf, kauphallarafurðir og skuldabréf eða aðra skuldagerninga „**þóknun**“. Þóknunin verður hins vegar innheimt þegar fyrirmælin eru framkvæmd. Þóknunargjaldið verður innheimt í USD eða EUR eftir því hvaða gerning þú vilt eiga viðskipti með og með því að nota gengi gjaldmiðla á þeim tíma sem fyrirmælin eru móttækin.

Fyrir ákveðnar gjaldgengar kauphallarafurðir innan fjárfestingaráætlunar okkar geturðu lagt fram kauppöntun (stök kaup eða regluleg kaup) án þess að vera rukkaður um þóknun, jafnvel þótt slík pöntun fari yfir mánaðarleg mörk áskriftarleiðar þinnar (ef við á). Þú gætir samt sem áður þurft að greiða önnur gjöld og kostnað, svo sem stjórnunarlaun og kostnað sjóðsstýringarinnar sem gilda um viðkomandi fjármálagerning, eins og tilgreint er í viðeigandi lykilupplýsingaskjali (KID) eða útboðslýsingu.

Lágmarksgjöld fyrir tiltekin lönd eru sem hér segir:

- Evrusvæðið og Ísland* 1,00 EUR

*Vinsamlegast athugið að fyrir Ísland mun jafngild lágmarksgjald í ISK breytast eftir sveiflum í gengi.

Lágmarksgjald fyrir tiltekið land á mögulega ekki við um ákveðin viðskipti Trading Pro-viðskiptavina sem hafa samþykkt skilmála Trading Pro.

Bandarísk innlánsskírteini

Bandarísk innlánsskírteini (hvert og eitt „**bandarískt innlánsskírteini**“) sem eru í boði í fjárfestingarkerfinu eru yfirleitt með reglubundnu gjaldi. Þetta er gjald sem bandarískir vörslubankar og vörsluaðilar innheimta í tengslum við eignaraðild bandarískra innlánsskírteina. Vörsluaðilar og bankar vörsluaðila innheimta þessi gjöld af miðlurum sem taka þátt, eða okkur sjálfum (eftir því sem við á), og koma þessum gjöldum síðan til þín. Nánari upplýsingar um bandarísk innlánsskírteini er að finna í [algengar spurningar](#).

Bandarísk innlánsskírteini fela í sér vörslugjöld og -þóknanir sem eru lögð á reglulega. Að öllu jöfnu eru þessi gjöld innheimt einu sinni á ári, en það fer eftir tegund viðkomandi bandarískra innlánsskírteina. Hægt er að draga gjaldið frá greiddum arði eða af sjóðsstöðu á fjárfestingarreikningi þínum.

Að auki kunna arðgreiðslugjöld, gjöld vegna breytinga á hlutfalli og niðurfellingargjöld að vera innheimt fyrir sum bandarísk innlánsskírteini. Gjöld bandaríks innlánsskírteinis eru mismunandi eftir bandarísku innlánsskírteini og geta breyst með skömmum fyrirvara.

Frekari upplýsingar um viðeigandi ADR-gjöld eru í [Upplýsingar um fyrirframgreiddan kostnað og gjöld](#).

Eftirlitsgjöld

Tiltekin eftirlitsgjöld eru lögð á viðskipti með skráð hlutabréf í Bandaríkjunum af eftirlitsaðilum á borð við Verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna („**SEC**“) og nefnd um reglur fyrir fjármálageirann („**FINRA**“). Þau eru lögð á fjárfestingarfyrirtæki sem stunda hlutabréfaviðskipti.

Þegar það á við verða álögð gjöld innheimt af sölufyrirmælum og þeim haldið eftir af sölutekjunum þínum.

Skattur á fjármálaviðskipti („**FTT**“) er lagður á öll viðskipti með kaup og sölu tiltekinna fjármálagerna sem gefnir eru út í ákveðnum aðildarríkjum ESB, svo sem skráð hlutabréf í ESB. Með fjármálaviðskiptaskatti er tiltekið hlutfall af verðmæti eignarinnar,

sem er breytilegt eftir því í hvaða aðildarríki ESB gerningurinn er gefinn út, greitt í sköttum þegar verslað er með hana. Fjármálaviðskiptaskattur er aðeins notaður fyrir tiltekna fjármálagerninga sem gefnir eru út í ákveðnum löndum ESB. Við munum halda eftir eða draga fjármálaviðskiptaskatt af upphæð kaupfyrirmæla þinna eða sölutekjum og greiða hann til viðeigandi skattyfirvalda fyrir þína hönd.

Öll viðeigandi eftirlitsgjöld sem lögð eru á af hvaða eftirlitsstofnun sem er verða send aftur til þín eftir því sem við á. Frekari upplýsingar um þessi gjöld er að finna **hér**.

Frekari upplýsingar um viðeigandi eftirlitsgjöld eru í [Upplýsingar um fyrirframgreiddan kostnað og gjöld](#) og þessum algengu spurningum.

Flutningur gerninga

Útgöngufærslur þar sem þú flytur fjármálagerninga þína af fjárfestingareikningi þínum yfir á vettvang þriðja aðila eru háðar gjaldi að upphæð **35 USD** fyrir hverja stöðu sem flutt er. Gjaldið sem greitt er fyrir útflutninginn birtist í Revolut-forritinu áður en þú sendir fyrirmælin um flutning gerningsins.

Umreikningur gjaldmiðils

Við munum ekki innheimta nein gjöld vegna gjaldeyrisskipta fyrir umreikning gjaldmiðilsins. Ef mögulegt er verður gengið sýnt í Revolut-forritinu áður en þú skiptir gjaldmiðlinum. Þegar við innheimtum gjöldin í mismunandi gjaldmiðlum notum við eða tilboðsaðili Revolut-reikningsins það gengi sem er í gildi á þeim tíma. Þú getur séð raungengið í Revolut-forritinu.

Athugaðu að gjaldmiðlaskiptaþjónusta sem fer fram áður en þú millifærir fjármuni þína á fjárfestingarreikninginn þinn er veitt þér í gegnum tilboðsaðila Revolut-reikningsins á tilgreindum reikningi þínum. Tilboðsaðili Revolut-reikningsins notar Revolut-gengið (eins og lýst er í persónulegu skilmálunum) og getur bætt við skiptagjaldi miðað við áskriftarleiðina þína og dagsetningu skiptanna. Fáðu frekari upplýsingar [hér](#).

Gjaldeyrisskipti sem fara fram í tengslum við að bæta fjármunum við fjárfestingarreikninginn þinn teljast með upp að mörkum sanngjarnrar notkunar fyrir skipti ef þú ert Standard- eða Plus-viðskiptavinur, en ekki ef þú ert Premium, Metal eða Ultra-viðskiptavinur.

Skuldir þínar við okkur og ráðstöfunarupphæðir

Í öllum tilvikum, þegar þú ert ekki með ráðstöfunarupphæðir á fjárfestingarreikningnum þínum til að standa undir skuldinni sem þú skuldar okkur, sem stafar af því að við veitum þér fjárfestingarþjónustu, munum við draga upphæðina frá Revolut-viðskiptareikningnum þínum. Ef engar ráðstöfunarupphæðir

eru til staðar á Revolut-viðskiptareikningnum þínum gætum við innleyst suma eða alla gerningana þína til að standa undir þeirri upphæð sem þú skuldar okkur. Þú verður að hafa í huga að sala hluta eða allra gerninga þinna gæti haft skattaleg áhrif á þig.

Með því að samþykkja þessa skilmála samþykkir þú að við getum, og þú veitir okkur heimild til að fyrirskipa tilboðsaðila Revolut-reikningsins þíns að draga þá upphæð sem þú skuldar okkur af Revolut-viðskiptareikningnum þínum ef þú ert ekki með ráðstöfunarupphæð tiltæka á fjárfestingarreikningnum þínum.

Aðrar Revolut-afurðir

Gjöld og þóknanir sem eiga við um aðrar fjárfestingarafurðir sem við bjóðum upp á má finna í viðkomandi skilmálum þessara afurða og í [upplýsingum um fyrirframgreiddan kostnað og gjöld](#).

Áætlun um sveigjanlega peningamarkaðssjóði

Þessi áætlun gildir fyrir þig ef þú fjárfestir í sveigjanlegum peningamarkaðssjóðum okkar (áður einnig nefnt sveigjanlegur reikningur). Þessi áætlun gengur framfar fyrirnefndum ákvæðum í skilmálunum að því er varðar ósamræmi.

1. Kynning á sveigjanlegum peningamarkaðssjóðum

Sveigjanlegu peningamarkaðssjóðirnir eru fjárfestingarafurð. Þessi afurð gerir þér kleift að fjárfesta í Fidelity Institutional Liquidity Fund plc, fjárfestingarfyrirtæki sem er skipulagt í formi regnhlífarsjóðs, sem samanstendur af mörgum undirsjóðum. Hver þessara undirsjóða er kallaður „sjóður“ og saman kallast þeir „**Sjóðir**“. Hver sjóður hefur sína eigin fjárfestingarstefnu og markmið, hann hefur aðgreinda ábyrgð og stendur fyrir sérstakt eignasafn.

Þú getur fjárfest í einhverjum eða öllum sjóðum sem við kunnum að bjóða þér í gegnum Revolut-forritið með því að kaupa hlut í sjóði sem endurspeglar þátttöku þína í og tengdan rétt þinn til höfuðstóls þess sjóðs sem tengist fyrirmælum þínum. Þú getur fundið nánari upplýsingar í útboðslýsingunni eða viðbótarskjölum sem tengjast hverjum sjóði, sem innihalda allar viðeigandi upplýsingar sem þú þarft til að taka upplýsta ákvörðun um hvort þú vilt fjárfesta í sjóði. Áður en þú fjárfestir í sjóði verður þú að lesa lykilupplýsingaskjalið fyrir þá fjárfestingu sem þú valdir. Þetta hjálpar þér að meta hvort fjárfesting í viðkomandi sjóði henti þér eða ekki og mun fela í sér lýsingu á áhættunni sem henni fylgir. Þú getur fengið aðgang að útlýsingunni, lykilupplýsingaskjalinu, sem og öllum árlegum og hálfárslegum skýrslum sjóðanna í

gegnum fjárfestingarkerfið, og óskað eftir þessum gögnum án endurgjalds í gegnum skilaboðaeiginleika Revolut-forritsins.

Með því að leggja fram fyrirmæli um að fjárfesta í sjóði staðfestir þú að þú hafir lesið og skilið lykilupplýsingaskjalið sem var gert fyrir viðkomandi fjárfestingu.

Þrátt fyrir að sjóðirnir séu ekki tryggð fjárfesting og að upphæðin sem þú fjárfestir með gæti sveiflast bæði upp og niður eru sjóðirnir peningamarkaðssjóðir sem teljast kostir fyrir skammtímasparnað, sem veita þér stað til að ávaxta peningana þína tímabundið. Sjóðirnir sem við bjóðum upp á í Revolut-forritinu eru „peningamarkaðssjóður með stöðugu innlausnarvirði í ríkisskuldum“ („**sjóður með innlausnarvirði í ríkisskuldum**“) og „peningamarkaðssjóður með lítið flökt í innra virði“ („**sjóður með lítið flökt í innra virði**“). Sjóður með innlausnarvirði í ríkisskuldum gerir þér kleift að kaupa og selja hlutabréf á föstu verði sem breytist ekki. Sjóður með lítið flökt í innra virði leitast við að viðhalda stöðugu verðmæti hreinnar eignar, sem þýðir að virði hvers hlutar í sjóðnum helst stöðugt, jafnvel þótt það séu sveiflur á markaði, nema ef tilvik sem kallast „**markaðsumhverfi undir álagi**“ eigi sér stað. Markaðsumhverfi undir álagi er lýst yfir af sjóðsstjóra og er lýst nánar í kafla 6 (Uppgjör) í þessari áætlun og í útboðslýsingu sjóðanna. Í slíkum tilvikum helst kaup- og söluverð hlutabréfa í sjóði með lítið flökt í innra virði ekki stöðugt.

Föst og stöðug verð á hlutabréfum sjóðanna nást með því að fjárfesta í hágæða eignum sem eru ekki eins viðkvæmar fyrir sveiflum á markaði. Við köllum fjárfestingarþjónustuna sem við veitum þér í tengslum við sveigjanlegu peningamarkaðssjóðina samkvæmt þessum skilmálum „**þjónustuna**“ og hvern undirreikning fjárfestingarreikningsins sem notaður er til að fjárfesta í tilteknum sjóði nefnum við „**eignasafn**“. Þú getur verið með mörg eignasöfn til að fjárfesta í sama sjóðnum.

Til að setja upp eignasafn/-söfn fyrir sveigjanlega peningamarkaðssjóði og nota þjónustuna þarft þú fyrst að eiga fjárfestingarreikning hjá okkur. Ef fjárfestingarreikningi þínum er lokað muntu ekki lengur geta notað þjónustuna samkvæmt samningnum. Tilgreindur reikningur þinn er notaður til að framkvæma greiðslur og taka við greiðslum inn og út af eignasafni/-söfnum þínum. Þegar þú notar fjárfestingarþjónustuna munum við sjá til þess að viðkomandi tilboðsaðili Revolut-reiknings greiði inn á hana eða taki út af henni.

Fjárfestingar þínar eru skráðar í eignasafnið eða eignasöfnin. Í gegnum eignasafn þitt getur þú lagt fram fyrirmæli hjá okkur án þess að mælt sé með því, sem við gætum sent til „**sjóðsstjóra**“, þ.m.t. í þeim tilgangi að sjóðsstjóri sendi þau áfram til

Þjónustuaðila sem sjóðsstjóri hefur falið framkvæmd fyrir mæla fyrir þína hönd. Notkun á eignasafninu þínu takmarkast við að leggja fram fyrir mæli í sjóðina. Þú getur ekki notað eignasafnið þitt til að eiga viðskipti með aðra gerninga sem þú gætir fundið í gegnum fjárfestingarkerfið. **Farið verður með alla fjármuni sem þú fjárfestir í eða tekur út úr eignasafni/-söfnum sveigjanlegra peningamarkaðssjóða sem fyrir mæli um kaup eða sölu hlutabréfa í sjóðnum sem þú velur.**

2. Fyrir mæli og viðskipti

Fyrir mæli eru skipanir frá þér um að kaupa eða selja hlutabréf í sjóði sem þér býðst í gegnum Revolut-forritið. Með því að bæta peningum inn á eignasafn/-söfn sveigjanlegra peningamarkaðssjóða gefur þú okkur fyrir mæli um að kaupa hlutabréf í viðkomandi sjóði að eigin vali á verðmati næsta viðskiptadags. Á sama hátt, ef þú ákveður að taka peninga út úr eignasafninu þínu, gefur þú okkur fyrir mæli um að selja hlutabréf í viðkomandi sjóði fyrir þá upphæð sem þú vilt taka út við verðmat næsta viðskiptadags. Þú getur lagt inn kaup- og sölufyrir mæli hvenær sem er í gegnum Revolut-forritið. Við framkvæmum aðeins fyrir mæli samdægurs ef þau eru lögð fram áður en viðskiptatíminn rennur út á viðskiptadegi.

Með „viðskiptadegi“ er átt við dag þegar bankar eru opnir fyrir hefðbundin bankaviðskipti í London (að undanskildum laugardögum og sunnudögum) sem er einnig hefðbundinn bankadagur í tilgreindri mynt sjóðanna. Í þessari áætlun hefur virkur dagur sömu merkingu og viðskiptadagur. Lokunartími viðskipta er kl. 10:00 EET (tímabelti í Litáen). Fyrir mæli sem send eru til framkvæmdar eftir lokunartíma viðskipta verða sjálfkrafa færð yfir á næsta viðskiptadag til framkvæmdar.

Sjóðirnir sem við kunnum að bjóða þér í gegnum Revolut-forritið eru almennt verðlagðir einu sinni á hverjum viðskiptadegi. Verðið er byggt á virði hreinnar eignar („NAV“) undirliggjandi eignarhluta deilt með fjölda útgefinna hluta. Viðskipti með slíka sjóði fara fram á grundvelli framvirks verðs, sem þýðir að kaup- eða sölufyrir mæli eru lögð fram á næsta tiltæka verðmatspunkti. Af þessum sökum birtum við framkvæmdarverðið eftir að þú leggur fram fyrir mæli í gegnum Revolut-forritið. Verð hlutabréfs í sjóði er ekki eitthvað sem við getum stjórnað en það ákvarðar fjölda hlutabréfa sem þú færð fyrir framkvæmd fyrir mæli. Þegar þú leggur fram fyrir mæli í gegnum Revolut-forritið (þ.e. þegar þú bætir peningum við eða tekur þá út úr eignasafni þínu) teljast fyrir mæli þín vera tilboð um að stofna til viðskipta við okkur samkvæmt verðmati sjóðsins næsta viðskiptadag.

Við gerum okkar besta til að tryggja að fyrir mælin séu send án tafar til sjóðsstjóra til framkvæmdar en hins vegar berum við enga ábyrgð á hraða eða tímasetningu slíkrar

framkvæmdar á fyrirmælum af hálfu sjóðsstjóra.

3. Afgangsklink

Þú getur sett upp afgangsklinkseiginleikann okkar til að fjármagna sjálfkrafa tiltekið eignasafn. Við köllum þennan eiginleika „**afgangsklink fyrir sveigjanlega peningamarkaðssjóði**“.

Ef þú setur upp afgangsklinkseiginleikann fyrir sveigjanlega peningamarkaðssjóði verður andvirði kaupa sem gerð eru með Revolut-debetkortinu þínu námundað eftir gjaldmiðli viðskiptanna sem hér segir:

- PLN og RON - námundað að næsta margfeldi af 5
- CZK, DKK, NOK, SEK og ZAR - námundað að næsta margfeldi af 10
- HUF og JPY - námundað að næsta margfeldi af 100
- Allir aðrir studdir gjaldmiðlar - námundað að næstu heilu tölu

Námundaða upphæðin verður flutt í eignasafnið þitt og farið með hana sem fyrirmæli um kaup á hlutabréfum í viðkomandi sjóði. Við köllum þessa upphæð „afgangsklinksupphæð“. Hafðu í huga að afgangsklinkseiginleikinn fyrir sveigjanlega peningamarkaðssjóði er ekki í boði fyrir Revolut-kreditkort.

Þú getur valið eignasafnið sem þú vilt fjármagna og notað afgangsklinkshraðalinn okkar til að margfalda afgangsklinksupphæðina allt að 10 sinnum.

Með því að setja upp afgangsklinkseiginleikann fyrir sveigjanlega peningamarkaðssjóði veitir þú okkur heimild til að gefa tilboðsaðila Revolut-reikningsins fyrirmæli um að millifæra afgangsklinksupphæðina af Revolut-viðskiptareikningnum þínum yfir í eignasafn sem þú hefur valið í hvert skipti sem þú greiðir fyrir kaup með Revolut-debetkortinu þínu, án frekari leiðbeininga frá þér. Þú veitir einnig heimild fyrir því að viðkomandi tilboðsaðili Revolut-reiknings geti skuldfært á Revolut-viðskiptareikninginn þinn í samræmi við fyrirmælin frá okkur. Þú getur gert hlé á eða hætt að nota afgangsklinkseiginleikann fyrir sveigjanlega peningamarkaðssjóði hvenær sem er.

Ef eignasafnið þitt er tilgreint í öðrum gjaldmiðli en viðskiptin þín verður afgangsklinksupphæðin umreiknuð í grunngjaldmiðil viðkomandi eignasafns. Millifærslur afgangsklinksupphæða yfir í eignasafnið þitt gætu því verið háðar gjaldinu vegna umreiknings gjaldmiðils sem tilboðsaðili Revolut-reikningsins leggur á.

4. Ávöxtun

Þegar þú setur upp eignasafn/-söfn fyrir sveigjanlega peningamarkaðssjóði hjá okkur gætir þú séð árlega ávöxtunarprósentu („**APY**“) sem þú gætir unnið þér inn þegar þú notar þjónustu okkar í Revolut-forritinu, sem er sýnd að frádregnum gjöldum.

Ávöxtunin getur breyst, hún er reiknuð daglega af sjóðsstjóra miðað við árangur sjóðsins og við höfum ekki stjórn á henni. Ávöxtunarfjárhæðin sem við birtum í Revolut-forritinu sýnir raunávöxtun fjárfestinga sem stofnað var til fyrir lokunartíma á viðskiptadeginum á undan. Afkoma sjóðsins á síðustu árum er ekki vísbending um hvernig sjóðurinn muni standa sig í framtíðinni.

Hugsanlega getum við ekki greitt inn á tilgreindan reikning þinn neina ávöxtun af hlutabréfum þínum sem nemur minna en 0,01 evrum eða jafngildi gjaldmiðilsins, eftir því í hvaða sjóði þú hefur fjárfest. Í þessum tilgangi myndu slíkar fjárhæðir teljast til peninga viðskiptavinarins og væru tryggðar á peningareikningi viðskiptavinarins.

Hlutabréf þín í sjóðnum eða sjóðunum munu safna ávöxtun daglega og þú getur alltaf skoðað ávöxtunina sem reiknuð var fyrir fyrri viðskiptadag í Revolut-forritinu. Þrátt fyrir að ávöxtunin sé aðeins greidd út af sjóðsstjóranum einu sinni í mánuði getum við, þótt okkur beri engin skylda til þess, gert ávöxtun sem safnað hefur verið yfir viðkomandi mánuð aðgengilega fyrir þig til að taka út. Athugaðu þó að ávöxtun mánaðarins verður aðeins greidd út á Revolut-viðskiptareikning þinn eftir að þú hefur selt öll hlutabréf þín í viðkomandi sjóði. Þangað til verða öll fyrirmæli um að taka fjármuni út úr eignasafni sveigjanlega peningamarkaðssjóðsins þíns talin vera fyrirmæli um að selja viðkomandi magn af hlutabréfum í sjóðnum.

5. Sjálfvirk endurfjárfesting ávöxtunar

Ávöxtun sem er ekki tekin út í lok mánaðar er sjálfkrafa endurfjárfest í sama sjóði fyrir þína hönd. Við munum venjulega endurfjárfesta alla uppsafnaða ávöxtun fyrir mánuðinn á undan á öðrum virkum degi næsta mánaðar, í sama sjóði eða sömu sjóðum og greiddu ávöxtunina. Lágmarksupphæð sem uppfyllir skilyrði fyrir endurfjárfestingu á uppsafnaðri ávöxtun er 0,01 evra eða jafngildi gjaldmiðils eftir því í hvaða sjóði þú hefur fjárfest.

6. Uppgjör

Við munum sjá til þess að tilboðsaðili Revolut-reikningsins dragi frá allar upphæðir af Revolut-viðskiptareikningnum þínum sem þarf til að framkvæma greiðslu á öllum

fyrirmælum sem þú sendir í gegnum Revolut-forritið. Við venjulegar markaðsaðstæður helst virði hreinnar eignar (NAV) hlutabréfs í sjóði yfirleitt stöðugt. Í slíkum tilvikum þegar þú leggur fram fyrirmæli um að kaupa hlutabréf áður en viðskiptum lýkur á viðskiptadegi munu kaup þín á hlutabréfum vera gerð upp næsta viðskiptadag. Þetta köllum við „**uppgjörsgdag**“. Uppgjör getur aðeins farið fram á viðskiptadegi. Í aðstæðum þar sem markaðsumhverfi er undir álagi getur upphæðin sem þú þarft að greiða fyrir fyrirmæli í tengslum við sjóð með lítið flökt í innra virði breyst ef fyrirmælin eru að lokum framkvæmd af sjóðsstjóranum á verði sem er annað en stöðugt virði hreinnar eignar við venjulegar markaðsaðstæður. Í slíkum tilvikum getur verið að þú fáið færri hluti í viðkomandi sjóði en upphaflega var gert ráð fyrir þrátt fyrir að við krefjumst kannski ekki viðbótarfjármagns til að gera upp framkvæmdu fyrirmælin á uppgjörsgdegi. Markaðsumhverfi undir álagi telst til undantekningartilvika og á sama hátt og tímabundin frestun getur aðeins sjóðsstjóri lýst þeim yfir.

Hafðu í huga að hlutabréf þín í viðkomandi sjóði byrja aðeins að bera ávöxtun á uppgjörsgdegi á viðkomandi dagverði. Uppgjör getur tafist vegna álags á markaði eða tímabundinnar frestunar.

Ef þú leggur fram fyrirmæli um að selja hlutabréf í sjóði í gegnum Revolut-forritið og þú átt inni söluhagnað vegna sölnnar munum við líta á það sem fyrirmæli þín til okkar um að greiða andvirði þess hagnaðar inn á tilgreindan reikning þinn.

Ef þú ert **lögaðili** verður allur söluhagnaður færður inn á Revolut-viðskiptareikninginn þegar fyrirmæli þín um að selja viðkomandi hlutabréf hefur verið gerð upp.

Ef þú ert **einstaklingur** skaltu hafa í huga að söluandvirði getur verið fært á tilgreint reikning þinn jafnvel þó sala hlutabréfa þinna hafi ekki verið endanlega afgreidd. Í slíku tilviki, þegar staðfesting á afgreiðslu berst frá sjóðstjóra, munum við telja pöntun þína fullkomlega afgreidda og söluandvirðið á reikningi þínum talið vera lokagreiðsla fyrir sölu. Hins vegar, ef við færum söluandvirði hluta þinna á tilgreint reikning en sjóðstjóri staðfestir ekki gengiuppgjörsg pöntunar þinnar, eða ef staðfesta upphæðin er lægri en sú upphæð sem færð var á reikninginn, ber þér að greiða okkur mismuninn milli þeirrar upphæðar sem færð var á tilgreinda reikninginn og þeirrar upphæðar sem við fengum frá sjóðstjóra, ef einhver er. Þú samþykkir að við megum gefa út fyrirmæli til Revolut-reikningsveitunnar um að fella niður færsluna fyrir mismuninn milli greiddu og móttæknu fjárhæðarinnar, eða að öðrum kosti munum við draga fjárhæðina af Revolut-reikningi þínum. Þetta gildir þó ekki ef mismunurinn stafar af svikum okkar, ásetningsbroti eða gáleysislegri vanrækslu.

Við venjulegar markaðsaðstæður eru sölufyrirmæli yfirleitt gerð upp á sama hátt og kaupfyrirmæli. Til dæmis ef þú leggur inn sölufyrirmæli fyrir lokunartíma viðskipta á viðskiptadegi mun uppgjör almennt eiga sér stað innan eins (1) viðskiptadags. Hins vegar, ef sjóðsstjórinn lýsir yfir markaðsumhverfi undir álagi eða tímabundinni frestun, getur uppgjör söluhagnaðar tafist og verðmæti hlutabréfa þinna í viðkomandi sjóði getur lækkað.

Við munum gera allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja að kaup á hlutabréfum eða að söluhagnaði sem fæst við uppgjör á framkvæmdum fyrirmælum sé komið til skila á réttan hátt og án tafar á tilgreindan reikning þinn.

Við berum ekki ábyrgð á neinu tapi sem þú verður fyrir vegna yfirlýsingar sjóðsstjórans um markaðsumhverfi undir álagi eða tímabundna frestun nema vegna svika okkar, vísvitandi athæfis eða vítaverðs gáleysis.

7. Greiðsla vegna fyrirmæla

Þegar þú fjárfestir með peningum í eignasafni/-söfnum sveigjanlegra peningamarkaðssjóða munum við sjá til þess að tilboðsaðili Revolut-reikningsins dragi þá frá tilgreindum reikningi þínum. Þú getur aðeins fjárfest með peningum í eignasafni/-söfnum þínum þegar þú hefur valið sjóðinn sem þú vilt fjárfesta í. Ef þú leggur peninga inn í eignasafnið þitt munum við líta á það sem skipun um að leggja fram kaupfyrirmæli í viðkomandi sjóð fyrir alla upphæðina sem þú millifærðir við næsta tækifæri.

Ef gjaldmiðill sjóðsins er annar en grunngjaldmiðill tilgreinda reikningsins verður peningunum þínum skipt í gjaldmiðil sjóðsins samkvæmt fyrirmælum þínum. Kostnaður og gjöld í tengslum við umreikning gjaldmiðils og viðeigandi umreikningsgengi, sem og umreikningurinn sjálfur, eru ákvörðuð af tilboðsaðila Revolut-reikningsins og munu koma skýrt fram í Revolut-forritinu. Öll fyrirmæli sem þú leggur fram í gegnum Revolut-forritið til að kaupa eða selja hlutabréf í sjóði og öll viðskipti sem verða til vegna slíkra fyrirmæla verða framkvæmd og gerð upp í gjaldmiðli viðkomandi sjóðs; USD, EUR eða GBP. Verðmæti allra opinna staða verður birt í USD, EUR eða GBP í eignasafni/-söfnum þínum.

Ekki verður fjárfest fyrir neina peninga sem hafa verið fjárfestir í eignasafninu þínu eftir lokunartíma viðskipta á viðskiptadegi, sem síðan eru teknir út áður en lokunartími næsta viðskiptadags rennur út.

8. Úttektir

Þú getur tekið peninga út úr eignasafni sveigjanlegu peningamarkaðssjóðanna þinna hvenær sem er í Revolut-forritinu. Þegar þú tekur út peninga fyrir lokunartíma viðskipta á viðskiptadegi munum við vinna úr sölufyrirmælum í viðkomandi sjóði á verðmati næsta viðskiptadags, fyrir upphæðina sem þú vilt fá til baka.

Ef þú ert **einstaklingur** er okkur heimilt, þótt okkur beri engin skylda til þess, að skila hluta söluhagnaðar eða öllum söluhagnaðinum samstundis með því að millifæra hann á tilgreindan reikning þinn. Innstæðan sem þú átt í eignasafninu þínu myndi minnka sem nemur jafnvirði sölufyrirmæla þinna.

Eins og á við um kaupfyrirmæli framkvæmum aðeins sölufyrirmæli samdægurs ef þau eru lögð fram áður en viðskiptatíminn rennur út á viðskiptadegi.

Ef þú ert **einstaklingur** er okkur heimilt, þótt okkur beri engin skylda til þess, að láta þér hagnaðinn í té á tilgreindum reikningi þínum þegar þú tekur peninga út úr eignasafni þínu, áður en framkvæmd fyrirmæli þín eru gerð upp.

Ef þú ert **lögaðili** munum við leggja hagnaðinn inn á Revolut-viðskiptareikninginn þinn þegar þú tekur peninga út úr eignasafninu þínu um leið og við höfum móttengið hagnaðinn sem samþykktu greiðslu frá sjóðsstjóranum. Hafðu í huga að ef þú tekur peninga út úr eignasafninu þínu munu hlutabréfin sem þú átt í sjóðnum eða sjóðunum hætta að skila ávöxtun á viðkomandi uppgjörssdegi.

Ef þú ert einstaklingur hefði ávöxtun sem þú átt inni vegna mismunarins á uppgjörssdeginum og deginum sem þú lagðir inn úttektina þegar verið bætt við tilgreinda reikninginn þinn.

Ef þú ert lögaðili er okkur heimilt, þótt okkur beri engin skylda til þess, að leggja inn ávöxtun sem þú átt inni vegna mismunarins á uppgjörssdeginum og deginum sem þú lagðir inn úttektarfyrirmælin á Revolut-viðskiptareikninginn þinn.

Í tilvikum þar sem við leggjum vexti inn á Revolut-viðskiptareikninginn þinn en fáum ekki sömu fjárhæð frá sjóðsstjóranum berð þú ábyrgð á að greiða okkur mismuninn á fjárhæðinni sem lögð er inn á Revolut-viðskiptareikninginn og fjárhæðinni sem við fengum frá sjóðsstjóranum, ef einhver er. Þú samþykkir að við getum gefið tilboðsaðila Revolut-reikningsins þíns fyrirmæli um að bakfæra inneign með mismuninum á útborguðum og móttæknum fjárhæðum. Þetta á ekki við ef mismunurinn stafar af svikum, vísvitandi athæfi eða vítaverðu gáleysi af okkar hálfu.

Ef sjóðsstjóri hefur lýst yfir markaðsumhverfi undir álagi eða tímabundinni frestun í tengslum við einhvern eða alla sjóðina sem við bjóðum upp á í gegnum Revolut-forritið er hugsanlegt að þú getir ekki tekið út peningalegt verðmæti hlutabréfa í viðkomandi sjóði, í heild eða að hluta, eða þú gætir verið beðin(n) um að greiða gjald til að halda áfram með úttektina. Skoðaðu útboðslýsingu viðkomandi sjóðs ef þú vilt fá frekari upplýsingar um yfirlýsingu og áhrif álags á markaðsumhverfi eða tímabundna frestun í sjóðunum.

Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að tilkynna þér um það fyrirfram ef við fáum vitneskju um markaðsumhverfi undir álagi eða tímabundna frestun, en ef það er ekki gerlegt munum við láta þig vita eins fljótt og auðið er eftir það.

Við berum ekki ábyrgð á neinu tapi sem þú verður fyrir ef sjóðsstjóri lýsir yfir markaðsumhverfi undir álagi eða tímabundinni frestun og á hvaða tímabili sem er frá því að það átti sér stað eða yfirlýsingin var gefin út.

9. Kostnaður og gjöld

Við innheimtum árgjald fyrir að veita þér þjónustuna. Þetta köllum við „**þjónustugjald**“. Þjónustugjaldið samanstendur af „**Revolut-gjaldi**“ sem er greitt til okkar fyrir þjónustuna sem við veitum þér og „**þjónustugjaldi sjóðsins**“ sem er greitt til sjóðsstjórans, og er stöðugt gjald sem er reiknað sem hlutfall af verðmæti hlutabréfa sem þú átt í sjóðnum eða sjóðunum. Þjónustugjaldið er reiknað daglega og dregst sjálfkrafa frá daglegri ávöxtun sem þú færð af hlutabréfum þínum í sjóðnum eða sjóðunum.

Þú greiðir hugsanlega annað þjónustugjald þegar þú notar þjónustu okkar, allt eftir gjaldmiðli sjóðsins sem þú fjárfestir í og tegund áskriftar sem þú ert með hjá tilboðsaðila Revolut-reikningsins. Við munum alltaf sýna þér þjónustugjaldið sem er lagt á þig í tengslum við þjónustu okkar áður en þú leggur inn fyrirmæli í gegnum Revolut-forritið.

Árlegt þjónustugjald sjóðsins er ákveðið af og greitt til sjóðsstjóra til að standa straum af kostnaði sem stofnað er til í tengslum við sjóðina. Árlegt þjónustugjald sjóðsins er 0,03% af verðmæti hlutabréfa þinna í sjóðunum og er greitt mánaðarlega til sjóðsstjórans. Þjónustugjald sjóðsins er innifalið í þjónustugjaldinu sem birtist í Revolut-forritinu.

Nánari sundurliðun á þjónustugjaldi og öðrum gjöldum sem tengjast þjónustu okkar og sjóðunum er að finna í upplýsingunum um fyrirframgreiddan kostnað og gjöld.

Hér á eftir er yfirlit yfir þjónustugjald **einstaklinga**, þ.m.t. þjónustugjald sjóðsins, sem er innheimt eftir gjaldmiðli sjóðsins og áskriftarleið:

Gjaldmiðill sjóðs	Standard	Plus	Premium	Metal	Ultra
EUR	0.90%	0.75%	0.30%	0.15%	0.05%
GBP	1.25%	1.00%	0.50%	0.25%	0.10%
USD	1.50%	1.25%	0.75%	0.50%	0.15%

Hér á eftir er yfirlit yfir þjónustugjald **lögaðila**, þ.m.t. þjónustugjald sjóðsins, sem er innheimt eftir gjaldmiðli sjóðsins og áskriftarleið:

Gjaldmiðill sjóðs	Enterprise	Scale	Grow
EUR	0.25%	0.75%	0.95%
GBP	0.50%	1.00%	1.50%
USD	0.25%	1.00%	1.50%

Við tökum hvorki við né höldum eftir neinum gjöldum, þóknunum eða peningalegum eða ópeningalegum ávinningi frá þriðja aðila í tengslum við fjárfestingarþjónustu sem veitt er viðskiptavinum, nema í þeim tilvikum þar sem slíkar umbunargreiðslur eru veittar beint til viðskiptavina, svo sem í tengslum við fjárfestingarleiðir okkar fyrir fjárfestingaráætlanir. Frekari upplýsingar er að finna í upplýsingum um fyrirframgreiddan kostnað og gjöld.

Með því að gera samninginn veitir þú okkur yfirlýst samþykki þitt til að draga frá þjónustugjöld okkar, bakfæra inneignir, sem og að nýta okkur rétt okkar til skuldajöfnunar með því að draga upphæðir sem þú skuldar okkur af þeim upphæðum sem við áttum að greiða þér.